allt
Elma Dögg Gonzales:
*Gengur í skóm af ömmu sinni*
• heimili • tíska • ferðir
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Sigurbjörn Þorkelsson:
*Bað fyrir nýráðnum fréttastjóra*
• í beinni á talstöðinni
SÍÐA 47 ▶






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. mars 2005 – 74. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

FIMMTUDAGUR



**SÉRSAMNINGAR VIÐ KENNARA** Reykjavíkurborg ætlar að gera sérsamning við kennara í Norðlingaholti. Garðabær hefur þegar lagt drög að sérsamningi fyrir samstarfsnefnd KÍ og launanefndarinnar. Fimm grunnskólar í Reykjavík hafa sýnt sérsamningum áhuga. **Sjá síðu 2**

**SPILLINGARHNEYKSLI** Spilling er svo mikil í Írak að uppbyggingarstarfið er talið geta orðið eitt mesta spillingarhneyksli sögunnar. Mútugreiðslur og spilling eru vandamál alls staðar í heiminum. **Sjá síðu 4**

**UMDEILT FORM** Ágreiningi sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um rekstrarform RÚV lauk með því að stofnunin verður gerð að sameignarfélagi. Lögfræðingar segja það ekki standast lög um eignarrétt og félagarétt. Menntamálaráðherra segir sérlög ofar almennum lögum. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGT HLÝNANDI Á LANDINU** Talsvert hvasst víða um land í kvöld. Snjókoma eða slydda syðra en stöku él norðan til. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**DJASS Á BORGINNI** Djasskvintettinn Steinarnir kemur fram á tónleikum djassklúbbsins Múlans í gyllta sal Hótels Borgar klukkan 21 í kvöld.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 32 |

Fjöldi lesenda á fimmtudögum*




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.

# Tekur aðeins á skammtímavanda

**Samkomulag það sem náðst hefur í tekjustofnanefnd ríkis og sveitarfélaga er óásættanlegt að mati Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra í Hafnarfirði sem skilar séráliti. Félagsmálaráðherra kynnir samkomulagið í dag.**

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Þó að einhverjir sveitarstjórnarmenn séu tilbúnir að skrifa upp á þennan samning þá er mikil almenn óánægja með þessa niðurstöðu,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. Lúðvík er einn fulltrúa sveitarfélaga í tekjustofnanefnd ríkis og sveitarfélaga en félagsmálaráðherra kynnir niðurstöður hennar á Alþingi í dag.

Lúðvík segist óhress með þær bráðabirgðalausnir sem felist í tillögunum og skilar séráliti. „Að mínu viti ganga þessar hugmyndir alls ekki nógu langt. Stefna sveitarfélaganna var sú þegar gengið var til borðs að ná fram réttlæti og eðlilegri tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Bæta þannig slæman hag sveitarfélaganna þannig að máli skipti til framtíðar en ekki til bráðabirgða. Hér horfa menn aðeins til næstu tveggja til þriggja ára.“

Lúðvík segir fleiri vera vonsvikna með störf nefndarinnar enda hafi verið meira kapp en forsjá í mörgum þeim sveitarstjórnarmönnum sem skrifuðu undir samninginn. „Þegar menn horfa til uppstokkunar á sveitarstjórnarstiginu, fækkun sveitarfélaga, tilfæringu enn fleiri og stærri verkefna til sveitarfélaganna þá verður að byggja grunninn í upphafi með þeim hætti að auðvelt sé að stíga næstu skref. Þessi litli áfangi sem nú er samkomulag um breikkar ekki að mínu viti almennan tekjustofn sveitarfélaganna.“

Samkomulagið felur meðal annars í sér að sveitarfélögin fá ekki að hækka útsvar umfram 13,03 prósent.

Fram kemur á vef Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra á Ísafirði, að þó útkoman standist ekki væntingar þær er sveitarfélögin hafi gert í upphafi hafi engu að síður tekjuaukning náðst og sérstaklega eigi það við um þau sveitarfélög sem glími við erfiðan rekstur.

Ekki náðist í Árna Magnússon félagsmálaráðherra í gærkvöldi.

**-aöe/gag**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**MÓTMÆLTU HANDTÖKU FERÐAMANNS** Nokkur ungmenni tóku sér stöðu fyrir framan Alþingi í gær til að mótmæla því að ungur ítalskur námsmaður var handtekinn fyrir nokkru vegna þess að öryggisvörðum Alþingis þótti hann grunsamlegur þar sem hann myndaði þinghúsið. Af látbragði fólksins í gær mátti lesa að því þætti handtakan til marks um að Ísland væri bananalýðveldi.

Krókur á móti bragði í hluthafahópi Kers:

# Ólafur nær meirihluta í Keri

**VIÐSKIPTI** Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa, hefur tryggt sér 56 prósenta hlut í Keri í gegnum eignarhaldsfélag sitt Kjalar. Seljandi er Vogun sem er í eigu Kristjáns Loftssonar og Árna Vilhjálmssonar. Ker er eignarhaldsfélag sem ræður för í Samskipum, olíufélaginu Essó og hefur ítök í KB banka.

Eignarhaldsfélagið Grettir sem er í eigu Sjóvíkur, Landsbankans og Tryggingamiðstöðvarinnar eignaðist ríflega þriðjungs hlut í Keri fyrir rúmri viku í tengslum við sameiningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sjóvíkur við litla gleði ráðandi eigenda Kers.

Með þessum leik er Grettir læstur inni sem minnihlutaeigandi í Keri. Ekki er mikill áhugi á samstarfi milli Landsbankamanna og Ólafs. Samningsstaða Ólafs er eftir viðskiptin mun sterkari en hún var meðan hugsanlegt var að reka fleyg í samstarf hans við Vogunarmenn.

Ekki er líklegt að Grettismenn hafi áhuga til langframa að vera áhrifslaus minnihlutaeigandi í Keri. Þeir geta kosið menn í stjórn Kers og hindrað breytingar á samþykktum félagsins, en ekki haft að öðru leyti áhrif á stefnu eða fjárfestingarákvarðanir félagsins.- **hh**



**FUNDUR VERSLUNARRÁÐS**
Fjölmenni var á fundi Verslunarráðs þar sem staðan í efnahagslífinu var rædd.

Stýrivextir Seðlabankans:

# Betra að hækka nú

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn telur heppilegra að beita aðhaldssamri peningamálastefnu nú fremur en seinna til að sporna gegn ofþenslu í hagkerfinu.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, segir hættu á því að ef stýrivextir hækki ekki nóg nú þegar efnahagslífið ræður betur við afleiðingarnar muni vextir að líkindum þurfa að verða enn hærri ef sporna eigi gegn verðbólgu við lok framkvæmda á Austurlandi.

Þetta kom fram á morgunverðarfundi Verslunarráðs, þar sem hagspekingar brutu heilann um hitastigið í íslensku efnahagslífi.

**- hh** **/ Sjá síðu 24**

Ný meðferð á Teigi:

# Geta valið um úrræði

**HEILBRIGÐISMÁL** Áfengissjúklingar sem leita aðstoðar á Teigi, meðferðardeild Landspítala-háskólasjúkrahúss, geta nú valið úr meðferðarúrræðum sem þar standa til boða, að sögn Bjarna Össurarsonar yfirlæknis.

Húsnæði Teigs hefur verið flutt í geðdeildarbygginguna LSH við Hringbraut. Samfara flutningnum hefur verið tekin upp ný og sveigjanlegri meðferð. Hún byggist meira á sálfræðilegum grunni heldur en áður var. Þá er 12 spora kerfið ekki lengur notað, heldur er fólk hvatt til að ganga í AA – samtökin.

**- jss** **/ Sjá síðu 18**





## SPURNING DAGSINS

*Gaui, ertu ekki að standa þig í stykkinu?*

**„Til að fást við offitu þarf að takast á við sálræn vandamál og íslenskir karlmenn eru ekki mikið fyrir að flíka þeim“**

Ný könnun sýnir að karlmenn í Evrópu eru orðnir feitari en konur. Gaui litli hefur lengi barist við offitu, bæði sína eigin og annarra Íslendinga.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Dæmdur fyrir 30 brot

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tvítugur maður var í gær dæmdur til fjórtán mánaða fangelsis fyrir ítrekuð þjófnaðar- og fíkniefnabrot en maðurinn hefur setið inni frá því í janúar á síðasta ári og kemur sá tími til frádráttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Maðurinn var fundinn sekur um margvísleg brot tengd innbrotum, þjófnuðum og fíkniefnum.

Maðurinn játaði sök sína fúslega. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að vegna langs brotaferils og fyrri skilorðsdóma kæmi skilorðsbinding ekki til greina. Þó tók dómurinn tillit til ungs aldurs mannsins sem og vilja hans til að taka á fíkniefnavanda sínum. Hefur viðkomandi þegar setið í varðhaldi þann tíma sem dómurinn tekur til og losnar úr fangelsi í þessum mánuði.

**FJÓRTÁN MÁNAÐA FANGELSI FYRIR:**

A) Þjófnað á tveimur bifreiðum
B) Nytjastuld á tíu bifreiðum
C) Nytjastuld og þjófnað úr fjórtán bifreiðum
D) Nytjastuld og eignaspjöll á þremur bifreiðum
E) Fíkniefnabrot
F) Innbrot og þjófnað úr iðnaðarhúsi



**HÉRAÐSDÓMUR**
Síbrotamaður var í gær dæmdur til fjórtán mánaða fangelsisvistar fyrir rúmlega 30 lögbrot.

Félagi mannsins sem einnig tók þátt í einu innbroti fékk fjögurra mánaða skilorðsbundinn dóm en sá hefur þrisvar áður hlotið dóm fyrir samsvarandi brot. **- aöe**

Sameiningarkosningar:

# Frestað til næsta hausts

**ALÞINGI** Árni Magnússon félagsmálaráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi í gær þar sem lagt er til að kosningum vegna sameiningu sveitarfélaga verði frestað til 8. október. Þær áttu að fara fram hinn 23. apríl.

Ástæðan fyrir frestuninni er fyrst og fremst sú að illa gekk að ná samkomulagi í tekjustofnanefnd um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og því dróst að sameiningarnefnd kynnti endanlegar tillögur sínar. Er því nú ljóst að ekki er nægur tími til stefnu til að tillögurnar geti fengið nægilega kynningu og umfjöllun í viðkomandi sveitarfélögum fyrir kjördag. **- sda**



**FORSETINN Í INDLANDI**
Þegar forseti og sendinefnd fóru til Indlands flugu ferðamenn út og heim í sömu vél og forsetinn.

Kínaferð:

# Flogið með forsetanum

**FERÐALAG** Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn auglýsir nú vikuferð til Kína þar sem flogið verður með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta sem fer þangað í opinbera heimsókn um miðjan maí.

„Forsetinn og sendinefnd munu að öllum líkindum ferðast með þessu leiguflugi til Kína og frá Kína,“ segir Örnólfur Thorsson, skrifstofustjóri á skrifstofu forseta. Hann segir Úrval-Útsýn hafa haft samband við skrifstofu forseta en forsetaembættið komi ekki að ferðinni sem Úrval-Útsýn auglýsir að öðru leyti en því að báðir hóparnir, ferðamenn og sendinefnd forseta, fljúgi saman í breiðþotu Atlanta. **- bþg**

## SVÍÞJÓÐ

**ÁFENGISSKATTAR LÆKKAÐIR** Formælandi sænsku ríkisstjórnarinnar í áfengismálum leggur til að skattar á bjór og víni verði lækkaðir um þrjátíu prósent. Með þessu mætti draga stórlega úr smygli á áfengi frá löndum á borð við Danmörku. Hann vill einnig að áfengiskaupaaldur á vínveitingahúsum verði tuttugu ár.

# Stóru sveitarfélögin vilja sérsamninga

**Reykjavíkurborg ætlar að gera sérsamning við kennara í Norðlingaholti. Garðabær hefur þegar lagt drög að sérsamningi fyrir samstarfsnefnd KÍ og launanefndar. Fimm grunnskólar í Reykjavík sýna sérsamningum áhuga.**

**SKÓLAMÁL** Sérkjarasamningur í Sjálandsskóla í Garðabæ er tilbúinn og í höndum Kennarasambandsins og launanefndar sveitarfélaganna. Einkaskóli Ísaks Jónssonar lauk við gerð einstaklingssamninga við átta af tíu kennurum í vikunni og í Tjarnarskóla, sem einnig er einkaskóli, er hugað að breytingum.

Reykjavíkurborg ætlar að semja sér við kennara og stjórnendur nýs skóla í Norðlingaholti. Allir vilja skólarnir semja í takt við fimmtu bókun í kjarasamningi grunnskólakennara og launanefndarinnar. Þar stendur að hægt sé að taka upp hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga í tilraunaskyni til eins árs.

Stefán Jón Hafstein, formaður fræðsluráðs, segir um fimm aðra skóla í Reykjavík hafa sýnt því áhuga að gera sérsamninga innan sinna veggja: „Við teljum þó nauðsynlegt að frumkvæði að breytingum innan rótgróinna skóla komi sameiginlega frá kennurunum og skólastjórnendum.“

Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Ísaksskóla, segir laun kennara þar verða í grunninn 240 þúsund en aukist um tíu þúsund fyrir umsjónarkennara. Kennararnir semja síðan sér um framlaun hvers. Edda vill ekki gefa upp hver þau séu en segir kennarana mjög ánægða.

Laun grunnskólakennara við Sjálandsskóla verða minnst 290 þúsund á mánuði, samkvæmt Morgunblaðinu. Gunnar Einarsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarmála Garðabæjar, staðfesti það ekki í gær en hann hafði ekki tíma til viðtals.

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri Tjarnarskóla, segir lengi hafa tíðkast að greiða kennurum einkaskólans hærri laun en sveitarfélögin geri: „Okkur finnst svo margt spennandi að gerast í kjaramálum og því tel ég að við hugsum okkar gang varðandi samninga fyrir næsta vetur.“

Kristinn Kristjánsson situr í samstarfsnefnd Kennarasambandsins og launanefndarinnar en undir hana þarf að bera sérsamninga: „Eina erindið sem hefur komið fyrir nefndina er frá Sjálandsskóla. Við stefnum að því að afgreiða það á næsta fundi en á hvorn veginn þori ég ekki að segja til um.“ **gag@frettabladid.is**



**Í FRÍMÍNÚTUM**
Krakkarnir í Ísaksskóla bregða á leik í frímínútum. Ísaksskóli er einkarekinn og hafa tíu af sextán kennurum samið um önnur kjör en tíðkast meðal kennara í grunnskólum sveitarfélaganna. Hinir sex eru æviráðnir. Sérsamningurinn hefur ekki verið borinn fyrir samstarfsnefnd Kennarasambandsins og launanefndarinnar.



MYND LANDHELGISGÆSLAN

**VIÐ KÖGUR**
Þykk ísbreiða liggur að landi fyrir norðvestan og telja veðurfræðingar að enn eigi eftir að bæta í.

Hafísinn á hægri ferð:

# Gæti lokað Grímsey af

**HAFÍS** Hafísinn fyrir norðan land er á hægri ferð vestur á bóginn og gera veðurfræðingar ráð fyrir að siglingaleiðin fyrir Horn verði áfram lokuð næstu daga. Íslaust er orðið að heita fyrir austan landið en samfelld ísbreiða nálgast Grímsey og gæti lokað eyjuna af breytist haf- og vindáttir ekki næstu daga.

Ísjakar hafa sést í mynni Ísafjarðar og fór þeim fjölgandi í gær en ekki er talin hætta á að fjörðurinn lokist. Hins vegar bætist stöðugt í ísbreiðuna við Horn enda hafstraumar verið vestur á bóginn síðasta sólarhringinn. Engar tilkynningar höfðu borist um skip eða báta í vandræðum vegna þessa. **- aöe**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VITNI ÓSKAST** Karlmaður sem slasaðist í árekstri við ungan dreng á skautasvellinu í Skautahöll Reykjavíkur í lok mars óskar eftir vitnum að atburðinum en hann var fluttur brott í sjúkrabíl. Óskar hann eftir þeim sem sáu slysið og eru tilbúnir að vitna um það. Sími mannsins er 693 7301.


FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók
með hraðvirku uppflettikerfi




**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi er komin út.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

**Kynningarverð: 8.800 kr.**

ORÐABÓKAÚTGÁFAN


Leikskólagjald á Akureyri:

# Lækkar um fjórðung

**LEIKSKÓLAR** Skólanefnd Akureyrarbæjar hefur lagt til við bæjarráð að gjaldskrá leikskóla verði einfölduð og allir greiði sama gjald. Samhliða breytingunni mun almenn gjaldskrá lækka um 25% en nefndin leggur einnig til að tekin verði upp föst greiðsla til allra foreldra vegna vistunar barna hjá dagmæðrum. Kostnaður Akureyrarbæjar vegna breytinganna mun aukast um 25 til 30 milljónir króna á ári.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segir breytinguna á gjaldskrá leikskólanna mikið réttlætismál fyrir stóran hóp foreldra um leið og gjaldskráin sé gerð gegnsærri. „Á leikskólum bæjarins eru um 1000 börn og eftir breytinguna mun kostnaður foreldra rúmlega 650 barna minnka um tæpar 5.700 krónur á mánuði sem jafngildir 100 þúsund króna kauphækkun á ári,“ segir Kristján.

Engin gjaldskrárbreyting verður hjá 117 börnum í leikskólum Akureyrar. Gjaldskrá 170 barna mun hækka en þau verða tímabundið áfram á lægra gjaldi og 55 börn, sem verið hafa á lægsta gjaldi, útskrifast úr leikskólunum í vor. **- kk**



**LEIKSKÓLABARN Á FLÚÐUM**
Um 100 börn á Akureyri eru í umsjón dagmæðra en kostnaður foreldra mun lækka verulega vegna 60 barna og lækka lítilsháttar vegna 40 barna ef kostnaður vegna fæðis er ekki tekinn með.




# Opnar í dag!

# Kringlan **er fjölbreyttari**

Verslunin **Fat Face** verður opnuð í dag á 1. hæð í Kringlunni.
Fatnaður fyrir fólk með virkan lífsstíl.

**Opið til 21 í kvöld**
**Nýtt kortatímabil**

Kringlan kappkostar að bjóða sem fjölbreyttast úrval af vöru og þjónustu í hæsta gæðaflokki.
**Við óskum Fat Face til hamingju með nýju verslunina!**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur | Veitingastaðir og Kringlubíó |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | eru með opið lengur á kvöldin. |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | |

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27738 03/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.03.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 58,63 | 58,91 |
| Sterlingspund | GBP | 112,75 | 113,29 |
| Evra | EUR | 78,27 | 78,71 |
| Dönsk króna | DKK | 10,51 | 10,57 |
| Norsk króna | NOK | 9,58 | 9,63 |
| Sænsk króna | SEK | 8,61 | 8,66 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,57 |
| SDR | XDR | 90,05 | 90,59 |

*Gengisvísitala krónunnar*

107,00 -0,15%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fundur í allsherjarnefnd Alþingis:

# Fjallað um mál Fischers í dag

**ALÞINGI** Ríkisborgararéttur skákmeistarans Bobbys Fischer verður tekinn fyrir á fundi allsherjarnefndar Alþingis nú fyrir hádegi og vonast stuðningsmenn hans til þess að Fischer fái nú loksins íslenskan ríkisborgararétt með hraði.

Sæmundur Pálsson, Sæmi rokk, og fleiri stuðningsmenn hafa verið kallaðir fyrir nefndina og munu þeir gefa skýrslu um ferð sína til Japans. Sæmundur segir að fullreynt sé að frelsa Fischer úr prísundinni. Það eina sem dugi sé íslenskur ríkisborgararéttur.

„Ég trúi því illa að Íslendingar hætti við hálfklárað verk,“ segir hann.



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**SÆMUNDUR PÁLSSON**
Sæmundur vonast til þess að Bobby Fischer fái nú ríkisborgararétt hjá Alþingi með hraði.

Guðrún Ögmundsdóttir þingmaður telur að Alþingi ætti að geta afgreitt ríkisborgararétt til Fischers á einum sólarhring. Í framhaldi af því ætti utanríkisþjónustan að geta frelsað Fischer.

Sæmundur gerir ráð fyrir að fara til Japans að sækja vin sinn. „Ég vona að Japanir geri eins og þeir eiga að gera en það er ekkert treystandi á það,“ segir hann.

Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, svaraði ekki skilaboðum í gær. **- ghs**

Norska stjórnin:

# Evrópumálin valda deilum

**NOREGUR** Ágreiningur er enn kominn upp á milli stjórnarflokkanna um Evrópumál. Í síðustu viku sagði Erna Solberg, leiðtogi Hægri flokksins, að sækja bæri um aðild að Evrópusambandinu árið 2007.

Í gær sagði Einar Steensnæs, leiðtogi Kristilega þjóðarflokksins á stórþinginu, að flokkurinn tæki ekki þátt í samsteypustjórn sem hefði slíkt á dagskránni. Hann sagði í viðtali við norska útvarpið að stjórnarsáttmálinn kvæði á um að ef annar stjórnarflokkanna hefði frumkvæði að því að setja aðildarviðræður á oddinn væru forsendur samstarfsins brostnar. ■



**TÖLVUTÆKNIN**
Georgía sem tilheyrði fyrrum Sovétríkjum er neðst Evrópulanda í 94. sæti lista Alþjóðaefnahagsráðsins.

Ísland í öðru sæti:

# Toppar í tækni

**TÆKNI** Ísland stekkur úr tíunda sæti í annað á lista Alþjóðaefnahagsráðsins yfir 104 þjóðir heims sem nýta nýja upplýsinga- og fjarskiptatæki vel.

Ísland stendur öðrum Norðurlandaþjóðum framar. Finnland skipar þriðja sæti, Danmörk fjórða og Svíþjóð það sjötta. Noregur er í þrettánda sæti í árlegri skýrslu ráðsins. Singapúr er efst á listanum í ár en var í öðru sæti í fyrra. Bandaríkin missa toppsætið og falla í það fimmta.

Þrjú neðstu löndin á listanum eru Afríkuríkin Chad og Eþíópía. Milli þeirra er hið mið-ameríska Níkaragúa. **- gag**

Ráðherraráð ESB:

# Viðræðunum slegið á frest

**ESB** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkja ákváðu á fundi sínum í Brussel í gær að fresta aðildarviðræðum við Króata um óákveðinn tíma en þær áttu að hefjast í dag.

Ráðherraráðið telur að yfirvöld í Zagreb hafi ekki sýnt stríðsglæpadómstólnum í Haag nægilegan samstarfsvilja þar sem Ante Gotovina hershöfðingi gengur enn laus en hann er grunaður um ýmis voðaverk í stríðinu við Serba fyrir rúmum áratug. ■

# Spilling af áður óþekktri gráðu

**Spilling er svo mikil í Írak að uppbyggingarstarfið er talið geta orðið eitt mesta spillingarhneyksli sögunnar. Mútugreiðslur og spilling eru vandamál alls staðar í heiminum. Framferði Bandaríkjanna í Írak sagt slæm fyrirmynd.**

**SPILLING** Uppbyggingarstarfið í Írak gæti orðið mesta spillingarhneyksli sögunnar að mati samtakanna Transparency International. 24.000 milljarðar króna glatast á hverju ári um allan heim vegna spillingar og mútugreiðslna.

Transparency International eru óháð samtök sem rannsaka og berjast gegn spillingu um allan heim. Ársskýrsla samtakanna kom út í gær og kennir þar ýmissa grasa. Spilling og mútugreiðslur eru landlæg í flestum löndum heims og áætla samtökin að 24.000 milljarðar króna renni í slíka hít á hverju ári. Verst er ástandið í iðnaðar- og byggingargeiranum, mun verra en í vopna- og olíugeiranum. Af þessu leiðir að spilling er meira vandamál í fátækum löndum en ríkum þar sem svo stór hluti þjóðartekna fer í uppbyggingu á innviðum samfélagsins.

Transparency International sér sérstaka ástæðu til að vara við ástandinu í Írak eftir að Saddam Hussein var steypt af stóli fyrir tveimur árum. Er kveðið svo fast að orði að verði ekki gripið til aðgerða sé stærsta spillingarhneyksli sögunnar í uppsiglingu. Afleiðingar þess eru mun hægari og kostnaðarsamari uppbygging landsins.

Spilling var hluti af írösku þjóðlífi á tímum Saddams en ástandið hefur lítið batnað eftir hernámið að mati Transparency International. Bandarísk stjórnvöld eru sérstaklega gagnrýnd fyrir að veita fáum útvöldum fyrirtækjum leynilega verktakasamninga án útboðs, eins og til dæmis Halliburton. „Í uppbyggingarstarfinu hafa bandarísk stjórnvöld verið slæm fyrirmynd um hvernig á að uppræta spillingu,“ segir í skýrslunni.



MYND AP

**ÞÓTT SADDAM SÉ FARINN ER SPILLINGIN LANDLÆG**
Bandarísk stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir að hafa ekki ráðist gegn vandanum heldur aukið á hann með því að veita fyrirtækjum feita samninga án útboðs

Samtökin kalla eftir tafarlausum aðgerðum frá írösku ríkisstjórninni, hernámsliðinu og erlendum lánardrottnum. Að mati forsvarsmanna þeirra ættu erlendir verktakar að vera bundnir af lögum sem banna spillingu. Enn fremur þyrfti meðferð olíutekna Íraka að vera mun gagnsærri. „Róttækar aðgerðir gegn spillingu ættu í raun að hafa hafist áður en uppbyggingarstarfið byrjar fyrir alvöru,“ segir í skýrslu Transparency International.

sveinng@frettabladid.is

Landlæknir:

# Líknarskrá á lokastigi

**HEILBRIGÐISMÁL** Vinna við líknarskrá er á lokastigi, að sögn Sigurðar Guðmundssonar landlæknis. Er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin á allra næstu vikum.



**LANDLÆKNIR**
Sigurður Guðmundsson segir drög að líknarskrá nær tilbúin.

Líknarskráin er til þess gerð að fólk geti skráð og undirritað hinsta vilja sinn varðandi læknismeðferð. Þar er hægt að taka fram að fólk vilji ekki láta endurlífga sig eða hnoða sig í gang ef hjartað stoppar. Jafnframt, að það vilji ekki fara í öndunarvél við tilteknar aðstæður, að það vilji ekki fara í blóðskilun, vilji ekki láta gefa sér sýklalyf sé það komið með krabbamein á lokastigi og svo má áfram telja. Líknarskráin tekur einnig til líffæragjafa að sögn landlæknis. **- jss**

Viðgerð á varðskipum:

# Sex milljón króna sigling

**IÐNAÐUR** Áætlað er að það muni samtals kosta 5,8 milljónir að sigla með Tý og Ægi til Póllands til viðgerða, að sögn Guðmundar I. Guðmundssonar yfirlögfræðings ríkiskaupa. Segir hann að útreikningurinn komi frá Landhelgisgæslunni og sé byggður á reynslu hennar við siglingar úr landi.

Innifalið í kostnaðinum er sigling skipanna báðar leiðir, með eldsneytiskostnaði, flug með áhafnir heim og út aftur auk dagpeninga. Hvað varðar kostnað við eftirlit segir Guðmundur að sami kostnaður sé við eftirlit á Akureyri og í Póllandi. **- ss**

Gengi gjaldmiðla 16. mars
(svona upp úr hálfþrjú)
USD 58.53
JPY 0.56
EUR 78.46
NISSAN
SKIPT_um væntingar



NISSAN PATROL LUXURY 3,0
Eldra listaverð: ~~4.580.000~~ Nýtt listaverð: 4.360.000
+ 200.000 KR. KAUPAUKI: Dráttarbeisli, þakbogi og 33” dekk eru á öllum Nissan Patrol jeppum sem keyptir eru í mars 2005.
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Fíton/SÍA

## Veðrið

**HVASSVIÐRI EÐA STORMUR SUNNAN TIL**
Nú erum við farin að sjá fyrir endann á kulda-kastinu sem verið hefur. Síðdegis í dag ætti að vera orðinn þriggja til fimm stiga hiti um sunnanvert landið en nálægt frostmarki nyrðra. Þessum hlýindum fylgir úrkoma, einkum sunnan og vestan til og þá í formi snjókomu eða slyddu og síðar rigningu. Það verður bálhvasst sunnan til framan af degi en síðan má búast við allhvössu eða hvössu veðri víða um land í kvöld.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Hvassviðri á norðurhelmingi landsins annars hægari.

### Laugardagur




Strekkingur á Vestfjörðum annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C alskýjað | París | 16°C alskýjað | Torrevieja | 19°C skýjað |
| Osló | 4°C alskýjað | Prag | 11°C alskýjað | Róm | 18°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 1°C alskýjað | Amsterdam | 16°C léttskýjað | New York | 8°C léttskýjað |
| London | 18°C léttskýjað | Varsjá | 11°C skúrir | Miami | 28°C þrumur |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# Páskar
## í Smáralind

### VILTU VINNA FLUGEGG?

**Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Icelandair.**

ICELANDAIR NÓI SÍRÍUS

Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið. Þú gætir unnið Flugegg, ferð til Evrópu fyrir fjóra, rafrænt gjafakort eða eitt af 100 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.

ENNEMM / SÍA / NM15622




### Fermingarleikur Smáralindar og BT

**Þú gætir unnið með því að óska þér!**

Taktu þátt í frábærum fermingarleik á **www.smaralind.is**.

**Aðalvinningur: Fartölva**

**Aukavinningar:** 10 x 5.000 kr. rafræn gjafakort í Smáralind.




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000.



## KJÖRKASSINN

*Átti að velja Þórð Guðjónsson í landsliðshópinn í fótbolta?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 54,6% |
| Nei | 45,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að veita Bobby Fischer ríkisborgararétt?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Langþráður áfangi:

# Settu þingið í skugga árása

**BAGDAD, AP** Stjórnlagaþing Íraka var sett í gær en þetta er í fyrsta sinn í hálfa öld sem þjóðkjörið þing kemur saman eftir frjálsar kosningar. Þótt mikill fögnuður hafi ríkt á meðal þingmanna varð samkoman að fara fram á græna svæðinu svonefnda undir afar strangri öryggisgæslu.

„Við verðum að muna að á meðal okkar eru hvorki sigurvegarar né taparar. Annað hvort vinnum við öll eða töpum öll,“ sagði Ghazi al-Yawer, forseti bráðabirgðastjórnarinnar, við þetta tækifæri.

Þingsetninguna bar upp á sama dag og efnavopnaárásina á kúrdíska bæinn Halabja fyrir sautján árum en þá dóu 5.000 manns. Stjórnarher Íraks stóð fyrir árásinni.

Hlé hefur verið gert á stjórnarmyndunarviðræðum Kúrda og sjía vegna málefnaágreinings en gert er ráð fyrir að þær hefjist á ný í dag.

Sprengjur sprungu víða í Bagdad í gær en ekki er vitað um manntjón af þeim sökum. Hins vegar létust fjórir í sjálfsmorðsárás í bænum Baqouba, skammt frá höfuðborginni.

Sjá síðu 18



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FALLIST Í FAÐMA**
Youdaam Youssef Kanna, kristinn Assyríumaður (t.v.), og Abdul-Karim Mahmoud al-Mohammedawi sjíi féllust í faðma á þingsetningunni. Þorri Íraka bindur vonir við að lýðræðisþróunin færi þeim langþráðan frið.

Fiskistofa:

# Fiskafli eykst milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenska fiskiskipaflotans í síðasta mánuði var 30 þúsund tonnum meiri en á sama tíma í fyrra. Veiddust þá tæp 270 þúsund tonn en aflinn í febrúar á þessu ári varð tæp 300 þúsund tonn. Samanlagt er aflinn fyrstu tvo mánuði þessa árs um 160 þúsund lestum meiri en í fyrra.

Munar mest um aukingu á botnfiskafla og sérstaklega loðnuafla en aukning varð á afla í flestum þeim tegundum sem Fiskistofa mælir. - aöe

Frumvarp um RÚV:

# Umræðu frestað

**RÍKISÚTVARPIÐ** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur fallist á beiðni stjórnarandstöðunnar að mæla ekki fyrir frumvarpi um Ríkisútvarpið fyrr en nefnd á vegum ráðherrans hefur lokið við skýrslu um fjölmiðlaumhverfið á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu er gert ráð fyrir því að að nefndin skili skýrslunni 4. eða 5. apríl.

Nefndinni var meðal annars falið að fjalla um markaðsstöðu og hlutverk Ríkisútvarpsins þótt henni væri ekki ætlað að koma með tillögur um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, heldur að kanna hvaða áhrif Ríkisútvarpið hefði á samkeppnismarkaði. - sda

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁREKSTUR Á ESKIFIRÐI** Jeppi og flutningabíll rákust saman skammt fyrir utan Eskifjörð um hádegið í gær. Taldi lögregla að áreksturinn mætti rekja til hálku en engin slys urðu á ökumönnum eða farþegum.

# Ágreiningur um rekstrarformið

**Lögfræðingar segja það ekki standast lög um eignarrétt og félagarétt að Ríkisútvarpið verði sameignarfélag í eigu ríkisvaldsins eins. Stjórnarflokkana greindi á um rekstrarform stofnunarinnar.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Í nýju frumvarpi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið er gert ráð fyrir því að það verði gert að sameignarfélagi. Fram hefur komið gagnrýni á þetta fyrirkomulag og hafa lögfræðingar bent á að Ríkisútvarpið, sem er í eigu eins aðila, fellur ekki undir hugtakið sameignarfélag í eignarréttarlegum og félagaréttarlegum skilningi. Ríkisútvarpið sé einfaldlega ríkisfyritæki en ekki sameignarfélag.

Þorgerður Katrín hefur ekki dregið dul á það að vilji Sjálfstæðismanna stóð til þess að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. „Það var ekki vilji innan Framsóknarflokksins til þess að við komumst að þessari niðurstöðu. Ég er sannfærð um það að með þessu erum við að bæta og styrkja það rekstrarumhverfi sem Ríkisútvarpið býr við,“ segir Þorgerður Katrín.

Spurð um fram komna gagnrýni á sameignarfélagsfyrirkomulagið segist hún skilja vel athugasemdir lögfræðinga. „Sérlög ganga hins vegar framar almennum lögum og ef skýrt er kveðið á um það að Ríkisútvarpið er sameignarfélag í eigu ríkisins þá gengur það að sjálfsögðu, við höfum dæmi um það. Ég vil líka benda á það að það má túlka þetta þannig að Ríkisútvarpið sé sameign íslensku þjóðarinnar,“ segir Þorgerður Katrín.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í umræðum um Ríkisútvarpið á Alþingi 10. mars: „RÚV er eign ríkisins en ekki þjóðarinnar og það er mikill munur þar á. [...] Tal um það að menn eigi RÚV, að það sé eign þjóðarinnar, er út í hött því ef menn eiga eitthvað þá geta þeir gert eitthvað við það og þeir geta selt það eða veðsett það. Og það geta þeir ekki með Ríkisútvarpið.“

Þorgerður Katrín segir að með því að gera Ríkisútvarpið að sameignarfélagi sé verið að skipta yfir í rekstrarform sem er ekki ósvipað hlutafélagi. „Ríkisútvarpið fær með breytingunum tækifæri til að taka á ákveðnum rekstrarþáttum, sem oft er erfitt að taka á þegar stofnunin heyrir beint undir ríkið,“ segir hún.

sda@frettabladid.is



**ÞORGERÐUR KATRÍN**
Segir sérlög æðri almennum lögum.



**RÍKISÚTVARPIÐ EFSTALEITI.**
Þorgerður Katrín hefur ekki dregið dul á það að vilji Sjálfstæðismanna stóð til þess að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. „Það var ekki vilji innan Framsóknarflokksins til þess en við komumst að þessari niðurstöðu



**PAUL WOLFOWITZ**
Styr mun eflaust standa um skipun hans.

Alþjóðabankinn:

# Wolfowitz bankastjóri

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti mun samkvæmt heimildum AP-fréttastofunnar mæla með að Paul Wolfowitz aðstoðarlandvarnaráðherra verði skipaður bankastjóri Alþjóðabankans. James Wolfensohn, núverandi bankastjóri, mun senn láta af embætti.

Wolfowitz hefur staðið í eldlínunni í ráðherratíð sinni en hann þykir með herskárri mönnum í ríkisstjórn Bush.

Alþjóðabankanum er jafnan stýrt af Bandaríkjamanni enda hefur sú þjóð mest áhrif allra innan stofnunarinnar. Helstu verkefni bankans eru lánveitingar til efnahagsuppbyggingar í þróunarlöndunum. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BRUNI Á ÍSAFIRÐI** Tilkynnt var um eld í herbergi íbúðarhúsnæðis í Fjarðarstræti á Ísafirði upp úr hádegi í gær. Viðkomandi hús er gegnt slökkvistöð bæjarins og voru því hæg heimatökin að komast á staðinn. Tókst að slökkva allan eld á tíu mínútum en nokkrar skemmdir urðu af völdum reyks og sóts.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10-18
laugardaga: 11-15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Frumvarp um RÚV:

# Almannaþjónustuhlutverkið skilgreint

**RÍKISÚTVARPIÐ** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að með nýja frumvarpinu um Ríkisútvarpið hafi hlutverk þess sem almannaútvarp verið skilgreint. „Skyldur Ríkisútvarpsins eru fyrst og fremst í almannaþágu, að leggja rækt við íslenska tungu, efla innlent dagskrárefni, standa að öflugri fréttaþjónustu og uppfylla öryggishlutverk þess,“ segir Þorgerður Katrín.

„Við höfum skilgreint almannaþjónustuhlutverkið og samkvæmt því er Ríkisútvarpinu allt leyfilegt, þar með talið auglýsingar. Ríkisútvarpið getur í raun sinnt öllu, við skilgreinum almannaþjónustuhlutverkið þannig,“ segir Þorgerður Katrín.

Hún segir að það sé löndunum sjálfum í sjálfsvald sett hvað felist í almannaþjónustuhlutverkinu. Pólitísk öfl innan Evrópusambandsins, þar á meðal ráðherraráð sambandsins, leggja einnig mjög ríka áherslu á rétt ríkjanna til þess að reka útvarp í almannaþágu og rétt einstakra ríkja til þess að skilgreina hlutverk þess, að því er segir í skýringum með frumvarpinu. „Við erum ekki að takmarka svigrúm Ríkisútvarpsins til að ná inn fé með auglýsingum,“ segir Þorgerður Katrín jafnframt. - sda

**ALMENNINGSÚTVARP**

**Hlutverk Ríkisútvarpsins hefur verið skilgreint og útvarp í almannaþágu er meðal annars sagt fela í sér eftirfarandi:**

- Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
- Að senda út til alls landsins og næstu miða að minnsta kosti eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring.
- Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar.
- Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega.
- Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi.
- Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.
- Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.
- Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.
- Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.
- Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.




Ertu í stellingum fyrir bílakaup?

Við erum sérfræðingar í bílafjármögnun.

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374

Breytum hugmyndum í veruleika

Glitnir

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu margir eru taldir hafa látist úr hungri og sjúkdómum í Darfur síðasta hálfa annað árið?*

2 *Hversu margar bækur seldust á bókamarkaði Félags íslenskra bókaútgefenda í Perlunni?*

3 *Hvað heitir forseti Kosovo sem lifði af banatilræði?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Góður afgangur af rekstri Akureyrarbæjar:

# Hreinar eignir skipta milljörðum króna

**ÁRSREIKNINGUR** Tæplega 240 milljóna króna afgangur varð af rekstri Akureyrarbæjar og undirfyrirtækja á síðasta ári en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rúmlega 146 milljóna króna rekstrarafgangi. Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins jukust verulega á árinu og voru 439 milljónir króna en aukning þeirra kom í veg fyrir enn betri afkomu.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segir reksturinn hafa gengið mjög vel á síðasta ári og fjárhagur sveitarfélagsins sé afar traustur. „Ég þakka þennan góða árangur hæfu starfsfólki. Bæjarfélagið veitir mikla þjónustu en við sýnum aðhald í rekstrinum og spilum vel úr þeim fjármunum sem okkur er trúað fyrir,“ segir Kristján.

Bókfærðar eignir sveitarfélagsins eru rúmir 20,7 milljarðar króna en skuldir og skuldbindingar rúmir 13,3 milljarðar króna. Þar af eru skammtímaskuldir rúmir tveir milljarðar króna.

Launagreiðslur bæjarsjóðs og undirfyrirtækja námu rúmum fjórum milljörðum króna í fyrra og stöðugildi voru að meðaltali 1420 talsins.

- kk



**BÆJARSTJÓRINN Á AKUREYRI**
Kristján Þór hefur ástæðu til að kætast enda afkoma Akureyrarbæjar betri í fyrra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.




# Háskólinn mun sprengja vegakerfið

**Bæjarfulltrúi í Garðabæ telur að flytji Háskólinn í Reykjavík í Vatnsmýrina muni það sprengja vegakerfi miðbæjarins. Formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar telur þetta furðulegan málatilbúnað.**

**SAMGÖNGUR** Ef Vatnsmýrin verður fyrir valinu sem framtíðarstaður Háskólans í Reykjavík mun það að öllum líkindum sprengja vegakerfi miðborgarinnar, segir Einar Sveinbjörnsson bæjarfulltrúi Framsóknar og óháðra í Garðabæ.

Reykjavík og Garðabær bítast um að veita Háskólanum í Reykjavík framtíðaraðstöðu. Annars vegar býðst skólanum lóð í Vatnsmýrinni og hins vegar landsvæði við Urriðaholt í Garðabæ. Stjórn skólans tekur ákvörðun í apríl um hvor kosturinn verður fyrir valinu.

Einar telur að vegakerfið anni ekki þeim tugum þúsunda sem munu vinna og starfa á svæði sem er einn kílómetri í radíus. Urriðaholtið sé því skynsamlegri kostur fyrir Háskólann í Reykjavík þar sem það muni dreifa umferðinni verulega.

Þá bendir Einar á að líklega þurfi að ráðast í samgöngurbætur fyrir miðbæinn, flytjist Háskólinn þangað. Til að mynda Fossvogsbraut sem var í umræðunni fyrir nokkrum árum og var mjög umdeild, eða brú yfir Skerjafjörð frá Bessastöðum.



**HRINGBRAUT OG VATNSMÝRI**
Umferðin við Hringbrautina getur oft verið þung, en bæjarfulltrúi í Garðabæ segir að hún verði enn þyngri ef Háskólinn í Reykjavík flyst þangað.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur segir þetta furðulegan málatilbúnað hjá Einari. Þá sé sérkennilegt að menn treysti sínum kosti ekki betur en svo að þeir leggist í skotgrafarhernað án þess að hafa kynnt sér málin.

Dagur segir samgöngumál á Vatnsmýrarsvæðinu vera í mjög góðum málum. Svonefndur Hlíðarfótur tengi svæðið við Hringbraut og nýverið hafi verið gengið frá samkomulagi við samgönguráðherra um að hraða þeirri framkvæmd og verði hún sett inn á samgönguáætlun næsta árs. Þá séu göng í gegnum Öskjuhlíð, einnig á langtímaáætlun. Þetta verði því eitt best tengda svæði höfuðborgarsvæðisins.

solveig@frettabladid.is




Skíðafæri næstu daga:

# Ágætt veður en blautt færi

**SKÍÐI** Spáð er hlýnandi veðri um allt land eitthvað fram í næstu viku. Um helgina verður milt veður og hægur vindur. Því eru líkur á ágætis veðri en blautu færi fyrir skíðamenn samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu. Erfitt er að spá fyrir um veður um páskahelgina sjálfa og verða spenntir skíðaiðkendur því að bíða fram í næstu viku til að sjá hvert skuli halda í fríinu.

Páskarnir eru stærsta vertíð skíðasvæðanna á landinu og eru því ýmsar uppákomur skipulagðar. Skíðavika Ísfirðinga verður haldin í sjötugasta skipti í ár og er búist við allt að 2.000 gestum til Ísafjarðar.

Dagskrá skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er ekki ljós en eitthvað verður um uppákomur. Skíðasvæðin eru opin núna og nægur snjór að sögn kunnugra. Spá næsta daga er þó ekki mjög hagstæð skíðamönnum sunnanlands.

Unglingalandsmót verður á skíðasvæði Siglfirðinga um helgina og fjölskylduhátíð um páskana. Þar eru allar lyftur og skíðaleiðir opnar.

Nægur snjór er í Hlíðarfjalli að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns á svæðinu, og spáin þeim hagstæð næstu daga. ■



**SKÍÐAVIKA**
Ýmsar uppákomur verða á skíðasvæðum landsins um páskahelgina. Á Ísafirði verður meðal annars keppt í aldagamalli tvíkeppni.


RÝMINGARSALA
VATNSVIRKJANS
Erum að rýma fyrir nýjum vörumerkjum, komið og nýtið ykkur
þetta einstaka páskatilboð. Fyrstir koma fyrstir fá - takmarkað magn!
Salerni, handlaugar, sturtuhorn og margt fleira.
Allt að 70% afsláttur!
IDO
60% afsláttur!
Verð 14.995 áður 34.995 Staðgreitt
IDO ANIARA í gólf/vegg
IDO
50% afsláttur!
Verð 24.995 áður 49.995 Staðgreitt
IDO TREVI í gólf/vegg
FRIGES
40% afsláttur!
Verð frá 9.995 Staðgreitt
Sturtuhorn og framhliðar
IDO
50% afsláttur!
Verð 9.995 áður 19.995 Staðgreitt
IDO handlaug í borð 53x43
IDO
50% afsláttur!
Verð 6.995 áður 12.995 Staðgreitt
IDO hornhandlaug 35x35
IDO
50% afsláttur!
Verð 4.995 áður 8.995 Staðgreitt
IDO handlaug á vegg 40x26
Blöndunartæki á 50% afslætti!
KLUDI
50% afsláttur!
KLUDI handlaugatæki
KLUDI
50% afsláttur!
Handbrúsa 995 Staðgreitt
KLUDI Baðtæki
KLUDI
50% afsláttur!
KLUDI handlaugatæki
Léttgreiðslur/Raðgreiðslur
MasterCard
VISA
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl
Ef þú kaupir fyrir meira en 15.000
krónur færðu páskaegg með!
Reynsla og fagmennska í
fyrirrúmi og alltaf heitt á könnunni!
VATNSVIRKINN
Ármúla 21 · 108 Reykjavík · Sími 533 2020
Afgreiðslutími: Virka daga 8-18 Laugardaga 10-17



MYND AP

**ENGIN MISKUNN**
Íranskir lögreglumenn fylgjast með aftöku Mohammed Bijeh í gær en hann var dæmdur fyrir að misnota og myrða sextán börn. Áður en hann var hengdur voru honum veitt 100 svipuhögg.

Samkeppnisráð:

# Olíufélögin fá undanþágu

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppnisráð hefur veitt Olíufélaginu, Olíuverzlun Íslands og Skeljungi undanþágu til að skipta upp tíu samreknum bensínstöðvum á milli sín. Þessi undanþága gildir til 1. maí 2005 og þarf uppskiptingunni að vera lokið fyrir þann tíma.

Samkomulag olíufélaganna felst í því að það félag sem hefur borið ábyrgð á rekstri viðkomandi bensínstöðvar tekur yfir eignarhald hennar og rekstur.

Þannig kaupir Skeljungur eignarhlut hinna félaganna í bensínstöðvunum í Ólafsvík, á Fáskrúðsfirði, Hvammstanga og í Þorlákshöfn. Olíufélagið kaupir eignarhlut hinna í bensínstöðvum á Ísafirði, Kirkjubæjarklaustri og Dalvík og Olís kaupir hlut hinna í stöðvunum í Ólafsfirði, Stykkishólmi og á Siglufirði.

Samkeppnisráð telur uppskiptin leiða til aukinnar samkeppni í smásölu á þessum svæðum og því efnahagslegra framfara.

Félögin hafa lýst yfir að ekki verði reynt að hindra eða koma í veg fyrir samkeppni á þeim svæðum sem samkomulagið tekur til.

- ghs



**UNDANÞÁGA VEITT**
Samkeppnisráð hefur veitt olíufélögunum undanþágu til að skipta upp tíu samreknum bensínstöðvum.

Skref í átt til friðar:

# Tóku við stjórn Jeríkó

**JERÍKÓ, AP** Palestínumenn tóku í gær við stjórn Jeríkó á Vesturbakkanum. Borgin er sú fyrsta af fimm sem Ísraelar ráðgera að afhenda Palestínumönnum.

Háttsettir embættismenn beggja þjóða þinguðu í allan gær um hvernig standa ætti að valdaskiptunum. Þegar ísraelskir hermenn tóku niður fána sinn við vegtálma fyrir utan borgina um hádegisbilið og Palestínumenn drógu sinn að húni þótti táknrænum áfanga náð. Deilt var um hvort innsigla ætti samkomulagið með handabandi eða skriflega en á endanum varð síðarnefnda tilgagan ofan á. ■

Stúdentaráð HÍ:

# Óvissa um nýja stjórn

**SKÓLAMÁL** „Það er ekki komið á hreint hver verður formaður Stúdentaráðs né heldur hvernig ráðum og nefndum verður skipt en það verður ákveðið fljótlega," segir Jarþrúður Ásmundsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Í kosningum til ráðsins kom upp oddastaða sem hefur gert það að verkum að fresta hefur þurft skipun nefnda.

Skipta átti embættum á þriðjudag en því var frestað þar til á morgun.

Jarþrúður segir samkomulag hafa náðst um að gefa þeim fylkingum sem hlut eiga að máli nokkra daga til að ráða ráðum sínum. „Þetta er allt í bróðerni en þar sem ekki er komið á hreint hvernig starfstíma ráðsins verður háttað var þetta niðurstaðan." - aöe

Rússnesk yfirvöld með tilboð:

# Uppljóstrarar fá lýtaaðgerð

**MOSKVA, AP** Rússneska öryggislögreglan hefur boðið þeim sem bent geta á dvalarstað tsjetsjenska uppreisnarleiðtogans Shamil Basajev lýtaaðgerð svo að öryggi þeirra verði tryggt. Kostnaðurinn við aðgerðina bætist við þær 600 milljónir króna sem yfirvöld hafa þegar sett til höfuðs Basajev.

Í gær sögðu rússneskir embættismenn frá því að einn forsprakka ódæðisins í Beslan hefði sagt þeim að Aslan Maskhadov, fyrrum leiðtogi Tsjetsjena sem drepinn var í síðustu viku, hefði tekið þátt í að skipuleggja gíslatökurnar í Beslan og því hefði hann verið réttdræpur. ■



**DVALARSTAÐUR MASKHADOVS**
Ekki stendur þar steinn yfir steini enda beið Maskhadov bana í sprengingunni.



**MÝRARGATA 2010**
Umferð sem nú fer um Mýrargötu verður leidd í stokk undir hverfið.

# Vilja byggja 500 íbúðir

**Fyrsti íbúinn gæti flutt inn á slippsvæðinu og við Mýrargötu í lok árs 2009. Umferð verður lögð í stokk og ný Mýrargata lögð ofan á hann.**

**FRAMKVÆMDIR** Uppbyggingu Mýrargötu og slippasvæðis gæti verið lokið árið 2010 ef tillögur að rammaskipulagi verður að veruleika. Tillögurnar voru kynntar í gær á vel sóttum kynningarfundi í gamla Búrhúsinu við Grandagarð.

Reiknað er með þriggja til fimm hæða byggð að jafnaði en á ákveðnum stöðum verður leyft að byggja sex til sjö hæða hús. Gert er ráð fyrir 500 nýjum íbúðum og um 15.000 fermetrum af atvinnuhúsnæði. Meðal annars er gert ráð fyrir íbúðum aldraðra á Héðinsreit ásamt þjónustukringlu og hjúkrunardeild.

Gert er ráð fyrir að legu Mýrargötu verði breytt og gatan lögð í stokk frá gatnamótum við Ægisgötu vestur að Ánanaustum. Ný Mýrargata verði lögð ofan á stokkinn til að dreifa umferðinni innan hverfisins.

Svæðið sem um ræðir nær frá Ægisgötu vestur að Ánanaustum og frá Vesturgötu og niður að sjó, segir Richard Briem verkefnisstjóri. Þá sé megnið af þessu svæði slippasvæðið gamla sem enn sé í notkun.

Í húsum næst hafnarbakka er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi eins og verslunum, listagalleríum og veitingastöðum á jarðhæðum en skrifstofum á efri hæðum. Í byggingum þar fyrir sunnan er gert ráð fyrir íbúðabyggð en jafnframt möguleika á atvinnuhúsnæði á jarðhæðum.

Þetta eru þó einungis tillögur en gera verður breytingu á aðalskipulagi 2001-2024. Samkvæmt hugmyndum hópsins sem unnið hefur að tillögunum má búast við að rif á mannvirkjum hefjist á næsta ári og að fyrstu íbúarnir gætu flutt inn í lok árs 2009. Árið 2010 ætti því öllum framkvæmdum að vera lokið. Alla yfirlitsuppdrætti, greinargerðir og fylgigöng má nálgast á heimasíðu verkefnisins myrarg.is solveig@frettabladid.is

Skipasmíði:

# Fimmtungur í útsvar

**IÐNAÐUR** Tuttugu prósent af kostnaði við viðgerðir skipa hérlendis skila sér aftur til opinberra aðila. Afleidd velta tengdra greina er áætluð um 40 prósent. Þetta kemur fram í sameiginlegri skýrslu fullrúa iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Samtaka Iðnaðarins sem birt var í síðasta mánuði. Það var fyrrum forstjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri, Ingi Björnsson, sem reiknaði þetta út og hefur tölunum ekki verið mótmælt.

Ingólfur Sverrisson, deildarstjóri hjá Samtökum Iðnaðarins, segir að ekki sé leyfilegt að taka tillit til þessa þegar verið sé að reikna út tilboð. Hins vegar séu þetta áhugaverðar upplýsingar. - ss




Nýtt meistaranám í kennslufræði
fyrir stærðfræði- og raungreinakennara í samstarfi
Columbia University og Háskólans í Reykjavík

KYNNINGARFUNDUR

Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, föstudaginn 18. mars kl. 12.00

**Dagskrá**

**Stærðfræði- og raungreinakennsla í íslenskum skólum**
Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri námskrárdeildar, Menntamálaráðuneytinu.

**Geta allir kennt stærðfræði?**
Lárus H. Bjarnason, stærðfræðingur og rektor Menntaskólans við Hamrahlíð.

**'The Importance of Math Education'**
Dr. Bruce Vogeli, prófessor í stærðfræðimenntun við Columbia-háskóla í New York.

**Hvers vegna sérstakt nám fyrir stærðfræðikennara?**
Dr. Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði við Háskólann í Reykjavík og Chalmers tækniháskólann í Gautaborg.

*Fundarstjóri: Dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík.*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is

FABRIKAN

# Alltaf ódýrari!




Alltaf bestu pakkarnir! Allt innifalið og engin aukagjöld!

## V16 extra

- 4 Mb/s hraði
- 2 GB erlent niðurhal
- 3 Póstföng
- 50 MB Heimasíðusvæði
- 1,99 kr. MB umfram erlent niðurhal

! Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds

! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**3.890 kr.**

á mánuði allt innifalið!*

Taktu fleiri bita á betra verði!




BTNET
fleiri bitar • meiri hraði

Þú færð BTnet í verslunum BT á höfuðborgarsvæðinu eða í síma 588-1234 og við sendum forstilltan BTnet búnað heim til þín. Nánar á www.btnet.is

*M.v. 12 mánaðarsamning. Straumgjöld til símfyrirtækja innifalin. Tilboð þessu líkur 1. apríl 2005



**VELKOMIN Í HEIMINN**
Vísindamenn í Idaho uppgötvuðu á dögunum áður óþekkta rækjutegund sem þeir hafa gefið nafnið álfarækja. Álfarækjan lifir í stöðuvötnum sem þorna upp yfir vetrartímann en á meðan geta egg þeirra legið í dvala. Ungviðið klekst síðan út með vorinu.

Æ fleiri þjóðir kalla herlið sitt frá Írak:

# Bush segir bandalagið ekki í hættu

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti kvaðst í gær skilja hvers vegna bandamenn sínir vildu kalla hermenn sína heim frá Írak en þvertók fyrir að bandalag hinna viljugu þjóða væri hrunið.

Síðan Bandaríkjamenn gerðu innrásina í Írak fyrir um tveimur árum hafa fjórtán þjóðir dregið herlið sitt heim frá landinu. Í fyrradag boðaði svo Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, brottflutning ítalskra hermanna frá Írak með haustinu en 3.000 Ítalir gegna herþjónustu í landinu. Ákvörðun Berlusconis kemur í kjölfar mikillar reiðiöldu á Ítalíu vegna morðsins á ítölskum leyniþjónustumanni sem tók þátt í að frelsa blaðakonuna Giuliana Sgrena á dögunum. Hollenskir og úkraínskir hermenn streyma nú einnig heim frá Írak.

Bush sagði að Bandaríkjamenn yrðu í Írak þangað til Írakar væru sjálfir í stakk búnir til að taka við landvörnum og löggæslu landsins. Aðspurður neitaði hann því að bandalag hinna viljugu þjóða væri að hrynja þótt margar þjóðir drægju nú herlið sitt heim. ■



MYND/AP

**BUSH Á BLAÐAMANNAFUNDI Í GÆR**
Bandaríkjaforseti kvaðst skilja bandamenn sína en sagði engin áform uppi um brottflutning bandarískra hermanna.

## BANDARÍKIN

**KRÓKÓDÍLL ÉTUR MANN.** Lík af manni fannst í tjörn í Flórída. Var greinilegt að krókódíll hafði gætt sér á honum því handleggur mannsins fannst í maga dýrsins. Talið er að maðurinn hafi reynt að gefa honum að éta en teygt sig of langt.

**AÐSTOÐAÐI FÖÐUR SINN VIÐ SJÁLFSMORÐ** Fjórtán ára gömul stúlka hefur verið handtekin í Boulder í Colorado fyrir að hafa banað föður sínum. Hún segir að hún hafi verið að aðstoða hann við sjálfsvíg.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**LÝST EFTIR STOLNUM BÍL** Lögreglan í Kópavogi auglýsir eftir bifreiðinni YK-564, Subaru Impreza 2WD, ljósblárri að lit, sem stolið var frá Marbakkabraut 10 í Kópavogi 15. september 2004. Tekið er við upplýsingum hjá varðstjóra í síma 560-3040.

Auglýsingar um fréttastjórastöður RÚV:

# Deilt um starfslýsingu

**RÍKISÚTVARPIÐ** Auglýsingar um störf fréttastjóra Útvarps og Sjónvarps hafa verið til umræðu vegna ráðningar fréttastjóra hjá RÚV. Greinir menn á um hvort í síðari auglýsingunni hafi falist endurskilgreining á starfinu eða ekki. Elín Hirst var ráðin fréttastjóri Sjónvarps á grundvelli fyrri starfslýsingarinnar, en Auðun Georg Ólafsson fréttastjóri útvarps á grundvelli hinnar síðari.

**FRÉTTASTJÓRI SJÓNVARPSINS**



ELÍN HIRST

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur fréttastofu Sjónvarpsins.
- Ábyrgð á fjármálum fréttastofunnar.
- Eftirfylgni með áætlunum og markmiðum hennar.
- Faglegt eftirlit og gæðamat.
- Forsvarsmaður fréttastofu innan lands sem utan.

**Menntunar – og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun nauðsynleg og / eða umtalsverð starfsreynsla við fjölmiðla og sjónvarp.
- Reynsla af stjórnunarstörfum.
- Þekking á fjármálum og rekstri.
- Skipulags – og samstarfshæfileikar.

**FRÉTTASTJÓRI ÚTVARPSINS**



AUÐUN GEORG ÓLAFSSON

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur fréttastofu Útvarpsins, verkstjórn og ritstjórnarleg ábyrgð.
- Ábyrgð á fjármálum fréttastofunnar.
- Eftirfylgni með áætlunum og markmiðum í starfsemi fréttastofunnar.
- Faglegt eftirlit og gæðamat.

**Menntunar – og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er nýtist í starfi og/ eða umtalsverð starfsreynsla við fjölmiðla nauðsynleg.
- Góðir skipulags- og samstarfshæfileikar.
- Frumkvæði.
- Reynsla af stjórnunarstörfum og þekking á fjármálum og rekstri æskileg.




**HJARTADEILD**
Mósa bakterían varð til þess að loka varð rúmum á hjartadeild og taka deild sem notuð var fyrir hjartaþræðingar undir bráðasjúklinga. Það varð enn til að lengja biðlistann.

# Bráðveikt fólk á biðlistum

**Þess eru dæmi að fólk sem er á biðlistum eftir hjartaþræðingum hafi þurft að fara á bráðamóttöku og endað í aðgerð, að sögn sviðsstjóra á Landspítala.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Þess eru allmörg dæmi, að fólk sem hefur verið á yfir 200 manna biðlista eftir hjartaþræðingu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hefur komið á bráðamóttöku og endað í aðgerð, að sögn Guðmundar Þorgeirssonar sviðsstjóra lyflækningasviðs LSH. Biðin getur nú orðið þrír eða fjórir mánuðir, ef taka þarf bráðatilvik fram fyrir listann.

Biðlistar eftir hjartaþræðingum á spítalanum voru svo gott sem úr sögunni snemma árs 2004. Á þessu ári varð hins vegar ljóst að rekstur hjartadeildarinnar fór stigvaxandi fram úr settum kostnaðarmarkmiðum, þannig að deildinni var gert að skera niður og lengja sumarlokanir. Það varð til þess að biðlisti byggðist óðum upp aftur og á honum eru nú á þriðja hundrað manns.

Guðmundur segir að einhver aukning hafi orðið á eftirspurn eftir hjartaþræðingum, pláss vanti fyrir sjúklingana og á niðurskurðartímum sé erfitt að mæta þeim mikla efniskostnaði sem hjartaþræðingar hafi í för með sér.

„Í ár fengum við sérstaka fjárveitingu, um það bil 23 milljónir, til að gera átak í þessum biðlistum,“ sagði hann. „Hún nægir ekki til að ná niður þessum lista, en er þó skref í rétta átt.“

Guðmundur segir að umrædd þjónusta sé dýr og hafi vaxið mikið á undanförnum árum, án þess að fjármunir komi þar á móti. Spurður um hvað hver hjartaþræðing kostaði að meðaltali, sagði hann að inni í þeirri tölu yrði að gera ráð fyrir því að um 40-50 prósent þeirra sem færu í slíka rannsókn færu í kransæðavíkkun í beinu framhaldi. Ef reiknað væri með að tíu manns færu í þræðingu og fjórir þar af í kransæðavíkkun með tilheyrandi kostnaði, þá væri jafnaðarverð hverrar þræðingar um 250-300 þúsund krónur. Heildarkostnaður við rekstur þræðingarstofunnar næmi 300-400 milljónum á ári.

„Við erum að vona að við fáum fleiri rúm fyrir hjartadeildina í byrjun næsta árs, svo og betra skipulag svo ekki þurfi að flytja inniliggjandi sjúklinga milli hæða,“ sagði Guðmundur. „Það mun tvímælalaust bæta afköstin. Þá þarf fjármagn sem nægir til að reka hjartaþræðingastofuna svo unnt sé að anna eftirspurn. En ferlið sem slíkt gengur hratt og vel fyrir sig og bráðaþjónustan er skjót og örugg.“

jss@frettabladid.is




Óteljandi möguleikar

SIEMENS

JKE DESIGN

Mörkin 1 · 108 Reykjavík · Sími: 515 0700
www.jke-design.dk

Vegurinn til Kópaskers:

# Eins og kúamykja í rigningu

**SAMGÖNGUR** Mikil slysahætta stafar af tólf kílómetra vegarkafla sem liggur til Kópaskers segir Elvar Árni Lund, sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps. Sveitarstjórnin hefur sent frá sér ályktun þar sem skorað er á samgönguráðherra og þingmenn Norðausturkjördæmis að tryggja fjármagn til að laga veginn.

Um þennan vegakafla fer öll umferð að austan til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar. Þá segir Elvar Árni einnig að daglegur skólaakstur liggi um þennan vegspotta.

Í ályktuninni segir að vegakaflinn sé í raun ónýtur og er veginum lýst þannig að hann sé eins og kúamykja í rigningu og líkist helst hveiti í þurrki. Þá liggi höfuðstórir steinar nálægt veginum og samsvarandi holur.

Þá kemur einnig fram að samkvæmt matsskýrslu Vegagerðarinnar sé úrbóta ekki að vænta fyrr en árið 2014 þegar nýr vegur yfir Hólaheiði hefur verið lagður. Er lagt til að tíminn sem fari í umhverfismat og annan undirbúning á þeirri vegalögn verði notaður til að klára bútinn sem um ræðir. ■



**ÓNÝTUR VEGUR**
Erfitt er fyrir íbúa Kópaskers og nágrennis að halda bílunum hreinum.



**HELFARAR MINNST**
Margmenni er saman komið í Jerúsalem við opnun nýs safns til minningar um helförina. Í nafnasalnum er 600 ljósmyndum fórnarlamba nasista raðað í spíral eftir hvelfdu loftinu.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Þriggja mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður var dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir innbrot og þjófnað og enn fremur brot á vopna- og fíkniefnalögum en viðkomandi á að baki langan brotaferil. Þóttu því ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Var maðurinn sekur fundinn um að hafa brotist inn í nýbyggingu Lágafellsskóla í Mosfellsbæ og stolið verkfærum sem metin voru á tæpa milljón króna og fyrir að hafa tvívegis á síðasta ári framið vopnalagabrot. Játaði maðurinn að hluta sök en rök hans þóttu veik og tók dómurinn þau ekki til greina. - æöe

Norður-Rússland:

# Tugir dóu í flugslysi

**MOSKVA, AP** Flugvél fórst í Rússlandi í gær með 50 manns innanborðs. Rússeskir embættismenn segja að 29 farþegar hafi týnt lífi en 23 bjargast en þar af eru tíu sagðir mjög alvarlega slasaðir

Flugvélin var í aðflugi að bænum Varandei í Nenets-héraði nyrst í Rússlandi. Í fyrstu var talið að allir um borð hefðu dáið en að sögn Interfax-fréttastofunnar hringdu þeir sem komust lífs af eftir hjálp úr gervihnattasíma.

Flugvélin var af gerðinni An-24 og var smíðuð af Sovétmönnum á sjöunda áratugnum. ■

## DANMÖRK

**LAGST GEGN HÁLSSKURÐI DÝRA** Dýraverndunarráð Danmerkur leggst eindregið gegn því að dýr séu aflífuð í samræmi við helgisiði múslima og gyðinga. Þá eru dýrin skorin þvert á hálsinn svo þeim blæði til dauða. Að sögn Jyllandsposten taldi ráðið þetta í lagi árið 1997 en nú hefur það skipt um skoðun.

**FLUGVALLARSKATTAR LÆKKAÐIR** Flugvallarskattar á Kastrupflugvelli verða lækkaðir um fimmtán prósent á næsta ári að sögn Ekstrabladet. Stjórnvöld vilja gera þetta til að laða að lággjaldaflugfélög. Í staðinn verða skattar hækkaðir á þá sem nota flugvöllinn til tengiflugs.

## PAKISTAN

**35 FARAST Í SKIPSBRUNA** 35 manns eru látnir af brunasárum sínum eftir að eldur kom upp í pakistönsku herskipi í síðustu viku. Skipið var í slipp í Karachi og af ókunnum orsökum varð það að einu eldhafi á augabragði. 60 manns liggja alvarlega særðir á sjúkrahúsi.




# ÞAÐ HEFUR ALD
# GAMAN AÐ FYLLA Ú

ENNEMM / SÍA / NM15613

## FYRIR

Íbúðarhúsnæði er með áhvílandi veðskuldir
að fjárhæð 10,5 milljónir króna.

| Staðsetning íbúðarhúsnæðis: | | | | | | | Vaxtagjöld og lán eða lánshlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupár: | | Fyllist út af skattstjóra | 299 | | | | 9 Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis | 10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis |
| 1 Lánveitandi: **Íbúðalánasjóður** | Lánsnúmer | Hlutfall (%) 5,10% | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími 25 ár | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + 450.829 | 6 Afborgun af nafnverði − 128.640 | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | 3 2 2 1 8 9 | 6 2 0 1 3 5 9 |
| 1 Lánveitandi: **Lífeyrissjóður** | Lánsnúmer | Hlutfall (%) 4,30% | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími 25 ár | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + 136.168 | 6 Afborgun af nafnverði − 46.675 | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | 8 9 4 9 3 | 2 0 0 1 3 2 5 |
| 1 Lánveitandi: **Banki** | Lánsnúmer | Hlutfall (%) 7,40% | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími 10 ár | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + 438.582 | 6 Afborgun af nafnverði − 255.696 | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | 1 8 2 8 8 6 | 2 3 0 1 3 0 0 |
| Fært af framhaldsblaði RSK 3.01 | | | | | | | | |
| Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals | | | | | | 87 | **5 9 4 5 6 8** | 45 1 0 5 0 3 9 8 4 |

# REI VERIÐ SVONA
# T **SKATTFRAMTALIÐ**




## EFTIR

Sama húsnæði er fjármagnað með **KB ÍBÚÐALÁNI** til 40 ára að upphæð 10,5 milljónir króna.

| Staðsetning íbúðarhúsnæðis: | | | | | | | Vaxtagjöld og lán eða lánshlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupár: | | | Fyllist út af skattstjóra | 299 | | | 9 Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis | 10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis |
| 1 Lánveitandi KB ÍBÚÐALÁN | Lánsnúmer | Hlutfall (%) 4,15% | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími 40 ár | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + 546.143 | 6 Afborgun af nafnverði − 105.690 | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | 4 4 0 4 5 3 | 1 0 4 9 9 3 1 0 |
| 1 Lánveitandi | Lánsnúmer | Hlutfall (%) | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + | 6 Afborgun af nafnverði − | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | | |
| 1 Lánveitandi | Lánsnúmer | Hlutfall (%) | 2 Lántökudagur | 3 Lánstími | 4 Yfirtökudagur | | | |
| 5 Heildargreiðslur ársins + | 6 Afborgun af nafnverði − | 7 Afföll + | 8 Lántökukostnaður + | | | = | | |
| Fært af framhaldsblaði RSK 3.01 | | | | | | | | |
| Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals | | | | | | 87 | 4 4 0 4 5 3 | 45 1 0 4 9 9 3 1 0 |

Í dæminu er miðað við greiðslur í heilt ár. Lánið er tekið í desember árið á undan með fyrstu afborgun í janúar. Ekki er gert ráð fyrir verðbólgu.

Vaxtagjöldin voru 594.568 kr. en lækka í 440.453 kr. með KB ÍBÚÐALÁNI til 40 ára, sem er sparnaður upp á **154.115 kr.** á ári. Heildargreiðslubyrðin á ári var 1.025.579 kr. en lækkar í 546.143 kr. með KB ÍBÚÐALÁNI.

Kynntu þér **KB ÍBÚÐALÁN** í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.

KB BANKI
– kraftur til þín!

24 stundir

**EFTIRMÁL:** INNFLUTNINGUR Á LAMADÝRUM

# *Lamadýrafélagið lagði upp laupana*

Fyrir rúmlega tveimur árum sótti Íslenska lamadýrafélagið um leyfi til landbúnaðarráðuneytisins fyrir innflutningi á lamadýrum. Að félaginu stóðu Hjalti Már Björnsson læknir, Ómar Ingþórsson landslagsarkitekt og Sigurjón Jónsson jarðeðlisfræðingur. Þremenningarnir skoðuðu lamabúgarða í Bandaríkjunum og sannfærðust um að lamadýr væru ákjósanlegir íbúar á Íslandi.



„Því miður sló Guðni Ágústsson á drauma okkar," rifjar Hjalti Már upp. „Hann neitaði okkur um leyfi og byggði það á áliti yfirdýralæknis sem taldi of mikla hættu á farsóttum fylgja því að flytja dýrin til landsins. Þá ákváðum við að fara ekki lengra með hugmyndina."

Hjalti segir að síðan þá hafi starfsemi Íslenska lamadýrafélagsins verið lítil sem engin. „Við höfum einbeitt okkur að öðrum hlutum og lagt þessar pælingar á hilluna í bili, en hver veit nema við gerum eitthvað seinna."

Hjalti segir að sér og félögum sínum hafi þótt það raunhæf hugmynd að nota lamadýr til ferðamennsku og kjöt- og ullarframleiðslu. „Þessi dýr geta gengið um nánast sjálfala eins og sauðfé og hestar, þannig að það þarf litla fjárfestingu til að flytja þau inn í landið." Hann segist þó una ákvörðun landbúnaðarráðherra. „Ég held að við verðum að beygja okkur undir álit þeirra sem mest vita um farsjúkdóma dýra." Hjalti segir að til séu aðrir kostir sem ef til vill sé vert að skoða. „Það eru til dæmis möguleikar með sauðnaut á Grænlandi sem mætti skoða en við ætlum ekki að gera það."

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**MJÓLKURLÍTRINN KOSTAR 89 KRÓNUR** Í Grímskjöri í Grímsey.








MYND/BH

**ÁSGEIR Á SAFNINU** Ásgeir er mikill völundur og ver drjúgum tíma í að gera upp illa farnar harmóníkur sem honum hefur áskotnast hvaðanæva af landinu. Hann segir það taka um 200 stundir að koma illa farinni harmóníku í gott ásigkomulag.

# Harmóníkan er ástríða

**Ísfirðingurinn Ásgeir S. Sigurðsson er mikill áhugamaður um harmóníkur. Hann hefur safnað tæplega hundrað hljóðfærum og stofnað eina harmóníkusafn landsins heima hjá sér.**

Í heimahúsi við Urðarveg 60 á Ísafirði er sérstakt safn. Þar hefur Ásgeir S. Sigurðsson komið um fimmtíu glæsilegum harmóníkum haganlega fyrir í einu herbergi og býður gestum og gangandi að líta við og berja þær augum.

„Hugmyndin að safninu kviknaði fyrir um fjórtán árum þegar ég fékk gamla harmóníku gefins," rifjar Ásgeir upp. „Þá fór ég að grennslast fyrir um fleiri hljóðfæri og komst að því að margir vildu losa sig við gamlar harmóníkur en vildu vita af þeim á stað þar sem yrði hugsað vel um þau." Söfnunin gekk mun betur en Ásgeir bjóst við og í dag hefur hann eignast tæplega hundrað dragspil. Ekki nema helmingur þeirra rúmast fyrir í safnherberginu og þarf restin því að dúsa uppi á háalofti. „Ég hef tilkynnt að ég muni gefa Ísafjarðarbæ safnið þegar hann eignast húsnæði fyrir það og bæjaryfirvöld hafa tekið vel í það."

Ásgeir segist bera sérstakar taugar til hljóðfæra sem eiga sér sögu. „Harmóníkan var eina danshljóðfærið hér áður fyrr og hélt uppi skemmtanalífi margra byggðarlaga. Ég hef lagt mig eftir hljóðfærum þekktra harmóníkuleikara og meðal annars komist yfir fyrstu harmóníkur Jóhanns Jósepssonar frá Ormarslóni í Þistilfirði, sem var mikill frumkvöðull, og Lýðs Siggtryggssonar frá Akureyri, en hann er eini Íslendingurinn sem hefur orðið Norðurlandameistari í harmóníkuleik."

Dragspilin eru ekki öll í góðu ástandi en Ásgeir dundar sér við að gera þau upp. „Þetta er allra handa vinna; mikil trésmíði og lagfæringar á belgnum eru nánast bókbandsvinna. Þetta er mikið nostur. Ætli það taki mig ekki um 200 stundir að gera illa farna harmóníku upp," segir Ásgeir en tekur fram að hann vilji glaður eignast fleiri hljóðfæri.

Ásgeir er giftur Messíönu Marzellíusdóttur, en svo skemmtilega vill til að hún er harmóníkukennari við Tónlistarskólann á Ísafirði, og síður en svo á móti því að hafa safnið heima hjá sér. „Við spilum mikið saman hjónin og erum samhent í þessu," segir Ásgeir, sem býr sig undir landsmót harmóníkufélaga í Neskaupstað í sumar. ■

Ánum sleppt út:

# Vetrarbeit

Veðrið hefur leikið við menn og skepnur í Suður-Þingeyjarsýslu að undanförnu og hafa margir bændur gripið tækifærið til þess að setja út kindur sínar.

Innistaðan veldur því að ærnar stirðna og því er það kærkomin tilbreyting að koma út undir bert loft til þess að viðra sig auk þess sem ekki sakar að fá sér kropp á einhverju túninu.

Á dögunum mátti sjá fé úti á nokkrum bæjum í Mývatnssveit og á myndinni eru kindur á einu fjárbúinu í Vogum að rölta heim í fjárhús eftir góðan og sólríkan sunnudag. ■



**ÚR MÝVATNSSVEIT** Kindum, líkt og mönnum, þykir gott að hreyfa sig og anda að sér frísku lofti.

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÞÆGINDIN Í FYRIRRÚMI** Flugfreyja hjá Flugfélagi Katar sýnir gesti á ferðaráðstefnu hve sætin á fyrsta farrými eru þægileg.



**BLÖNDUÓSKIRKJA** Eitt af þekktustu kennileitum Blönduóss.

Átökin á Blönduósi:

# Ná ekki til Vilkó

Þó að gusti í pólitíkinni á Blönduósi gengur lífið í Vilko sinn vanagang. Þar hafa súpur og grautar verið framleidd um árabil og bökunarvörur í seinni tíð. Upphaflega var Vilko í Kópavogi en í tæp tuttugu ár hefur verksmiðjan verið á Blönduósi.

Guðmundur Sveinsson, starfsmaður Vilko, kippir sér lítið upp við það þó meirihluti bæjarstjórnar hafi sprungið í fyrradag og segist lítið inni í pólitískri umræðu. Það er kannski ágætt því svo mikið er að gera í Vilko að menn hafa vart undan við framleiðsluna.

„Það er alveg brjálað að gera," segir Guðmundur og helgast það helst af því að vörum er enn handpakkað eftir brunann sem varð á Blönduósi í haust.

Vélar eru væntanlegar og fækkar handtökunum þá aftur.

Af Vilko-vörunum er Guðmundur hvað hrifnastur af kakósúpunni en segir bláberjasúpuna reyndar líka mjög góða.

Blönduós hefur skapað sjálfum sér þá stöðu að vera matvælabær og er þar haldin matarhátíð á hverju sumri. ■










360 gráður

**FBL. GREINING:** ERFIÐ STJÓRNARMYNDUN Í ÍRAK

# Ágreiningur um Kúrdistan og íslam

Stjórnlagaþing Íraka kom saman í fyrsta sinn í gær þrátt fyrir að sigurvegarar kosninganna væru enn að koma sér saman um myndun ríkisstjórnar. Það sem í upphafi virtist létt verk hefur reynst þrautinni þyngri.

**Á hverju strandar?**

Þegar atkvæðin höfðu verið talin upp úr kjörkössunum eftir kosningarnar í janúar var álitið að kosningabandalag sjía og sameiginlegt framboð Kúrda myndu líklegast mynda stjórnarmeirihluta á þinginu þar sem þau fengu meira en 2/3 hluta atkvæðanna. Fljótlega settust fylkingarnar að samningaborðinu og gekk nokkuð greiðlega að ákveða skipan nýrrar ríkisstjórnar: Sjíar fá forsætisráðherraembættið, forsetinn verður Kúrdi en forseti þingsins verður að öllum líkindum súnníi.

Allnokkur ágreiningur hefur hins vegar verið um tvö veigamikil málefni: stöðu Kúrdistans og hlutverk íslams.

**Kúrdistan**

Bráðabirgðastjórnarskráin sem Írak er stjórnað eftir í dag veitir Kúrdum talsverð réttindi enda er það í samræmi við það sjálfstæði sem héraðið hefur notið undanfarin ár. Þeir hafa til dæmis neitunarvald á stjórnlagaþinginu og er heimilt að halda úti sínum eigin peshmerga-hersveitum. Við þetta bætast svo kröfur þeirra um borgina Kirkuk en Kúrdar líta á hana sem höfuðstað sinn. Sjíum finnst hins vegar skjóta skökku við að eitt þjóðarbrot fái slík völd og óttast að með þeim sé grafið undan lýðræðinu. Kúrdarnir eru hins vegar að vonum tregir til að gefa upp þau réttindi sem þeir hafa þegar áunnið sér.

**Íslam**

Þorri Íraka aðhyllist íslam og ríflega 60 prósent íbúanna eru sjíar. Þótt Kúrdar séu einnig múslimar eru þeir almennt hlynntari aðgreiningu trúar og stjórnmála.

Þegar bráðabirgðastjórnarskráin var samin deildu Kúrdarnir hart við sjía um hlutverk íslams í Írak. Sjíar vildu að kveðið yrði á um að löggjöfin yrði algerlega á grunni íslamskra kennisetninga en á endanum fengu Kúrdar því framgengt að íslam verður ein af mörgum uppsprettum löggjafarinnar. Um þetta ríkir ennþá ágreiningur.

Þar með sannast hið fornkveðna: Ef ósamið er um eitthvað þá hefur ekki verið samið um neitt.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JALAL TALABANI** Hann verður að líkindum næsti forseti Íraks.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HÁRSBREIDD FRÁ BOLA** Ródeókappinn Wesley Silcox rétt náði að mjaka sér undan nautinu sem hann keppti á í ródeókeppni í Houston, Texas í fyrradag.

# Sveigjanleg meðferð á nýjum Teigi

**Boðið verður upp á svokallaða sveigjanlega áfengismeðferð á Teigi sem nú hefur verið flutt í nýtt húsnæði. Um er að ræða hugræna atferlismeðferð sem byggð er á sálfræðilegum grunni. Hún er ný af nálinni hér á landi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Áfengismeðferð á Teigi verður breytt með flutningi dagdeildarinnar frá Flókagötu inn í geðdeildarbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Teigur hefur þegar verið opnaður í hinu nýja húsnæði og verður nú boðið upp á sveigjanlega meðferð, að sögn Bjarna Össurarsonar yfirlæknis.

„Meðan deildin var rekin á Teigi var boðið upp á fastan meðferðarpakka,“ sagði hann. „Nú er fyrirhugað að hafa meiri sveigjanleika í meðferðinni og sníða hana betur að þörfum hvers sjúklings. Fólk getur komið mislengi inn í meðferðina og nýtt sér mismikið af úrræðum. Þeim sem það hentar geta notað öll úrræðin og er þá heildarmeðferðartíminn frá morgni til klukkan tvö á daginn í sex vikur. Aðrir geta verið skemur á daginn og þurfa ekki endilega að taka sex vikna meðferð. Öllum er svo boðið upp á vikulegan stuðningshóp í tólf vikur eftir dagmeðferð. Þetta fer allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.“

Bjarni sagði að þá hefði meðferðaráherslum verið breytt, meðferðin væri nú byggð meira á sálfræðilegum grunni, því sem kallað væri hugræn atferlismeðferð. Sú nálgun hefur ekki verið notuð hér á landi áður við meðhöndlun fíknivandamála og mætti nefna að sálfræðingar sæju nú um hópmeðferðarúrræði á hinum nýja Teigi.

**Góður árangur**

Spurður um hvort 12 spora meðferðin væri ekki lengur notuð, sagði Bjarni að slík vinna væri ekki lengur inni á Teigi. Hins vegar væri lögð áhersla á að hvetja fólk til að ganga í AA-samtökin, þar sem unnið væri í anda 12 spora kerfisins.

„Það hefur sýnt sig í rannsóknum að þær aðferðir sem við notum nú á Teigi hafa borið góðan árangur. Þá hafa þær virkað vel hjá fólki sem er með aðrar geðraskanir, en það er sá hópur sem við höfum mestar skyldur gagnvart. Loks er rekin öflug hópmeðferð við öðrum geðröskunum svo sem kvíða, félagsfælni og þunglyndi hér á spítalanum og það er viss kostur að geta notað sama meðferðarmódel gegn áfengissýki og öðrum sjúkdómum.“

Bjarni sagði að 30 manns gætu nú verið í fullri meðferð á Teigi á hverjum tíma. Nýir sjúklingar væru teknir inn hálfsmánaðarlega, tíu í senn. Síðan væri fyrirséð að mun fleiri gætu komið inn í einstök úrræði. Þau væru til að mynda fólgin í þematengdri hópvinnu, svo sem sjálfstyrkingu, fræðslu og fyrirlestrum. Einnig eru kynjaskiptir hópar svo sem almennt tíðkast í fíknimeðferð í heiminum. Allir sem eru í meðferð hafa sinn eigin ráðgjafa sem heldur utan um mál þeirra.

**Á gömlum grunni**

Meðferðardeildin Teigur stendur á gömlum grunni. Hún var upphaflega opnuð á Vífilsstöðum sem legudeild fyrir áfengissjúka árið 1976. Síðan var hún flutt á Flókagötuna árið1995 og eftir það starfrækt sem dagdeild sem bauð upp á fastan meðferðarpakka. Sjúklingar komu að morgni en fóru heim til sín síðdegis. Hugsunin á bak við það var sú að endurhæfa fólk í sínu eiginlega umhverfi. Talið var mikilvægt að bjóða fólki upp á þann kost, þar sem það gæti jafnframt meðferðinni fengist við allar kveikjurnar að áfengisneyslunni og áreitið úti í samfélaginu.

Í nýju húsnæði, sem tekið var í notkun nú í vikunni, er boðið upp á dagdeildarþjónustuna, en með breyttum áherslum. Fjölmennasti hópurinn er á bilinu 30-40 ára, að sögn Bjarna, en annars eru sjúklingarnir á öllum aldri frá 18 ára.

„Við sjáum fyrir okkur að allur samrekstur verði auðveldari nú eftir að Teigur er kominn undir sama þak í spítalabyggingunni,“ sagði Bjarni. „Við erum með þrjár einingar, göngudeild, innlagnardeild og dagdeild. Þetta býður upp á mun meiri teymisvinnu, samnýtingu á úrræðum og starfsfólki, þannig að þetta gerir einstaklingsmiðaða meðferð á Teigi mögulega.

jss@frettabladid.is



**NÝTT HÚSNÆÐI** Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra og Halldóra Ólafsdóttir, yfirlæknir göngudeildar geðsviðs LSH, við opnun Teigs í nýju húsnæði fyrr í vikunni.



**YFIRLÆKNIR** Bjarni Össurarson, yfirlæknir á vímuefnadeild, og Katrín Guðjónsdóttir, deildarstjóri vímuefnadeildar LSH, í hinu nýja húsnæði Teigs þar sem ný meðferðarúrræði fyrir áfengissjúka verða í boði.





Express þýskunámskeið

Æfing #3



Ja, Ich komme! Ich komme schnell!!!

Já ég kem! Ég kem í snarhasti!!!

Búðu þig undir brottför til Frankfurt Hahn á www.icelandexpress.is

Verð frá: 7.995 kr.* Barnaverð: 5.995 kr.*

*Aðra leið með sköttum

Iceland Express




# Total Body Lift

## „Vinnur á þrálátri appelsínuhúð“

Clarins sérfræðingur í líkamsmótun

NÝTT




Segðu bless við appelsínuhúðina. Sjáanlegur árangur, þrálát appelsínuhúð minnkar og húðin sléttist, vegna sérþekkingar Clarins sem byggist á 50 ára reynslu á þessu sviði. Nýir plöntukjarnar efla losun úrgangsefna og stinningu húðarinnar.

Segðu bless við erfiðu fitusvæðin. Með Clarins mótast líkaminn með árangursríkum hætti, mjaðmir grennast og fætur verða léttari. Koffein og plöntukjarnar örva niðurbrot fitu.



Clarins dagar í snyrtivöruverslunum Hagkaupa 17.-21. mars. Með hverju keyptu Total Body Lift kremi fylgir glæsileg gjöf*. Þú getur valið á milli:

Eau Dynamisante gjöf* inniheldur:
- 50 ml líkamskrem
- 30 ml líkamskornasápu
- 15 ml líkamsilm

Eau Ressourcante gjöf* inniheldur:
- 50 ml líkamskrem
- 50 ml bað-og sturtusápu
- 15 ml líkamsilm

*Gildir til 21. mars eða á meðan birgðir endast

Það er staðreynd, Clarins fegrar lífið.

CLARINS PARIS

Gildir til 21. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Eitt hundrað læknanemar við nám í þremur háskólum í Danmörku.

## Læknaskortur brátt úr sögunni

Það er ekki aðeins að háskólastarf standi með miklum blóma hér á landi um þessar mundir og að hver háskólinn verði til á fætur öðrum, heldur virðist sem aldrei hafi fleiri íslenskir stúdentar verið í læknanámi. Í grein í Fréttablaðinu í gær skrifar Ingólfur Ingólfsson, læknanemi í Danmörku, að um eitt hundrað Íslendinga stundi nám í læknisfræði við þrjá háskóla þar í landi – í Árósum, Óðinsvéum og Kaupmannahöfn. Ingólfur segir námið vera að uppbyggingu mjög áþekkt læknanáminu við læknadeild Háskóla Íslands. Læknanám í einu Norðurlandanna er viðurkennt annars staðar á Norðurlöndum, þannig að íslenskir læknastúdentar í Danmörku ættu ekki að þurfa að óttast að þeim verði hafnað hér þótt þeir hafi stundað námið erlendis. Það er löngu þekkt að eftir nám í læknadeild Háskóla Íslands fer stærstur hluti þeirra sem ljúka hér prófi til útlanda til framhaldsnáms. Þannig eru hundruð íslenskra lækna nú í framhaldsnámi erlendis. Margir íslenskir læknar hafa stundað framhaldsnám sitt annars staðar á Norðurlöndum og síðan komið hingað heim til starfa í heilbrigðisgeiranum.

En hvers vegna eru svona margir íslenskir lænanemar við nám í Danmörku? Gera má ráð fyrir að það sé að hluta til vegna þess að þeir hafa ekki komist að í nám við læknadeild HÍ. Þá ber þess að geta að það hefur oft verið auðvelt fyrir Íslendinga að komast að í dönskum háskólum og á dönskukennsla í skólum hér áreiðanlega sinn þátt í því. Þá er á það að líta að engin skólagjöld eru við danska háskóla og íslenskir námsmenn þar njóta sömu kjara hvað varðar námslán og væru þeir hér. Þessi mikla ásókn íslenskra læknastúdenta til Danmerkur kallar ef til vill á einhver viðbrögð frá dönskum yfirvöldum, því töluverður kostnaður hlýtur að hljótast af því fyrir danska skattborgara að vera með eitt hundrað íslenska læknanema í háskólum þar í landi. Það er reyndar ekkert nýtt að Íslendingar flykkist í nám til Danmerkur nú á síðari árum, að ekki sé nú minnst á Hafnarár gömlu stúdentanna. Íslenskir tækniskólanemar hafa löngum verið fjölmennir í Danmörku, enda í sumum tilfellum verið sérstakir samningar í gildi þar að lútandi.

Í grein sinni segir Ingólfur: „Ætla má að læknanemar við Læknadeild Háskóla Íslands séu um 300 talsins. Hundrað manna viðbót við þann fjölda er töluverð aukning. Að auki fjölgar íslenskum læknanemum í Ungverjalandi jafnt og þétt.“ Þeir munu vera á þriðja tug. Síðar segir hann: „Með tilkomu þessa stóra hóps læknanema er kannski komin sú heilbrigða samkeppni við Læknadeild Háskóla Íslands sem sumir telja að hafi vantað. Það hlýtur að teljast jákvætt fyrir heilbrigðismál á Íslandi að svo margir kjósi að mennta sig erlendis og komi þannig með vinnukraft, þekkingu og nýjar hugmyndir til landsins.“

Þarna er líklega komin lausnin á læknaskorti hér á landi og þá sérstaklega hvað varðar landsbyggðina, því þar hefur oft reynst þrautin þyngri að manna læknishéruð. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Íhuga tilboð

Innan skamms ræðst hvort Guðfinna Bjarnadóttir rektor og samstarfsfólk hennar í Háskólanum í Reykjavík (með Tækniháskólann innanborðs) ákveða að fara í viðræður við Garðabæ eða Reykjavík um framtíðarstaðsetningu skólans. Hefur fyrrnefnda sveitarfélagið í nokkur ár unnið að skipulagi háskólaþorps í Urriðaholti og liggja fyrir vandaðar tillögur um hvernig skólanum yrði þar fyrirkomið með stúdentagörðum og annarri þjónustu. Reykjavíkurborg virðist hafa verið nokkuð sein að átta sig á því að hún væri hugsanlega að missa nokkurra þúsund manna háskóla úr borginni en brást við fyrir nokkrum dögum með tilboði um „bestu lóð á landinu“, austan við flugvöllinn í Nauthólsvíkinni. Margir óttast að verði tillagan að veruleika sé verið að eyðileggja eitt dýrmætasta útivistarsvæði höfuðborgarinnar.



### Gagnrýnt

Málið kom til umræðu á fundi borgarstjórnar á þriðjudaginn og gagnrýndi minnihlutinn þá tillöguna harðlega þótt hann sé eðlilega hlynntur því að skólinn verði áfram innan borgarmarkanna. Björn Bjarnason rifjaði upp að borgaryfirvöld hefðu á sínum tíma hreykt sér af gerð Ylstrandarinnar og sjóbaðsins í Nauthólsvík og oft rætt um nauðsyn þess að varðveita svæðið í kringum víkina sem sérstakan kyrrlátan unaðsreit borgarbúa. Nú væri hugmyndin hins vegar sú að breyta þessum reit í athafnasvæði mörg þúsund manna háskóla með öllum þeim umsvifum sem slíkri starfsemi fylgdu.

### Fljótræði

„Margt bendir því miður til þess, að hér séu menn í fljótræði á síðustu stundu að reyna að bjarga sér út úr vanda. Málið hafi í raun ekki verið hugsað til enda fyrir utan að alla almenna kynningu á því skortir,“ sagði Björn. Hann benti enn fremur á að hugmyndir um Háskólann í Reykjavík á flugvallarsvæðinu gengu gegn nýlegu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og gera þyrfti verulegar á því í samvinnu allra sveitarfélaga til að hugmyndin næði fram að ganga.

gm@frettabladid.is

## Sinnaskipti eða hrakningar?

Í DAG
FRAMFÖR ÍSLANDS



ÞORVALDUR GYLFASON

Framför Íslands undangengin ár er ótvíræð. Landið hefur skipt um ásjónu: það er engu líkara en landið hafi einnig skipt um ábúendur, en svo er þó ekki nema að litlu leyti. Í þessum dálki og tveim öðrum langar mig að velta upp ýmsum hliðum þeirrar þróunar, sem hér hefur átt sér stað að undanförnu og heldur áfram, og stikla á stóru.

Skoðum forsöguna fyrst. Ísland var bláfátækt um aldamótin 1900: þjóðin hafði varla neitt til neins, hér stóð varla steinn yfir steini. Ísland var eymdartákn að bókmenntum landsins einum undan skildum, ekki aðeins í augum útlendinga, heldur einnig í augum Íslendinga sjálfra – líkt og Afríka er eymdartákn á okkar dögum. Íslendingar voru um aldamótin 1900 hálfdrættingar á við Dani, og nú stöndum við jafnfætis Dönum. Tekjur á mann á Íslandi hafa tólffaldazt síðustu hundrað ár, tekjur á mann í Danmörku hafa sexfaldazt. Þessi árangur er markverður m.a. fyrir þá sök, að Íslendingum voru lengi eins og Írum mislagðar hendur í efnahagsmálum, að ekki sé meira sagt. Landið var reyrt í víðtæka viðskiptafjötra frá 1930 til 1960 og losnaði ekki nema til hálfs úr viðjunum í viðreisnarbyltingunni 1960 og hefur ekki enn náð fullum frelsisþroska. Viðjarnar skertu kjör þjóðarinnar og kölluðu á skuldasöfnun í útlöndum til að vega á móti kjaraskerðingunni af völdum vondrar hagstjórnar. Önnur afleiðing var mikil verðbólga, einkum frá 1970 til 1990 – næstmesta verðbólga á OECD-svæðinu á eftir Tyrklandi. Verðbólgan bitnaði á arðsemi fjárfestingar og gróf undan efnahagslífinu með því móti og ýtti um leið undir óhóflega skuldasöfnun í útlöndum.

Af hverju stafaði óstjórnin? Sumpart helgaðist hún af kjördæmaskipan, sem tefldi völdum og áhrifum í hendur dreifbýlis á kostnað þéttbýlis. Viðskiptaviðjarnar 1930-1960 voru skilgetið

> **Af hverju stafaði óstjórnin? Sumpart helgaðist hún af kjördæmaskipan, sem tefldi völdum og áhrifum í hendur dreifbýlis á kostnað þéttbýlis.**

afkvæmi þeirrar skoðunar, að dreifbýli væri æðra þéttbýli og nauðsyn bæri til að hefta straum fólksins úr sveitunum og þau öfl, sem knúðu strauminn áfram – markaðsöflin. Það lifir enn í þessum gömlu glæðum. Þrálát staðsetning Reykjavíkurflugvallar á rándýru byggingarlandi í miðri Reykjavík er t.a.m. byggðamál, enda berjast nokkrir þingmenn utan af landi gegn því með oddi og eggju, að Reykjavík verði leyst af klafanum og fái að dafna í friði. Þessir þingmenn hegða sér eins og menn, sem hafa tjaldað í túninu heima hjá öðrum – nei, inni í stofu! – og bregðast ókvæða við, ef eigandinn biður þá að gera svo vel að færa sig um set. Það hefur verið landsbyggðarslagsíða á kjördæmaskipaninni frá fyrstu tíð, eins og Hannes Hafstein lýsti strax á fyrstu árum heimastjórnar og varaði við. Alþingi hefur brugðizt við vandanum smám saman með því að tryggja jöfnuð á milli flokka, en það er falskur jöfnuður, af því að útkoman er landsbyggðarslagsíða á flokkunum öllum.

Kjördæmaskipanin var samt ekki eini fúni burðarásinn í innviðum efnahagslífsins á öldinni sem leið. Vinnumarkaðsskipanin frá 1938 bauð upp á þráfellda n ófrið milli verkalýðs og vinnuveitenda, og ríkisrekstur bankakerfisins bauð upp á sóun, sukk og spillingu. Átökum á vinnumarkaði lyktaði iðulega með kjarasamningum, sem engin leið var að efna, svo að stjórnvöld töldu sig þá nauðbeygð til að leysa vinnuveitendur úr snörunni með því að fella handa þeim gengi krónunnar eða prenta peninga, og afleiðingin var mikil verðbólga. Umbjóðendur verklýðsfélaganna litu þó svo á, að þeir væru að reyna að endurheimta fyrri kaupmátt, sem hafði verið hafður af þeim með verðbólgu: menn köstuðu sökinni hver á annan. Þessi vinnumarkaðsskipan stendur enn, en eigi að síður hafa róstur á vinnumarkaði verið minni en áður, og kjarasamningar hafa jafnan verið hóflegir síðan 1990 borið saman við fyrri tíð. Þessi umskipti eru yfirleitt kennd við þjóðarsáttarsamninga 1990, en það er rangnefni, því að þjóðarsáttin var innsigluð með valdboði – bráðabirgðalögum – um kjör háskólamanna skömmu síðar. Og þá vaknar þessi spurning: hvers vegna byrjuðu menn allt í einu að semja um hóflega hækkun kauplags? Menn virðast margir hafa litið svo á, að verklýðsforustan og vinnuveitendur hafi skyndilega skipt um skoðun og ákveðið upp á sitt eindæmi að fara nýjar leiðir. Gylfi Zoëga prófessor andmælir þessari skoðun í grein, sem mun birtast fljótlega í *Fjármálatíðindum*, og það hefur Guðmundur Ólafsson hagfræðingur einnig gert á fundum og í útvarpi. Þeir færa rök að því, að breyttar aðstæður – gjaldþrot, aukið atvinnuleysi – hafi neytt verklýðsforustuna til að skipta um aðferð. Þessar breyttu aðstæður spruttu svo aftur af breyttri stjórn efnahagsmála – vaxtafrelsi, verðtryggingu o.fl. – árin næst á undan. Af hverju stafaði stefnubreytingin? Sinnaskiptum eða hrakningum? Meira næst. ■






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


Tilboðin gilda til sunnudags 20. mars eða á meðan birgðir endast
VILLIKRYDDAÐ
Lamba LÆRI
Villikryddað lambalæri
998 kg KR.
Villikryddaður lambahryggur
1099 kg KR.
Bónus býður betur
Verðöryggi frá upphafi!
KF VILLI GRILLSNEIÐAR
599 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 998kr.
LAMBA
VILLIKRYDDAÐUR
hryggur
VILLIKRYDDAÐAR GRILLSNEIÐAR
40% afsláttur við kassann
VILLIKRYDDUÐ HELGARSTEIK
1099 kg KR.
Á PÖNNUNA Á GRILLIÐ
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99 KR.
350g
Nýtt kortatímabil!
399 kg KR.
EKKERT BRUÐL
DVD spilari fyrir öll kerfin
• 2 Channel • DVD/CD CDR/CDRW/ VCD/SVCD/JPEG/MP3 spilari
3999 KR.
• Dolby Digital AC3 • Digital Theatre Sound (DTS)
• Valmyndakerfi • NTSC afspilun yfir í Pal
• RCA, Scart, Coax og Optical tengi • Fjarstýring
FÆST Í ÖLLUM BÓNUSBÚÐUM
EKKERT BRUÐL
FROSINN
Grillsagaður FRAMPARTUR
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
299 kg KR.
EKKERT BRUÐL
Frosið KS lambalæri
799 kg KR.
SÉRVÖRU VERSLANIR
JDV Fjölkerfa DVD spilari með upptöku
• Spilar DVD/DVD+RW/DVD-RW/DVD+R/DVD-R/SVCD/VCD/CD/CD-R/CD-RW/ MP3/Kodak Picture CD/JPEG play back. DVD+RW/DVD+R Recording
KF HROSSABJÚGU
287 kg KR.
Merkt verð 479kr.
HROSSA bjúgu
KJARNAFÆÐI
40% afsláttur við kassann
...fyrir góðan dag!
19900 KR.
• JPG format playback
• Inngangar: DV (tengi fyrir myndbandsupptökuvélar), Scart, SVHS, AV og RF
• Útgangar: Scart, SVHS, AV, RF, VGA
• Coaxal og optical tengi
• Fullkomin fjarstýring
• Allt að 8 tíma upptaka (DVD+R/RW)
• HQ/SP/LP/EP upptökumöguleikar
• Progressive Scan
• Tekur upp í Dolby Digital
Loksins stafræn upptaka!
Lamba LÆRI
FROSIÐ OG SNYRT SKAGFIRSKT LAMBALÆRI
ERAN/Landlist

# Ágúst – kraftmikill leiðtogi Háskólans

**UMRÆÐAN**
REKTORSKJÖR Í HÍ



**SVAFA GRÖNFELDT**

**Ágúst leggur höfuðáherslu á að efla rannsóknir við Háskólann og öflugt samstarf við atvinnulífið.**

Dr. Ágúst Einarsson prófessor hefur fyrir löngu skipað sér í hóp reyndustu og traustustu leiðtoga Háskóla Íslands. Undir hans stjórn hefur viðskipta- og hagfræðideild blómgast og eflst stórum þrátt fyrir mikla samkeppni frá nýstofnuðum deildum nýrra háskóla hér á landi (tók út setninguna um að samkeppnin hafi ekki verið sanngjörn)!!

Ágúst hefur sýnt það í kosningabaráttunni að hann er ótrúlega fljótur að setja sig inn í málefni og hagsmuni einstakra deilda og skora Háskólans, kemur jafnan vel undirbúinn til kynningarfunda og allir sanngjarnir menn viðurkenna að hann hafi einfaldlega yfirburða þekkingu á rekstri skólans og fjármálum. Þá hefur hann sett fram stefnu í málefnum stúdenta og sýnt að hann mun sem rektor bera hagsmuni þeirra mjög fyrir brjósti.

Ágúst leggur höfuðáherslu á að efla rannsóknir við Háskólann og öflugt samstarf við atvinnulífið. Hann mun beita sér fyrir því að Háskólinn fái meira fé til rannsókna. Engum er betur treystandi til að ná slíkum árangri, reynsla hans af íslenska stjórnkerfinu er einstaklega yfirgripsmikil og stefnan sem hann hefur kynnt í þessum efnum mjög trúverðug. Hann vill fjármagna með nýju fé kennslu og rannsóknir í íslensku, málvísindum, sagnfræði, jarðfræði og guðfræði sérstaklega á fjárlögum enda eru þessar vísindagreinar mjög mikilvægur þáttur af þjóðararfi okkar. Ágúst vill sjá meira samstarf við fyrirtæki við fjáröflun sem ég tel vera afar mikilvægt. Hann hefur náð mjög miklum árangri í því á gagnvart viðskipta- og hagfræðideild og ekki er að efa að sú reynsla muni nýtast Háskólanum mjög vel. Hann hefur einnig lagt til að fyrirtæki fái skattaívilnanir ef þau styrkja rannsóknir og kennslu á háskólastigi svo og til menningarmála. Slíkar skattaívilnanir eru algengar í nágrannalöndunum og brýnt er að sama fyrirkomulag verði innleitt hérlendis.

Við sem höfum starfað með Ágústi í viðskipta- og hagfræðideild getum vitnað um um einstaka stjórnunarhæfileika hans, hversu lipur hann sé í samstarfi, umhugað um velferð samstarfsfólks síns og sérlaga laginn við að laða fólk til samstarfs við hagsmunamál deilda og Háskólans. Rektorsstaðan er fyrst og fremst stjórnunarstaða og það skiptir sköpun að þá stöðu skipi maður sem líklegastur er til að standa fyrir kraftmikilli baráttu fyrir hagsmunum Háskólans og bæta stöðu þessarar virtustu stofnunar íslenska lýðveldisins gagnvart ráðuneytum og stjórnmálaflokkum. Á þessu sviði eru yfirburðir Ágústs Einarssonar ótvíræðir.

*Höfundur er lektor í viðskipta- og hagfræðideild og framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Actavis.*


ÚTSÖLUMARKAÐURINN GLÆSIBÆ

Ótrúlegt úrval af vinsælum herra-, dömu- og barnaskóm:

Frábær verð eða frá kr. 500,-
Mikið úrval af töskum, verð frá kr. 500,-
Nýjar vörur í hverri viku!

Opið sem hér segir:
Laugardaga frá 10:00-17:00
Alla virka daga frá 10:00 –18:00

Nýtt kortatímabil!
Komdu og gerðu góð kaup!

Skómarkaðurinn Glæsibæ
S: 693-0997
skór.is
Valmiki


# Meðlag hátt eða lágt?

**UMRÆÐAN**
MEÐLAG



**BALDVIN NIELSEN**

„Að taka ábyrgð“ var yfirskrift á sjónarmiðum Jóns Kaldal í Fréttablaðinu 13. mars sl. Þar sem hann telur að meðlag sé of lágt. Mig langar að skoða þetta mál frá nokkrum sjónarhornum. Ég hélt að til væri í lögum ákvæði um að ef tekjur meðlagsgreiðanda færu ofar ákveðnum tekjuviðmiðunum væri skylda lögð á hann að bæta við meðlagsfjárhæðina með barninu. Er ekki eitthvað minnst á þetta í hjúskaparlögum? En hver segir að framlag til barns, umframgreiðslan, þurfi endilega að vera peningar til þess foreldris sem barnið býr hjá? Það eru margar leiðir til að koma slíku verðgildi til skila og ekki má gleyma því að meðlagsgreiðandi vill styrkja tengsl sín við barnið og koma til móts við væntingar þess til sín og hvað er þá til betra en góðar gjafir innan skynsamlegra marka?

Að vera ábyrgt foreldri er líka að sinna sínum ungengnisrétti við barnið/börnin eftir skilnað. Sem dæmi er sjálfsagt að meðlagsgreiðandi hafi barnið hjá sér aðra hverja helgi, verði með því þrjár vikur í sumarfríi, hjá því hluta úr jólum og í páskafríinu og allt fer þetta eftir ef foreldrar sýna þá ábyrgð að tryggja velferð barnsins. Þegar barnið býr hins vegar erlendis eða mjög langt frá heimili meðlagsgreiðanda getur reynst þrautinni þyngra að uppfylla þessi skilyrði þó viljinn sé til staðar. Um slíkar aðstæður, þegar foreldri og barni er ókleift að hittast, eru til ákvæði í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að, að stjórnvöld komi þar inn í aðstæður.

Áfram úr umræddri grein: „Hvað um þann kostnað sem sá er heldur barninu heimili á þá eftir að greiða fyrir húsnæði, mat, fatnað og tómstundir barnsins?“ Í fyrsta lagi: Eru það ekki forréttindi að fá að hafa barnið hjá sér eftir skilnað og vera sá aðilinn sem fær óskerta nærveru við að ala það upp? Í öðru lagi: Þarf sá sem heldur barninu heimili ekkert á húsaskjóli að halda nema þá aðeins að barnið sé til staðar? Auðvitað er það eðlilegt að báðir aðilar leggi sama af mörkum til velfarnaðar barnsins, án þess að sérstaklega sé litið til húsnæðis eða tómstunda því báðir foreldrar, eftir skilnað, verða að uppfylla þessi skilyrði og því ekki hægt að setja þennan þátt öðru hvoru foreldri til kostnaðar og hinu þá til tekna.Í þessu ljósi getum við skoðað eftirfarandi dæmi um framfærslufjárhæð sem fylgir barni eftir skilnað: Meðlag, kr. 16.586 á mán. Framlag þess foreldris sem eftir verður á heimilinu kr. 16.586 á mán. Inn í þetta ferli koma síðan barnabætur sem eru að vísu tekjutengdar hér á landi og geta hæst verið með einu barni án skerðingar, yngra en 7 ára, kr. 20.737 á mán, samtals gera kr. 53.909 á mánuði, skattfrítt. Hvort meðlag er of hátt eða of lágt er þessi upphæð samt helmingur þeirrar fjárhæðar sem almennur launþegi aflar með dagvinnu sinni á einum mánuði. Hvernig skyldi þá dæmið líta út hjá þeim sem borga meðlag með tveimur eða fleiri börnum? Ég tel að láglaunastefnan sem rekin er í landinu og áhrif jaðarskatta eigi stóran þátt í þeim vanskilum sem meðlagsgreiðendur standa frammi fyrir í dag.

*Höfundur situr í miðstjórn Frjálslynda flokksins.*






**AF NETINU**

**Að eyðileggja ríkisstofnanir**

Framsókn hefur verið að gerast forstokkaðri í þröngri sérhagsmunagæslu í seinni tíð. Á Sjálfstæðisflokkinn nenna menn varla að eyða orðum í þessu samhengi. Hann hefur hins vegar ekki eins þrönga hugsun og Framsókn. Sjálfstæðisflokkurinn setur yfirleitt til valda og áhrifa menn í ríkisstofnunum sem hafa það yfirlýsta markmið að eyðileggja ríkisrekstur. Það er aumt hlutskipti frjálshyggjumanna, sem stæra sig af andstöðu við ríkisrekstur og almannastofnanir, að hafa ekki meiri sjálfsvirðingu en svo að taka að sér stjórn og umsjá ríkisfyrirtækja þegar þeir sjá sér persónulegan hag í því. Nema þeir telji það vera sérstaka köllun að láta planta sér innanbúðar til að valda tjóni og usla og grafa þannig undan þeim ríkisstofnunum sem þeim er treyst fyrir. Er það ef til vill skýringin á framferði formanns útvarpsráðs, frjálshyggjumannsins Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar í þessu og öðrum ámóta málum sem upp hafa komið?

**Ögmundur Jónasson á ogmundur.is**

# Æska landsins í gíslingu bankanna

UMRÆÐAN
FASTEIGNALÁNIN



ALBERT JENSEN

Mesta aðför að heilsu og fjárhagslegu öryggi íslenskrar æsku, frá einokunartímum og afnámi átthagafjötra, stendur nú sem hæst. Fyrst var fiskiauðlindin gefin útvöldum, svo var stór hluti víðernanna lagður í rúst með hræðilega fyrirsjáanlegum afleiðingum, sem skelfa þá sem skilja. Í kjölfarið kemur ógnvænlegur erlendur skuldabaggi, sem gefur óvinum þjóðarinnar færi á að skaða hana. Þar á ég við þegar stefnt er að einkavæðingu Landsvirkjunar til að bjarga sviksamlegu klúðrinu. Sala bankanna og annara arðgefandi eigna þjóðarinnar á gjafverði er í pakkanum. Og þá eru það mánuðirnir frá því að KB banki gerði aðför að bestu og öruggustu lánastofnun almennings. Með því að hækka lánin og niðurbjóða vexti bauð hann fasteignasölum með sér í darraðardans græðginnar um heimili fjölda fólks. Aðrir bankar fylgdu strax á eftir. Ógnvænlegur ferill hófst. Þeir sem seldu eignir sínar fyrst, án þess að fjárfesta strax, töpuðu mest en kaupendur græddu, en bara í fyrstu. Fasteignasalar og bankar græða þó mest á óðagoti fólks og hækkunum sem eru langt umfram það sem áður hefur gerst. Gróði þeirra magnaðist við skelfilegan hraða hækkunar á fasteignum. Ennþá er verð að hækka þó afleiðingarnar ættu að blasa við hverjum hugsandi manni. Formælendur banka og fasteignasala reyna að beina athygli fólks á blekkjandi hátt að kostum lánshækkunar og vaxtalækkunar. Nú er svo komið að fólk greiðir 5 til 7 milljónum meira fyrir góða íbúð en í haust, sem þýðir að afborganirnar hækka og greiðslutíminn lengist um mörg ár. Það nægir til að festa marga í ævilanga ánauð, bönkunum til framdráttar. Gróðinn af rausn bankanna mun um langa framtíð fara í þeirra eigin vasa. Því að sjálfsögðu voru þeir ekki að vinna fyrir fólkið, eins og öllum ætti nú að vera ljóst þegar ekki verður aftur snúið. Fjöldi fólks hefur látið blekkjast af fagurgala lánafyrirtækja og situr svo í súpunni. Verst þykir mér hvernig bankarnir véla unglinga og æskufólk í skuldafjötra. Bankar hvetja ungmenni til eyðslu og þau gangast upp í því að hafa fullar hendur fjár og læra um seinan að fara með peninga. Fasteignasalar þvo hendur sínar af hækkunum íbúðaverðs og þykjast hvergi nálægt sukkinu koma. Þó er í fréttum að þeir kaupi heilu blokkirnar til að selja aftur á okurverði. Græðgin hefur ekki talist til dyggða, en svífur þó sem aldrei fyrr yfir öllu íslenska samfélaginu. Gylliboð lánastofnana og fagurgali um lystisemdir sem auðfengin peningalán þeirra geta veitt fara verst með ungmennin. Þeim er sagt að ekkert sé auðveldara en að eignast margra milljóna bíl og fara í heimsferðalög og það þó þau eigi varla fötin utan á sig. Ungmenni sem festast í skuldaneti bankanna eiga sér vart viðreisnar von og geta orðið þrælar þeirra. Nú er engin fyrning skulda og hægt að rukka fólk til æviloka og afkomendur ef með þarf. Bankarnir hafa ekki verið gráðugri og hættulegri alþýðunni en nú og kannski aldrei voldugri. Ég skora á fólk að skipta við Íbúðalánasjóð og láta ekki blekkjast af viðsjárverðum áróðri talsmanna bankanna. Ef þeim tekst að losna við Íbúðalánasjóðinn hækka þeir vextina umsvifalaust. ■

# Borgin fái bensínskattana

Ef ekið er út úr Reykjavík í upphafi dags má sjá endalausar bílaraðir á leið í bæinn. Þarna er fólk á leið inn í Reykjavík, mest til vinnu sinnar. Bílafjöldinn er slíkur á mesta annatíma að vegakerfið tekur ekki við fleiri bílum. Þeir komast ekki fyrir. Ekkert pláss er lengur eftir. Finna verður lausn.



LÚÐVÍK GIZURARSON HRL.

Ein leiðin er sú að ríkisskattar á sölu á bensíni, sem eru miklir, renni þess í stað til Reykjavíkurborgar og næstu sveitarfélaga til að laga vegakerfið út úr bænum. Bæta þarf vegina ofan Reykjavíkur ef allt á ekki að fara í meira óefni.

Nægt byggingarland er ofan Reykjavíkur og með stærra og betra vegakerfi borguðu af bensínskattinum myndi verða nóg af ódýrum byggingalóðum. Allir gætu fengið lóð til að byggja á sem vildu. Fleiri nýjar hraðbrautir vantar út úr bænum inn á auð svæði í dag þar sem byggja má. Vilja menn t.d. bora jarðgöng út í Viðey og byggja þar?

Nauðsyn ber til að huga einn daginn að landi fyrir nýjan Landspítala. Gæti hann ekki verið þar sem ríkið á núna stórt land að Keldum rannsóknarstöð. Einn daginn kemur að því að byggja þarf nýjan spítala. Okkur hefur verið lofað einum slíkum í stað Símans, sem meirihlutinn vill samt ekki selja.

Annars er rétt að benda aftur á að ríkið verður að afhenda bensínskatta sína borginni alla eða að hluta til að laga strax umferð inn og út úr Reykjavík. Þá koma nægar nýjar lóðir með nýju aðgengi að þeim. Kosta þá lítið. Fólk og verktaka vantar ódýrar lóðir. Setjum bensínskattana í umferðina hér í Reykjavík og nágrenni sem borgar þá að mestu daglega hvort sem er við kaup á bensíni. ■

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.900 **+0,69%**

**Fjöldi viðskipta:** 304
**Velta:** 3.201 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Samherji** | 5,22% | **Og fjarskipti** | -1,43% |
| **Hampiðjan** | 3,08% | **Marel** | -1,24% |
| **Nýherji** | 1,30% | **Flugleiðir** | -1,04% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,50 +0,25% ... Atorka 6,10 +0,83% ... Bakkavör 31,90 -0,93% ... Burðarás 13,85 – ... Flaga 5,48 +0,55% ... Flugleiðir 14,30 -1,04% ... Íslandsbanki 12,00 +1,27% ... KB banki 534,00 +1,14% ... Kögun 59,00 +1,03% ... Landsbankinn 14,90 – ... Marel 55,80 -1,24% ... Og fjarskipti 4,15 -1,43% ... Samherji 12,10 +5,22% ... Straumur 10,15 +0,50% ... Össur 82,00 -

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Hlutfall hagfræðinga og skoðana

Þrátt fyrir alvarlegan undirtón á fundi Verslunarráðs um hitann í hagkerfinu slógu menn á létta strengi. Hópur hagfræðinga hittist og bar saman bækur sínar fyrir fundinn og sagði Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, að fundarmenn hefðu ekki verið sammála um alla hluti eins og við væri að búast þegar fleiri en einn hagfræðingur koma saman. Þá væru skoðanir gjarnan að minnsta kosti tvöfalt fleiri en hagfræðingarnir. Lítill fugl tísti því í peningaskápinn að hagfræðingarnir hafi skammast út í ónógt aðhald hins opinbera og hversu þungan bagga Seðlabankinn þyrfti að bera við hagstjórnina. Vilhjálmi mun hafa runnið blóðið til skyldunnar og varið sína menn meira en hagfræðingunum fannst fræðin leyfa.



### Iðkendur hinna döpru

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, kallaði einnig fram hlátur fundarmanna þegar hann taldi upp allar góðu fréttirnar í efnahagslífinu. Síðan bætti hann við: „Samt er það nú svo með okkur iðkendur hinna döpru vísinda, að fátt veldur okkur meiri angist og kvíða en langvarandi og óslitinn straumur góðra frétta.“ Síðan bætti hann við að sá grunur fylgi að í lokin komi slæm frétt. Stjórnmálamenn voru ekki áberandi á fundinum, en sjávarútvegsráðherra var á staðnum. Einnig utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, sem ekki mun algengt að mæti á slíka fundi nema sem framsögumaður.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Velta í sölu dagvöru var sex prósent meiri í febrúar í ár heldur en í sama mánuði árið 2004 samkvæmt **smásöluvísitölu** sem tekin er saman fyrir **Samtök verslunar og þjónustu**.

Fjármálaráðuneytið í Noregi hefur samþykkt kaup **Íslandsbanka** á **BN bank**. Síðustu formlegu kröfu um kaupin er því fullnægt.

**Flugstöð Leifs Eiríkssonar** skilaði 890 milljóna króna í fyrra samanborið við 547 milljóna hagnað árið 2003.

Tap á rekstri **Austurbakka** í fyrra var 27,4 milljónir króna en árið 2003 skilaði reksturinn 54,7 milljóna króna hagnaði.

# Telja betra að hækka vexti nú en síðar

**Þenslueinkenni hagkerfisins er víða að finna og hagfræðingar hafa áhyggjur af því að illa kunni að fara. Seðlabankinn telur stýrivaxtahækkanir nú heppilegri en síðar.**

Það kraumar í kötlum efnahagslífsins og nokkrir hitamælanna komnir á rautt. Spurningin um ofhitnun Íslandsvélarinnar var umfjöllunarefni morgunverðarfundar Verslunarráðs í gær.

Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, taldi Seðlabankann hafa staðið sig vel í peningamálastjórninni, en taldi óþolinmæði hafa gætt við síðustu stýrivaxtahækkun bankans. Hann sagði bankann verða að finna hina einu réttu línu með vaxtahækkunum þar sem fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum séu pressuð til að hagræða en nái á sama tíma að halda uppi nægilegri arðsemi og halda tiltrú lánadrottna sinna.

Ekki var þó að heyra á aðalhagfræðingi Seðlabankans, Arnóri Sighvatssyni, að ástæðulaus óþolinmæði hefði ráðið síðustu stýrivaxtahækkunum. Arnór sagði Seðlabankann ekki telja raunstýrivexti sérstaklega háa í sögulegu samhengi. Hann sagði hættu á að án aðhaldssamrar peningamálastefnu nú myndi raungengi sennilega á endanum fara í svipað horf og ef henni væri beitt. Hins vegar yrði verðbólga meiri við óhjákvæmilega aðlögun gengis í framkvæmdalok. Við þær aðstæður þyrfti enn hærri stýrivexti til að halda verðbólgu í skefjum, en ef þeim væri beitt nú. „Af þessum ástæðum hefur Seðlabankinn talið mun ákjósanlegra að glíma við óhjákvæmileg og vissulega óæskileg hliðaráhrif aðhaldssamrar peningastefnu nú fremur en síðar.“

Seðlabankinn gefur út Peningamál í næstu viku og er þá búist við stýrivaxtahækkun. Hagfæðingar sem rætt var við búast við hækkun á bilinu 0,25 til 0,75 prósentu hækkun stýrivaxta. Sérfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við telja að túlka megi orð aðalhagfræðings bankans í þá átt að Seðlabankinn muni hugsanlega hækka vexti á árinu meira en menn hafa almennt verið að spá.

**haflidi@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VÉLSTJÓRI OG MÆLAR** Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, var einn frummælanda á fundi Verslunarráðs og fór meðal annars yfir hitastig nokkurra þátta hagkerfisins.

Skilafrestur skattframtals 2005

21. mars

Hægt er að sækja um viðbótarfrest á

rsk.is ef talið er fram á netinu

Framtalsþjónusta

Sími 511 2250

Þjónustusími skattyfirvalda verður opinn sem hér segir:

Föstudag 18. mars til miðvikudags 23. mars

Þjónustan verður opin kl. 9-22 virku dagana og kl. 12-19 um helgina

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

FASTEIGNIR **HEIMILI** HEILSA HÚS NÁM **FERÐIR** MATUR BÍLAR ATVINNA **TÍSKA** TILBOÐ o.fl.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 7.39 | 13.36 | 19.35 |
| AKUREYRI | 7.24 | 13.21 | 19.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

## heimili o.fl.

Systkini opna húsgagnaverslun

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

Í dag er fimmtudagur 17. mars, 76. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Elma Dögg er álíka pæja og amma hennar og ber skóna vel í skærbleikum sokkum.

# Þykir vænt um skóna hennar ömmu

***Elma Dögg Gonzales, verslunarstjóri í versluninni Aveda í Kringlunni, tók sér góðan tíma í að velja uppáhaldið í fataskápnum því hún vildi velja eitthvað sem henni þykir afskaplega vænt um.***

„Það sem er algjörlega ómissandi í fataskápnum mínum er háhælaðir skór sem hún amma mín átti. Ég elska ömmu mína út af lífinu því hún ól mig að miklu leyti upp og því þykir mér rosalega vænt um þessa skó. Við notum líka sama skónúmer. Hún átti þá þegar hún var um þrítugt eða 35 ára en hún er 71 árs í dag,“ segir Elma, sem hefur aðeins breytt skónum. „Þeir voru skærbleikir en ég spreyjaði þá svarta. Ég sé svolítið eftir því núna og ætti eiginlega að reyna að hreinsa svarta litinn og nota þá sem punt. Þeir virðast bara betur farnir svartir. Þetta eru sögulegir skór.“

„Þetta eru skór sem ég fer í bara til þess að vera í í tíu mínútur því hællinn er svo hár. Amma eyðilagði einmitt bakið á sér á þessum tíma og gætu skórnir hafa komið þar við sögu. Ég þori eiginlega ekki að nota þá því ég er svo hrædd um að brjóta mig,“ segir Elma en amma hennar var algjör pæja á sínum tíma. „Fólk átti ekki mikinn pening á þessum tíma en hún var alltaf uppápuntuð í rosalega fínum fötum. Þú ættir að sjá myndirnar af henni síðan þá. Algjör pæja. Hún hefur líka gefið mér fullt af öðrum hlutum sem hún átti í gamla daga eins og nælur og annað skart og mér þykir rosalega vænt um þetta allt saman.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU *í tilboðum*

**Barnafargjöld** eru í boði til áfangastaða Iceland Express í sumar. Þau hljóða upp á 5.995 kr. aðra leið með sköttum. Tilboðið, sem þarf að bóka fyrir 16. maí, gildir fyrir öll börn 12 ára og yngri sem ferðast með fullorðnum fram til 30. september. Áfangastaðir Iceland Express eru Kaupmannahöfn, London og Frankfurt.



**Úrval-Útsýn** býður síðustu sætin til Portúgal um páskana, 17. til 29. mars, á tilboðsverði. Verðið er frá 49.900. Gist er á Paraiso-hótelinu, sem er frábærlega staðsett miðsvæðis í Albufeira og með stórum sundlaugargarði. Verð á mann í viku er 49.900 miðað við fjóra í íbúð með einu svefnherbergi og 59.900 miðað við tvo í íbúð með einu svefnherbergi. Innifalið er flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verðið miðast við að bókað sé á netinu.

*tilbod@frettabladid.is*



**Borðstofustólar**
Það er engin algild regla sem segir að stólarnir við borðstofuborðið þurfi allir að vera eins. Reyndar getur verið mjög smart að blanda saman ólíkum stólum, sem eiga þó vel saman og skapa þannig lifandi stemningu við borðið.



















Wide-stóll eftir Azys Sariyer. Verð 264.900 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áslaug Tóka Gunnlaugsdóttir og Gunnar Þór Sveinsson, eigendur nýju verslunarinnar LOCAL í Skeifunni.

# Systkini selja spennandi hönnun

***Verslunin LOCAL var opnuð nýlega í Skeifunni og selur húsgögn og smávöru.***

Eigendur verslunarinnar LOCAL eru systkinin Áslaug Tóka Gunnlaugsdóttir og Gunnar Þór Sveinsson en saman eru þau menntuð í myndlist, arkitektúr og hönnun og hafa gengið með hugmyndina að versluninni í maganum í nokkur ár.

„Okkur langaði til að opna verslun sem selur vandaða hönnun eftir unga og spennandi hönnuði, og með vörur sem standa út úr," segir Tóka, en í LOCAL er meðal annars hönnun eftir finnska og jafnvel tyrkneska hönnuði. „Þeir hafa verið að sækja í sig veðrið og margt spennandi að gerast," segir Tóka.



Black + Blum ljós sem kallast Cloud Nine. Verð 16.900 kr.



Mikið af vörunum sem hægt er að finna í versluninni hefur prýtt síður hönnunartímarita og hlotið lof erlendis. En til stendur að hampa innlendri hönnun og ætla systkinin með tíð og tíma að selja sína eigin hönnun og annarra. „Við viljum endilega selja íslenska hönnun og getum líka hugsað okkur að vera í samstarfi við Listaháskólann og fleiri. Auk þess ætlum við að bjóða listamönnum að sýna verkin sín hérna hjá okkur," segir Tóka.

„Mestu máli skiptir að vera með púlsinn á því sem er að gerast í nýrri hönnun," segir Tóka að lokum.

*kristineva@frettabladid.is*

Mild-sófi eftir tyrkneska hönnuðinn Derin Sariyer. Verð 371.000 kr. Púðinn er eftir finnska hönnuðinn Anne Kyrrö Quinn. Verð 18.900 kr.





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fínlegir borðar í stað stórisa

***Mynstraðir taurenningar sem hanga sléttir innan við rúðurnar eru meðal nýjunga í gluggatjaldalausnum.***

„Þessir borðar koma í staðinn fyrir stórisa eða blúndugardínur og þykja mjög stílhreinir," segir Ragnheiður Valdimarsdóttir, verslunareigandi í Saumalist, en þar rákum við augun í þessa fínu fleka úti í gluggum. Þeir eru til með ýmsum mynstrum og auk þess er auðvelt að búa þá til úr ströngum. Borðarnir eða flekarnir eru settir upp með ýmsu móti, að sögn Ragnheiðar. Hægt er að festa þá með frönskum rennilás á gluggapósta ef þeir eru fyrir hendi. Einnig þræða þá upp á mjóar gluggatjaldastangir sem spenntar eru inn í gluggann og svo eru til sérstakar brautir fyrir þá, svipaðar Z-brautum sem margir kannast við. Á slíkum brautum er auðvelt að færa þá til þannig að þeir leggist hver aftan við annan ef fólk vill draga þá frá gluggunum. Sérstök lína er svo saumuð neðst á borðann til þyngingar.



Nýjustu strangarnir í Saumalist eru í sumarlegum tónum. Efnin eru verkleg og vönduð og Ragnheiður sýnir meðal annars þunnt skinnlíki sem hún var að taka upp. Hún segir rjómagult og ljósbrúnt langvinsælustu litina í efnunum í ár.





Sófasett úr búi Guðjóns heitins Samúelssonar arkitekts.

# Ljónastóllinn uppáhald allra krakka

***Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður keypti stól sem hún kallar ljónastól á fornsölu í Danmörku árið 1973. Stóllinn er bæði flottur og þægilegur.***

Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður veit hvað flest börn gera þegar þau koma að heimsækja hana, nefnilega að stinga puttunum upp í ljónin á Ljónastólnum góða sem á sér heiðurssess í stofunni.

„Við keyptum ljónastólinn á fornsölu í Danmörku árið 1973 og hann heitir svo á þessu heimili af því að það eru fjögur ljón á honum. Þetta er örugglega eikarstóll, mjög vandaður en orðinn ansi slitinn, sérstaklega áklæðið. Við höfum reyndar einu sinni látið bólstra hann upp en það er orðið ansi langt síðan. Ég þekki ekki sögu stólsins en hann er bæði mjög flottur og þægilegur.“

Hún segir stólinn hafa fylgt fjölskyldunni í meira en þrjátíu ár. „Ég veit ekki hversu gamall hann er, en mér þykir líklegt að hann sé að minnsta kosti frá því um aldamótin síðustu,“ segir Jónína og bætir við að hún hafi mikil dálæti á gömlum húsmunum með sál. „Það er eiginlega allt gamalt hérna hjá okkur og má eiginlega segja að annars vegar eigum við mjög gamla hluti og hins vegar mjög nútímalega. Við eigum til dæmis sófasett úr búi Guðjóns Samúelssonar.“


Jónína hefur mikið dálæti á gömlum húsmunum með sál.

Annars hefur Jónína í nógu að snúast þessa dagana því sýning á verkum hennar, Vötnin kvik, stendur nú yfir í Hafnarborg.

„Nei, það eru engin ljón á sýningunni minni,“ segir hún og hlær, „en þar eru ýmsar skepnur aðrar, eðlur og skrímsli. Þema sýningarinnar er vatn og þar má sjá bæði fossa og niðurföll.“ En engin ljón að þessu sinni.

brynhildurb@frettabladid.is






















**Veðurfar**
Veðurfar er mismunandi eftir árstíma, og er þess vegna mikilvægt að kynna sér það áður en ferðalagið er skipulagt. Fátt getur verið leiðinlegra en að lenda í rigningartímabili á sólarströnd eða í of miklum hita.

Ford KA eða sambærilegur
Vika í Hahn/Frankfurt
18.450* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
1000 Vildarpunktar til 12. mars
50 50 600
Hertz
hertzerlendis@hertz.is



Guðmundur Gunnlaugsson er enn að blúsa.

# Maraþonblús í tvo sólarhringa

***Gummi í Kentár blúsaði matseðilinn á pizzastaðnum.***

Guðmundur Gunnlaugsson, tónlistarmaður og Kentár með meiru, er blúsmaður af lífi og sál. Hann spilaði einu sinni blús um heila helgi – án þess að stoppa. „Það var um vorið 1987 að okkur boðið að taka þátt í maraþonblúsveislu á Akureyri. Það var á Uppanum, sem var bæði pizzería og knæpa í þá daga. Þarna voru samankomnir tónlistarmenn að norðan og austan. Við vorum með blúsprógramm tilbúið og héldum tónleika inni í maraþoninu auk þess að taka þátt í þessu klassíska blúsdjammi sem felst í því að allir spinna saman lög og texta, sem er hin besta skemmtun. Mér er sérstaklega minnisstætt að Ingimar Eydal kom og djammaði með okkur, það er gaman að hafa fengið að spila með honum og mikill heiður. Þetta endaði svo í maraþonblússpilamennsku nánast samfleytt í tvo sólarhringa án þess að stoppa. Á sunnudagskvöldinu voru menn farnir að blúsa pizzumatseðilinn enda þá búið að þurrausa aðra brunna. Þessi maraþonblús var mjög skemmtilegt framtak, ekki síður en Blúshátíð í Reykjavík er núna í dag. Í framhaldi af þessu gáfum við út blúsdjammplötu og ferðuðumst um allt land og spiluðum í öllum framhaldsskólnum og það var frábært hvað krakkarnir kveiktu vel á þessari tónlist.“ Kentárar eru enn að nú átján árum síðar og má heyra í þeim á Blúshátíð í Reykjavík á þriðjudagskvöldið. ■

# Tólf dagar á Kanarí

***Heimsferðir eru með netilboð á ferð til Kanaríeyja.***



Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin í tólf daga ferð til Kanaríeyja 29. mars á tilboðsverði. Fjórum dögum fyrir brottför fá farþegar að vita um gististað. Gististaðir Heimsferða eru á Ensku ströndinni og Maspalomas en þetta eru vinsælustu ferðamannastaðirnir á þessum slóðum.

Verðið er kr. 29.990 á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, í íbúð og kr. 39.990 á mann miðað við tvo í íbúð/stúdíó. Innifalið er flug, skattar og gisting. Miðað er við að bókað sé á netinu www.heimsferdir. ■



# Síðustu sætin í páskaferð

***Plúsferðir bjóða nú tilboðsverð á síðustu flugsætunum til Spánar og Portúgal.***

Páskaferðin til Benidorm, sem er frá 19.-31. mars, er á verði frá 25.630 kr. ef tveir fullorðnir og tvö börn 2-11 ára ferðast saman. Innifalið er flug, flugvallarskattar, gisting á Halley í íbúð með einu svefnherbergi og íslensk fararstjórn. Verðið á ferð til Portúgal 17.-29. mars er frá 30.550 kr. ef tveir fullorðnir og tvö börn 2-11 ára ferðast saman. Innifalið er flug, flugvallarskattar, gisting á Elimar í íbúð með einu svefnherbergi og íslensk fararstjórn. Verðið miðast við að bókað sé á netinu. ■

Besti tíminn til að fara í frí er þegar þú þarft á því að halda!
Ferðalán
Það getur breytt öllu að hafa aðgang að ferðaláni á hagstæðum kjörum. Þá er aðeins spurning um að fylgja eigin innsæi og taka sér gott frí.
• Þú færð lán fyrir ferðinni
• Þú færð lán fyrir gjaldeyrinum
• Þú getur sótt um á landsbanki.is og reiknað þitt lán
Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í næsta útibúi.
410 4000 | landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna

# Telja sig geta lækkað verðið enn frekar

***Kaup Iceland Express á Sterling tryggja ódýrt tengiflug víða um heim.***

Kaup Iceland Express á Sterling, stærsta lággjaldaflugfélagi Norðurlanda, munu væntanlega verða Íslendingum góð kjarabót á ferðalögum til fjarlægari landa, að sögn Almars Hilmarssonar, framkvæmdastjóra Iceland Express.



Almar segir að tengiflug á framandi slóðir verði auðveldur ferðamáti farþega Iceland Express.

„Það eru ýmsar hugmyndir í gangi en þær eru allar á frumstigi, enda kaupin nýafstaðin,“ segir Almar. „Tilgangurinn er þó meðal annars að tengja flug frá Íslandi vélum frá Sterling þannig að ferðalagið áfram geti gengið sem greiðast fyrir sig. Sömuleiðis að greiða götu erlendra ferðamanna hingað til lands. Við teljum okkur geta lækkað verð enn frekar, enda er það markmið í sjálfu sér – að bjóða upp á ódýrar ferðir víða um heim,“ segir Almar.

Almar segir jafnframt að allt of mikið hafi verið gert úr töfum flugvéla Iceland Express, tafir hjá félaginu séu ekki meiri en hjá öðrum flugfélögum. „Það stendur ekki til að nota Sterling-vélarnar til að hlaupa í skarðið, enda engin ástæða til.“ ■



Farþegar Iceland Express munu njóta góðs af kaupum félagsins á flugfélaginu Sterling.



Notalegt í heitu pottunum.

## Hollt fæði, fræðsla og nudd

HEILSUDAGAR VERÐA Á HÓTEL GEYSI NÚ UM HELGINA. ÞAR ER BOÐIÐ UPP Á HEILSUFÆÐI, NUDD OG HEITA POTTA.

Heilsudagarnir hefjast á lithimnulestri. Þar er farið yfir heilsufarið og leiðbeint um úrbætur ef með þarf. Auk þess fær hver og einn nudd daglega. Á kvöldin verður fjallað um ýmislegt sem tengist heilsu og mannlegum samskiptum, til dæmis áhrif hugarfars og karma á heilsuna. Gönguferðir og heitir pottar eru inni í dagskránni og að sjálfsögðu er gist í vel búnum herbergjum.
Umsjón með heilsudögum hefur Heiðar Ragnarsson. Verð fyrir þrjá daga er 36.000 krónur og fimm daga 52.000 krónur. Nokkur stéttarfélög taka þátt í kosnaði félagsmanna sinna á heilsudögunum. Bókanir eru í síma 480 6800.



Spennandi ævintýraferðir til allra heimsálfa með Encounter, Dragoman, Contiki, Intrepid, Imaginative Traveller, Tucan o.fl.
*Allar nánari upplýsingar liggja frammi á skrifstofu okkar eða á www.exit.is.*
MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?
STÚDENTAFERÐIR exit.is
KRAFTAVERK
Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

# Sigur lífsins á slóðum Skaftárelda

***Vegleg dagskrá verður á Kirkjubæjarklaustri um bænadaga og páska með sögugöngum, upplestri, tónlist og helgistundum.***

„Við munum sameina fræðslu, náttúruskoðun, tónleika, helgihald og útivist,“ segir Ólafía Jakobsdóttir, verkefnisstjóri Kirkjubæjarstofu sem stendur að þessum viðburði. Hún segir dagskrána hefjast kl. 21 á skírdag með kvöldmessu í Minningarkapellu Jóns Steingrímssonar. Fyrir hádegi á föstudaginn langa verður dagskrá í tali og tónum sem nefnist Á slóðum Skaftárelda flutt í kapellunni og eftir hádegi verður farið í rútu að útsýnisstað við Holt á Síðu og skyggnst um yfir Skaftáreldahraunið. Frá Hunkubökkum verður svo gengið í stuttum áföngum austur brúnir að Systrastapa og þaðan í gamla kirkjugarðinn á Klaustri. Fararstjóri er Jón Helgason frá Seglbúðum. Ólafía segir þetta um átta kílómetra leið og í fyrra segir hún um sjötíu manns hafa tekið þátt í slíkri göngu á föstudaginn langa.

Á laugardeginum verður rútuferð austur Síðu og Fljótshverfi og komið verður við í bænahúsinu á Núpsstað. Síðdegis þann dag verða tónleikar í Kirkjuhvoli og á páskadagsmorgun verður svo gengið frá minningarkapellunni að Prestsbakkakirkju á Síðu þar sem hátíðarmessa verður kl. 11.

Ólafía segir gönguferðirnar taka mið af veðri og aðstæðum og bendir fólki á að vera vel búið. Þeir sem hafa hug á þátttöku í rútuferðum eru beðnir um að skrá sig sem fyrst og í síðasta lagi miðvikudaginn 23. mars. Þátttaka í gönguferðirnar er öllum opin. Rútuferðin út að Holti kostar 500 kr. og austur í Fljótshverfi 1.500 krónur en frítt er fyrir börn yngri en 14 ára. Upplýsingar eru veittar í síma 487 4645, 892 9650 og hægt er líka að panta á kbstofa@simnet.is og olafiaj@centrum.is ■


FRÉTTABLAÐIÐ/BJARNI HARÐARSON

**Um 70 manns fóru í gönguna á föstudaginn langa í fyrra. Fararstjóri var Jón Helgason frá Seglbúðum og hann verður í sama hlutverki í ár.**


**Stokkið á steinum.**


**Á Hótel Búðum er hægt að eiga skemmtilega helgi í fögru umhverfi.**

# Diskóhelgi á Búðum

***Síðast komust færri að en vildu.***

Diskóveisla verður haldin um helgina á Hótel Búðum. Sett hefur verið saman dagskrá þar sem lögð er áhersla á góðan mat, nýstárlega skemmtun og að sjálfsögðu alvöru diskódansleik undir stjórn Dadda Disco. Umfram allt er fólki þó gefinn kostur á að haga helginni eftir sínu höfði. Þetta er í annað skiptið sem haldin er diskóhelgi á Hótel Búðum en síðast komust færri að en vildu.

Gisting tvær nætur með morgunverði og diskókvöldverður laugardagskvöld kostar 19.900 kr. á mann miðað við tvo í herbergi. Gisting laugardagsnótt með morgunverði og diskókvöldverði kostar 13.900 kr. á mann miðað við tvo í herbergi.

Fólk er hvatt til að grípa með sér hljóðfæri, fatnað og annan samkvæmisbúnað sem gæti komið að notum. ■


www.plusferdir.is
NET plus
Alicante - páskar 19.-31. mars
Netverð - flugsæti
29.495 kr.
á mann. Innifalið: Flug og flugvallarskattar.
Verð miðast við að bókað sé á netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.
plús FERÐIR
Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502
Á skíði fyrir norðan um páskana
Fjallið Kaldbakur er með lengstu skíðabrekku landsins alls 6 km á lengd og býður því uppá mikla fjölbreyttni fyrir skíða og brettafólk.
Páska tilboð 1
Gisting með morgunverði í 4 nætur á aðeins 16.900- per mann
Páska tilboð 2
Gisting með morgunverði í 3 nætur á aðeins 13.900- per mann
Innifalið í verði eru tvær ferðir með Kaldbaksferðum og rjúkandi heitt kakó við heimkomu.


Netsmellur
Alltaf ódýrast á netinu

ICELANDAIR
www.icelandair.is

HJÓLHÝSI
–Í ENDALAUSU ÚRVALI

MUNSTERLAND 430 SD
21.460
pr. mán. í 84 mánuði*
*MIÐAÐ VIÐ ÚTBORGUN KR. 359.000
STAÐGREIÐSLUVERÐ 1.794.000,-
NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ FARA AÐ UNDIRBÚA GOTT FERÐASUMAR.
KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ AF HÚSBÍLUM OG HJÓLHÝSUM HJÁ OKKUR.
VÍKUR VERK
www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

## Skartgripir geymdir

Til að forðast það að allir skartgripirnir flækist saman eða týnist í stórri hrúgu er sniðugt að geyma þá í kössum sem er skipt í hólf. Úrval er í byggingavöruverslunum af svona kössum sem ætlaðir eru undir skrúfur og nagla og hægt að fá þá í öllum litum á góðu verði. Hægt er að leggja fallegt og mjúkt efni í botninn á þeim, sem gerir kassann aðeins fínni.



Fylgihlutir og hárskraut
Mikið úrval af hárskrauti og skartgripum fyrir fermingar
Ný sending af beltum, nælum, töskum og klútum
Vorlínan frá Pilgrim komin – tilvalin gjöf
Sendum í póstkröfu
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466





Bikiní
Ný sending
Frábært úrval
CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 7007

TÍSKUVERSLUNIN
Smart
Grímsbæ, Bústaðavegi S: 588 8488
Ármúla 15 S: 588 8050
Fermingardressin komin!
Fyrir ömmur, mömmur, frænkur og systur.
Ný sending af skóm komin






Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Nýjar vörur!
Stutt- og langermabolir.
Gott verð, góð þjónusta
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217



Þessi pils eru úr Spútnik og kosta 3.900 kr.

# Stutt og flott gallabuxnapils



*Gallabuxnapils koma alltaf aftur og aftur. Nú eiga þau að vera knallstutt.*

Stutt gallabuxnapils hafa verið vinsæl í vetur og ekkert lát er á þeim vinsældum því gallapils er nánast ómissandi flík fyrir sumarið.

Gallabuxnapils fást í ýmsum útfærslum og kosta á bilinu 3.000-12.000 kr. en það er einnig til önnur og mun ódýrari leið að verða sér úti um flott gallapils. Margir eiga gallabuxur sem dottnar eru út af uppáhaldslistanum og því er tilvalið að nota þær til að búa til nýja og ferska flík. Gallabuxur sem verða gallapils er alls ekki nýtt í tískubransanum og útfærsla hvers og eins á sínu pilsi gefir því persónulegan svip.

Klippa, tæta, klóra, lita, bæta, bródera. Gefið hugarfluginu lausan tauminn og útkoman verður æðisleg.





# Skapandi samstarf

***Þótt Dolce & Gabbana hafi slitið sambandi sínu í einkalífinu heldur samstarf þeirra áfram.***



Domenico Dolce og Stefano Gabbana hafa fyrir löngu fest sig í sessi í hópi flottustu og ferskustu hönnuða tískuheimsins. Þetta ítalska par, sem fyrir stuttu sleit sambúð sinni, byrjaði ferilinn fyrir tuttugu árum en það var á Sikiley sem leiðir þeirra lágu saman og menning Sikileyjar hefur verið þeim innblástur alla tíð síðan.

Gabbana hefur mjög listrænt og leikrænt auga á meðan smáatriðin og nákvæmni skipta öllu máli hjá Dolce. Sameining þessara ólíku póla hefur svo skapað frábæra samsuðu af kynþokkafullum, litríkum og spennandi fatnaði sem selst eins og heitar lummur um allan heim.

Tvíeykið hefur séð um tónleikabúninga fyrir stórstjörnur á borð við Madonnu og Kylie Minogue og kvikmyndastjörnurnar á rauða dreglinum skarta iðulega fallegum flíkum frá D&G.

Sem fyrr segir skildu leiðir þeirra Dolce og Gabbana í einkalífinu ekki alls fyrir löngu en þeir hyggjast halda samstarfinu áfram og ætla hvergi að slaka á í framleiðslu á hátískufatnaði fyrir heimsbyggðina.









# PETA pirruð út í J-Lo

DÝRAVERNDUNARSINNAR ERU Á MÓTI LOÐFELDUM JENNIFER LOPEZ.

Dýraverndunarsamtökin PETA hafa endanlega opinberað hatur sitt á söngkonunni Jennifer Lopez með því að opna vefsíðuna jlodown.com gegn henni.
PETA hefur nú þegar sett Lopez á lista yfir verst klæddu stjörnurnar því söngkonan hefur sést klæðast loðfeldi við alls konar uppákomur og við kynningu á nýjustu fatalínu hennar, Sweetface.
PETA hefur oft og mörgum sinnum sent Lopez myndbönd og bréf. „Í gegnum árin hefur Lopez klæðst skinni af næstum því hvaða dýri sem er. Mörg af þessum dýrum eru drepin bara fyrir feldinn. Flestir eru sammála um að fólk sem klæðist loðfeldi er slæmt. Ekki styðja Jennifer Lopez og hennar blóðuga bransa,“ segir talsmaður PETA.



Bono skoðar nýju fatalínuna.

# Fær Bono Nóbelsverðlaun?

ROKKARINN GERIR SITT TIL AÐ HJÁLPA FÁTÆKUM ÞJÓÐUM.

Söngvari hljómsveitarinnar U2, Bono, og kona hans Ali Hewson hafa sett á stokk nýja tískulínu, EDUN, til að styðja við efnahaginn í þriðja heiminum. Með þessu hefur írski rokkarinn aukið líkur sínar á að vinna Friðarverðlaun Nóbels í ár með því að velja þriðja heiminn til að framleiða fötin og þar af leiðandi bæta efnahaginn í fátækum löndum. Bono fékk innblástur fyrir fatalínuna eftir fjölmargar heimsóknir til Afríku þar sem innfæddir útskýrðu fyrir honum að þeir þurftu á iðnaði að halda en ekki ölmusu. „Þetta fólk hefur stolt og vill vinna. Fólk í þróunarlöndum myndi hagnast meira, bæði fjárhagslega og tilfinningalega, ef það yrði partur af heimsefnahagnum í staðinn fyrir að fá stórar ölmusuávísanir,“ segir Bono.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Gamalt vín á nýjum belgjum eða nýtt á gömlum

Tískuhúsið Lanvin er eitt það elsta í París ef ekki það elsta, með langa sögu að baki. Það var árið 1889 sem Jeanne Lanvin hóf rekstur sinn á rue Faubourg St. Honoré og var frumkvöðull á sínu sviði. Sagan var reyndar orðin svo löng að Lanvin var alveg að lognast út af, gamaldags og klassísk. En í október 2002 kom upp á dekk nýr hönnuður, Alber Elbaz. Þessi Ísraeli fæddur 1961 hafði verið um tíma hjá Guy Laroche og fengið góðar viðtökur. 1998 tók hann við kvenlínunni hjá Yves Saint Laurent en var rekinn þaðan þegar Gucci keypti YSL í árslok 1999 og Tom Ford tók þar við. Elbaz tók við hönnun kvenlínu Lanvins og hefur á örfáum árum komið tískuhúsinu svo rækilega aftur á kortið að tískublaðamenn halda vart vatni og segja tískusýningar Lanvin með þeim bestu. Reyndar fékk síðasta sýning ekki alveg eins góða dóma og þær fyrri. Elbaz byrjaði snemma að blanda saman glæsileika og hráu útliti hjá Lanvin – án þess að falda eða fóðra – silki, snáksskinn og loðfeldir, með endunum út úr og rennilásum sem gáfu nútímalegt útlit á klassíska hönnun. Fortíð og nútíð í bland. Hönnun hans er kvenleg heldur uppfull af litlum smáatriðum sem setja punktinn yfir i-ið.

Hjá Lanvin hafa verið notaðar aldagamlar aðferðir til dæmis við plíseringar sem tekur fleiri daga að sauma þar sem hver felling er handsaumuð og efnið í hverja flík getur farið upp í þrjátíu metra. Fyrir vikið er ekki um að ræða fatnað sem kallast tilbúinn til fjöldaframleiðslu (Prét-á-porter), heldur sem nálgast hátísku (Haute couture), þar sem hver flík er saumuð fyrir sig. Elbaz hefur í raun fundið upp nýtt form sem er þarna á milli. Hann notar einnig arfleifð fortíðar og lítur óspart í teikningasafn Jeanne Lanvin.

Á tískusýningunni fyrir veturinn 2005-6 var sýndur stuttur kjóll úr tjulli með víðu pilsi og á efrihlutanum var útsaumað fiðrildi með pallíettum tekið beint úr teikningum Jeanne Lanvin frá 1920. Perlurfestar sem eru notaðar margar saman hafa verið meðal fylgihluta Lanvins um árabil eru vafðar í tjull eða silki. Þær koma sömuleiðis beint úr arfleið tískuhússins.

Nú sjást þess merki að hönnuðurinn er aðeins að færa sig í þá átt að ganga endanlega frá fötunum, ekki skilja þau eftir eins og hætt hafi verið í miðju verki. Alber Elbaz hefur hins vegar ástæðu til að sýna eitthvað alveg nýtt á næstu sýningu, annars gæti hann farið að staðna (www.lanvin.fr). ■

# Húllumhæ og hjólakeppni

VERSLUNIN FAT FACE VERÐUR OPNUÐ Í DAG Á FYRSTU HÆÐ KRINGLUNNAR ÞAR SEM VERSLUNIN JÓN INDÍAFARI VAR ÁÐUR.

Í versluninni Fat Face eru seldar lífsstílsvörur af ýmsu tagi og vörur fyrir þá sem hafa gaman af að vera úti í náttúrunni. Það verður mikið um dýrðir á opnunardaginn. James Herrity mætir á svæðið en hann er svokallaður Team Rider hjá Fat Face, sem sýnir listir sínar við ýmis tækifæri. Hann er 29 ára keppandi í þríþraut, sem þýðir að hann syndir, hleypur og hjólar og er hann sá sjötti besti í sínum aldurshópi í Bretlandi. Hann mun keppa við alla þá sem hafa áhuga á að reyna að fá betri tíma á sérstöku hjóli sem verður hjá versluninni. Verðlaun verða veitt fyrir tíu bestu tímana. James verður einnig á svæðinu föstudaginn 18. mars á milli klukkan 15 og 18. Starfsmenn Fat Face munu einnig dreifa eyðublöðum sem áhugasamir geta fyllt út og skilað inn til verslunarinnar. 2. apríl klukkan 16 verða dregnir út fimm vinningar en fyrstu verðlaun eru fimmtíu þúsund króna úttekt í versluninni. Svo má ekki gleyma öllum fötunum og fylgihlutunum sem gestir og gangandi geta kynnt sér.



Hér sést einn af starfsmönnum verslunarinnar leika listir sínar.

















Íslensk hönnun

20-50% afsláttur
17.- 24. mars

HÚFUR SEM HLÆJA

Laugavegi 70
www.hsh.efh.is



Atson

Tilboðsdögum lýkur á morgun!

LEÐURIÐJAN ehf.

Opið 10-18
www.atson.is



Lopapeysur

Stuttar, þröngar með rennilás

Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • Sími: 552 1890
www.handknit.is

salon ritz

Vertu glæsileg yfir páskana
20% afsláttur til 23. mars



salon ritz LAUGAVEGI 66 I 5522460

Silfurskartgripir - Bjartir og fallegir



Lokkar
Men
Hringar
FRÁ
LUMANI

Fæst einnig
í hvítu og bláu.



GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI



Mikið úrval
af fallegum barnafatnaði.
Nýjar vörur vikulega.

adams
Smáralind




Jakki
kr. 17.990
Buxur
kr. 12.990
Blússa
kr. 8.590

Blússa
kr. 12.990
Ljósar
buxur
kr. 13.990

# Litlar peysur og silkitoppar

*Glæsileikinn ræður ríkjum í GK þar sem vorvörurnar streyma inn.*

Nú eru vor- og sumarvörur að tínast í búðirnar í bænum og yfirbragðið er ljóst og grænt, mjúkir jarðlitir og glitrandi skraut. Verslunin GK er þar engin undantekning og vorlínan þar á bæ er afar glæsileg, kvenleg og klæðileg.

Þar eru fallegar kápur, litlar peysur bæði heilar og hnepptar eru til í nokkrum útfærslum en þær verða mjög vinsælar í sumar sem og silkitoppar í mjúkum pastellitum með ásaumuðum blúndum eða borðum.

Buxurnar eru bæði síðar og víðar en kvartbuxur koma líka sterkar inn með vorinu með mokkasínum eða sandölum.

GK státar af mörgum fínum merkjum eins og Filippa K, Day og nú í mars er von á nýju línunni frá íslenska klassahönnuðinum Steinunni Sigurðardóttur. Einnig bættist nýlega við vöruúrvalið danska merkið Pferdgarten sem er ungt merki á uppleið og er skemmtileg viðbót við annars glæsilegan vorfatnaðinn í GK.



Peysa
kr. 9.590
Toppur
kr. 13.990
Belti
kr. 12.990
Pils
kr. 23.990

Kápa
kr. 35.590
Hálsmen
kr. 5.990
og 1.590




30-50% afsláttur
af völdum vörum

Glæsilegt úrval af
fermingaskartgripum.

LÁRA GULLSMIÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

CHA*CHA



Full búð af glæsilegum fatnaði fyrir fermingarnar og páskana

C·C·D·K
REPEAT
WEARHOUSE

CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848





Paul Hardy notaði loðfeldinn mikið og mjúka hvíta tóna í takt við nornina og Narníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ljónið, nornin og skápurinn

*Toronto er heimili tískunnar þessa vikuna.*

Tískuvikan í Toronto í Kanada hófst 14. mars og lýkur 19. mars. Þó tískuvikan sé ekki eins vinsæl og þær sem á undan hafa verið þá sanna kanadískir hönnuðir að þeir eru engu síðri en þeir evrópsku. Vikan byrjaði með hvelli þegar Arthur Mendonca sýndi fágaðan heim sígauna eins og hann kemur fyrir næsta haust og vetur. Paul Hardy fylgdi fast á eftir með túlkun af ævintýrinu Ljónið, nornin og skápurinn þar sem sögusviðið er Narnía eins og flestir þekkja. Síðustu ár hefur tískuvikan í Toronto tekið stakkaskiptum og tískuvikan er nú betri, stærri og vandaðri en fyrr. Toronto er svo sannarlega búin að koma sér á kortið.



Arthur Mendonca lék sér með efni og liti í túlkun sinni á sígaunum.



David Dixon lék sér með efni og snið.



Litríkt og flott frá Beckerman.





Ný Pippi lína



20% afsláttur

ef keyptar er tvær flíkur eða fleiri





tilboð gilda til 24. mars



PÁSKA-LEIKUR DO RE MÍ

verslaðu í Do re mí og þú gætir unnið páskaegg

imago

Tilboð 490,-

Langerma samfellur

DOREMÍ

Glerártorgi • Sími 461 4906

Dregin verða út fimm stór páskaegg laugardaginn 26. mars





Yfirhafnir á hálfvirði

Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar

S: 588 5518
Opnunartími Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18
lau. 10 – 16

Topp HÚSIÐ



Nýjar vörur daglega



Cores

Opnunartími virka daga 10-18 og laugardaga 10-16

NÝBÝLAVEGUR 12, KÓPAVOGUR SÍMI 554 4433



Hátíðarfatnaður íslenskra karlmanna



Ný sending
pantanir óskast sóttar

Hátíðarföt
með vesti
100% ull
skyrta,
klútur
og næla

kr. 36.900

Allar stærðir
46 - 64
98 - 114
25 - 28

Hátíðarfatnaður íslenskra karlmanna hefur notið mikilla vinsælda frá því farið var að framleiða hann.
Fæst hefur í vöxt að karlmenn óski að klæðast búningnum á tyllidögum, svo sem við útskriftir, giftingar, á 17. júní, á Þorrablótum, við opinberar athafnir hérlendis og erlendis og við öll önnur hátíðleg tækifæri.

galleri sautján

laugavegi 91 s.511 1717 - kringlunni s.568 9017



birta » BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FIMMTUDÖGUM



belladonna

Vorum að taka upp nýjar vörur frá

Elena grunert



Vertu bella donna

Hlíðasmára 11, Kópavogi - sími 517 6460
www.belladonna.is

Opið mán.-föst. 11-18 • laug. 12-16

## Snyrting




**Thalasso therapy.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Námskeið til pungaprófs, 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda, 4 til 16 apríl. Kennsla kl. 09 til 16. alla daga nema sunnudaga. S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Bifhjóla -og ökukennsla Eggerts Vals. Er byrjaður í bifhjólakennslunni. S. 893 4744.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu ljósbrúnt ítalskt leðursófasett 3+1+1 staðgr. kr. 100.000. S. 867 0647.

Til sölu hvítt borðstofusett, glerskápur, kringlótt matborð (stækkanlegt) og 4 pinnastólar. Verð 40 þús. Einnig mahóniskenkur (ca 40 ára) á kr. 15 þús. Uppl. í s. 897 5092 á kvöldin.

Óska eftir Rococco húsgögnum, sófum, stólum og borðum, má þarfnast lagfæringar. Sími 849 7172.

Til sölu Ikea svefnsófi. Lítið notaður og vel meðfarinn. Áklæðið er blátt á lit og hægt að taka af og þrífa. Verð 40.000. Upplýsingar í síma 897 2113.

**Til sölu**
Furuborðstofuborð + 6 stólar, hægt að minnka og stækka. Uppl. í síma 564 6646 & 695 0192.

Leðursófasett til sölu, 3+1+1, vel með farið, koníaksbrúnt frá Öndvegi. S. 564 4564.

**SAMLESNAR AUGLÝSINGAR**
90,9 | Vísir | FRÉTTABLAÐIÐ | 90,9 | Vísir

Mjólkurhristingur, Mjólkurhristingur
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Jeppakerrur,
**Víkurvagnar**

Samtök-iðnaðarins boða til Iðnþings 2005 á morgun föstudag undir yfirskriftinni „Hátækniiðnaður á Íslandi." Félagsmenn eru hvattir til að mæta. Sjá dagskrá á vefsetrinu SI.IS
**Samtök-Iðnaðarins.**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Flúrlampar – ljóskastarar
**Fálkinn**

Loftpressuþjónusta.
**Sindri.**

Mark skrifstofustólar á tilboðsverði.
**Á.Guðmundsson, Bæjarlind Kópavogi.**

Sjóðfélagar í Almenna lífeyrissjóðnum.
Munið sjóðfélagafundinn í kvöld kl. 17:15.
**Stjórnin.**

Ausa.
Sýning sunnudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Hátækniiðnaður á Íslandi er yfirskrift IÐnþings 2005 sem fram fer á morgun föstudag. Félagsmenn eru hvattir til að mæta. Sjá dagskrá á vefsetrinu si.is
**Samtök-iðnaðarins**

Mjólkurhristingur, mjólkurhristingur, dásamlegur mjólkurhristingur
**Hamborgarabúllan**

Nýttu þér ráðgjöf sérfræðinga Tæknivals við kaup á tölvubúnaði.
**Tæknival, Skeifunni 17.**

Fjórfaldur pottur
**Lottó**

Híbýli vindanna.
Sýning í kvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Höggdeyfar í bíla
**Fálkinn**

Vatnshitablásarar – Rafmagnshitablásarar
**Fálkinn**

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum.
**Á. Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Draumleikur.
Sýningar laugardags- og sunnudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Svik með Hönsu, Hilmi Snæ og Ingvari.
Laugardagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Heitur matur, heitur matur
**Þín verslun Seljabraut**

Nýtt kortatímabil..
**Ikea**

Flex -T vinnustöðvar á 30.prósenta kynningartilboði.
**Á .Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

**Gjafir-Kirsuberjatréð Vesturgötu.**

Lína Langsokkur.
Síðustu aukasýningar annan og þriðja apríl.
**Borgarleikhúsið.**

Segðu mér allt.
Laugardags- og sunnudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Nýjar Textílvörur
**Ikea**

## Antík

Spái í spil, ræð drauma, gef góð ráð. Tek fólk heim. Ótakmarkaðir tímar. S. 891 8727. Stella.

## Gefins

Óska eftir sófasetti og eða hornsófa gefins, verða sótt. Upplýsingar í s. 561 0522 & 848 8258, Jóna.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Virðisaukalausir dagar frá fimmtudegi til sunnudags. Einungis opið í Hlíðasmára sunnudaginn 20/03. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

## Dýrahald

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

2 yndisblíðar kisur vantar pössun í mánuð. Uppl. í s. 895 0181.

Rottweiler hvolpar til sölu, 180.000. Hafið samband í síma 866 8367.

Boxerhvolpar til sölu. Afhending um miðjan apríl, verða heilsufarssk., bólusettir og örmerktir. S. 845 3789 Erla.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

**Kórskemmtun og ball**
Gustkórinn heldur sína árlegu söngskemmtun í Glaðheimum á morgun föstudaginn 18. mars kl. 20.30. Að lokinni dagskrá kórsins hefst stuðdansleikur sem stendur til kl. 03. Allir velkomnir. Nefndin.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Sumarhús á Spáni. Höfum úrval af góðum íbúðum til leigu/sölu á Alicante svæðinu. Uppl. ís. 567 1596/694 7196/ e.mail.gumsig@terra.es

**Skrifstofu og Atvinnuhúsnæði.**
Á annarri hæð við Ármúla. 3ja herb. 104m og salur 150m (kaffiaðstaða). Uppl. í s. 553 1708 & 892 2392

Til leigu glæsil. herbergi, 15 og 30 fm, að Funahöfða 17a. Þvottah., bað og eldunaraðst. Í herb. er dyras., íssk., fatask., sjónv. og símtengi. S. 862 7950 & 896 6900 e. kl. 16.

Herb. á sv105, búið húsgögnum. allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð2, Sýn, 895-2138

**Herbergi til leigu**
Herbergi til leigu í Hafnarfirði. Uppl. í s. 863 0403.

Til leigu 80 fm 3ja herbergja íbúð við Álfheima(104) frá 1. júní. Verð 85 þús. á mán. með hita og hússjóði. Íbúðin leigist með húsgögnum. Áhugasamir hafi samband í s. 691 7895.

Herbergi til leigu með húsgögnum í Jörfabakka, ca. 20 fm. í kjallara. Aðgangur að WC. Verð 25 þús. á mán. + trygging. Uppl. í s. 567 1271, e. kl. 17.

Til leigu stúdíóíbúð í Kópavogi, fram til 1.okt. Leiga 35þús/mán. með hita/rafm. Reglusemi áskilin. Uppl. í síma 899 5615 eftir kl. 17.00.

Snyrtilegt herb. til leigu á góðum stað í Hfj. Öll aðstaða. Uppl. í s. 565 4360 eða 692 5105.

Til leigu nýjar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur. Stærð 50-75 fm. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í símum 897 9390 & 896 1306.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Sérinngangur. Uppl í s. 867 9051.

## Húsnæði óskast

Einstæður faðir leitar að 2ja til 3ja herb. íbúð. Vinsamlega hringið í síma 868 8272 e. kl 17.

Einstæð og reglusöm móðir óskar eftir góðri íbúð sem fyrst. Greiðslugeta ca 65 þús á mánuði . Uppl. í síma 868-4989

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

Atvinnuhúsnæði til leigu. Við Sund: 20 fm skrifstofa og 45 fm vinnustofa á 2. hæð. Einnig 90 fm verslunar/þjónustuhúsn. Hagstæð leiga. Hólmaslóð: 205 fm verslunar/þjónustuhúsnæði á jarðhæð og 36, 74 og 125 fm skrifstofur á 2. hæð leiguval.is Sími 894 1022 og 553 9820

Til lgu eða sölu 150 fm atvinnu eða lagerhúsnæði upphitað plan góð innkeyrsluhurð vel staðsett i Mosfellsbæ uppl í s 897-0630 Axel

## Gisting

Íbúð til leigu í Barcelona og Menorka. Laus um páskana. Sími 899 5863.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna í boði.**
Aloa vera gelið fína
það ver og græðir húð og hár
Unique nýja förðunarlínan
yngir þig upp um all mörg ár
hærri tekjur meiri vinna
eða bara aukavinna
hafðu samband ég skal þér sinna.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is http://www.volares.tk**

**10-11 Fullt starf !**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar í fullt starf. Vinnutími ca frá kl. 8 til 17.00. Umsækjendur skulu vera fæddir '85 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.**

Starfskraftur óskast. Framtíðarstarf. Æskilegur aldur 25-55 ár. Upplýsingar í Efnalauginni og Þvottahúsinu Drífu, Hringbraut 119 Rvk. eða í síma 562 7740.

**Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**




Óskum eftir vönum barþjónum, (keyrslu), þjónum í sal. Einnig vantar vana dyraverði. Einungis reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina, eldri en 20 ára. Uppl. á staðnum milli kl. 13 og 17.



Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa við slátrun og kjötskurð. Mikil vinna framundan. Fastráðning eða sumarafleysingar koma til greina. Umsóknir sendist á tölvupóst hilmar@svinvirkar.is fyrir 22. mars n.k.. Nánari upplýsingar í síma 895 9600 milli kl. 16 og 17 daglega.

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Símadömur óskast!**
Rauða Torgið vill komast í samband við hlýjar og hressar símadömur. Nánari upplýsingar fást á vefsíðu okkar, www.raudatorgid.is.

**Smurstöð/Hjólbarðaþj.**
Vanur maður á smurstöð og hjólbarðaþjónustu óskast. Um framtíðarstarf er að ræða. Uppl. í s 562 6066.

Blikksmiðja Gylfa ehf óskar eftir starfsmönnum, a.m.k fram á haust. Uppsetning loftræstikerfa oþh vinna. Hafið samband í s. 567-4222 eða 897-9161. Töluverð vinna framundan.

Stafsmann vantar til ræstinga á selfossi um er að ræða kvöldræstingu eftir kl 19 sími. 8630083 eða rh@rh.is

Starfsfólk óskast til afleysinga í ræstingum og bónvinnu kvöldvinna.sími 8630080

Óska eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Uppl. í s. 691 1707.

**Fín aukavinna!**
Vantar fólk á aldrinum 18-70 ára. Í símasölu frá 18-22 á kvöldin. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

Getum bætt við okkur góðum smiðum. Uppl. gefur Stefán í síma 690 0500.

Þetta gæti verið þitt tækifæri. Kíktu www.velgengni.is Miklir tekjumöguleikar.

**Pizza Höllin Dalbraut**
óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra/vaktstjóra. Þarf að geta stjórnað, vera ábyrgur og vera eldri en 20 ára, reynsla af pizzabakstri ekki nauðsynleg. Umsóknareyðublöð á staðnum Pizzahöllin Dalbraut 1.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 og á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Starfskraftur óskast. Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Einn til tveir múrarar óskast til að pússa íbúð og flísaleggja. Uppl. í s. 896 1606.

**Gröfumaður**
Vanur gröfumaður óskast á gröfu. Uppl. í s. 892 2927.

**Matreiðslunemi óskast**
Apótek bar-grill óskar eftir að taka matreiðslunema á samning. Upplýsingar á staðnum.

**Sumarvinna**
Vantar duglegt fólk í garðslátt og hreinsun á görðum á aldrinum 15-25 ára. Hægt er að sækja um á www.gardlist.is

Starfskraftur óskast á sólbaðsstofu. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 846 2117.

Óskum eftir duglegu fólki í ræstingar. Um er að ræða vaktavinnu. Upplýsingar í síma 846 2117.

## Atvinna óskast

Handlaginn reglusamur 48 ára fjölskyldumaður, hraustur og vinnusamur óskar eftir atvinnu á höfuðborgarsvæðinu. Sími 659 2228.

Amma óskar eftir að gæta barna hluta úr degi. Er barngóð og vön. Með bíl umráða. Uppl. í s. 898 2868.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Einstæð 3ja barna móðir sem er á leið í Gjaldþrot óskar eftir hjálp frá íslendingum! Ef þú getur hjálpað okkur þá mun ég vera ævinlega þakklát . 0130-063264

## Einkamál





## FRÍSTANDANDI MILLIGÓLF OG LAGERHILLUR TIL SÖLU!

Til sölu mjög vandað **frístandandi millgólf með veggeiningakerfi frá Rými.**

Hentar fyrir allar gerðir fyrirtækja, hægt er að bæta við það. Erum að taka það niður núna.

**Nánari upplýsingar í símum: 825-9111 og 825-9199.**









## Starfsmaður í grænmetisvinnslu

**Hollt og Gott ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til starfa í vinnslu fyrirtækisins í Reykjavík.**

Vinnutími er frá kl. 04:00 á morgnana til kl. 12:00 á hádegi.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur Reynisson, framleiðslustjóri í síma 575-6054.

## Flotmúr ehf. óskar eftir múrurum eða byggingaverkamönnum til framtíðarstarfa.

Góð vinnuaðstaða og ýmis fríðindi í boði. Hjá fyrirtækinu er stundvísi, reglusemi og snyrtimennska höfð að leiðarsljósi. Upplýsingar veitir Hermann s. 824-0-824 umsóknir óskast sendar á flotmur@flotmur.is

Flotmúr ehf. er byggingafyrirtæki er sérhæfir sig í plötusteypu og flotun og hefur yfir góðum tækjabúnaði að ráða.

**Flotmúr ehf**
Miðhraun 22 • 210 Garðabær



# Aðalfundur SKOTVÍS

**verður haldinn í kvöld kl. 20:00 í Ráðhúskaffi.**

**Stjórn SKOTVÍS**

*„Ég missti son minn tvítugan í umferðarslysi"*

Fræðslufundur í Safnaðarheimili Háteigskirkju í kvöld 17. mars kl. 20-22.
Fyrirlesari Auður Gísladóttir.

Allir velkomnir.



**NÝ DÖGUN**
*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*



# HB FASTEIGNIR

**Hús Verslunarinnar · Kringlunni 7 · 103 Reykjavík**
**Sími 534 4400 · Fax 534 4410 · www.hbfasteignir.is**


Valdimar Óli Þorsteinsson
Sölufulltrúi
822 6439


Kristinn R. Kjartansson
Sölufulltrúi
897 2338


Hrafnhildur Bridde
Lögg. fasteignasali
821 4400


Teitur Lárusson
Sölufulltrúi
894 8090


Kári Kort
Sölufulltrúi
892 2506


Kristján Axelsson
Sölufulltrúi
821 4404


Pétur Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur verðbréfamiðlari
893 9048


Sigríður Hvönn Karlsdóttir
Sölufulltrúi
692 1010

OKKAR METNAÐUR ÞINN HAGUR



### SKJÓLBRAUT, KÓP.

HÆÐ +BÍLSKÚR — 19,5 MILLJ

- FJÓRBÝLISHÚS, INNST Í BOTNLANGA
- Íbúð 95,6 fm og bílskúr 24,5 fm
- Tvö herbergi
- Rúmgóð stofa
- Suður svalir og verönd
- Þak yfirfarið
- Nýtt gler og dren

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### BÁSBRYGGJA

RAÐHÚS — 38,9 MILLJ

- HÚS VIÐ SJÁVARKAMBINN - EINSTAKT ÚTSÝNI
- Hús 203 fm m/innbyggðum bílskúr
- Vandaðar sérsmíðar innréttingar og tæki
- Vinnuaðstaða á jarðhæð
- 3.rúmgóð herbergi
- Afhending fljótt
- Glæsileg eign á sjarmerandi stað

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### HRAUNBÆR , 110 RVK

3JA HERB. — 16,7 MILLJ.

- SJARMERANDI ÍBÚÐ Í GRÓNU HVERFI
- Heildarstærð 95,5 fm • Fallegar innréttingar
- 2 hæð • 3 .herb
- Stutt í alla þjónustu • Barnvænt hverfi

692-1010 Sigríður Hvönn



### LAUFENGI, GRAFARVOGUR

4RA HERB. — 20,2 MILLJ.

* 106,4 FM
* 2.hæð
* 3.svefnherb. m/skápum
* Sér inngangur af svölum
* Barnvænt hverfi
* Baðherb.nýl. endurnýjað

892-2506 Kári Kort



### STARENGI, GRAVARVOGI

3JA HERB. — 18,9 MILLJ.

- 86 fm neðri sérhæð - sérinngangur - sérgarður
- Fallegt eldhús opið inn í stofu
- Sér þvottahús inn í íbúð
- Rólegt hverfi
- Stutt í skóla
- Glæsileg og sjarmerandi íbúð

894-8090 Teitur Lárusson



### BÆJARHRAUN, HAFNARFIRÐI

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI — 11,9 MILLJ.

- Heildarstærð 108,9 fm • 4 skrifstofur
- 1 fundarherbergi • 3 hæð .
- Rúmgóð herbergi • Góður staður

692-1010 Sigríður Hvönn



### GRANDASVÆÐIÐ

IÐNAÐAR / VERSLUNARHÚSN.

- Frábær staðsetning • Stór og góð lóð
- Góðar innkeyrsludyr • Klassa eign
- Flott verð

897-2338 Kristinn Kjartansson



### ÁSBRAUT, KÓPAVOGI

4RA HERB. - 2.HÆÐ — 17,9 MILLJ.

* 90,8 fm
- 2.herb. og 2.stofur
- Suður svalir
- Upprunalegar innréttingar
- Snyrtileg sameign

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### HÁTEIGSVEGUR, REYKJANESBÆR

3JA HERB. — 9,8 MILLJ.

* 87,3fm íbúð á 1.hæð í fjórbýli.
- Andyri+hol m/flísum á gólfi m/fatask.
- Borðst.og stofa m/útg á svalir.
- Baðherbergi flísal hólf og gólf.
- Mikið endurnýjuð íbúð á góðum stað

892 2506 Kári Kort



### FAXABRAUT, KEFLAVÍK

4RA HERB. — 9.9 MILLJ.

- 98 fm
- Nýleg gluggar og lagnir
- Rólegt hverfi
- Stutt í skóla
- rúmgóð íbúð

821 4404 Kristján Axelsson



### FAXABRAUT, KEFLAVÍK

2JA HERB. — 8,5 MILLJ.

*71 fm neðri hæð
*Nýleg eldhúsinnrétt.og tæki
*Rólegt hverfi
*Stutt í skóla
*Snotur og sjarmerandi íbúð

894-8090 Teitur Lárusson



### KÖLLUNARKLETTSVEGUR

SKRIFSTOFU OG ATVINNUHÚSNÆÐI

- Glæsilegt húsnæði með stórri lóð
- Byggingarréttur • Tvennar innkeyrsludyr
- Frábær staðsetning • Fínt verð

8972338 Kristinn R. Kjartanson

## FJÖLDI KAUPENDA Á SKRÁ SEM LEITA AÐ RÉTTU EIGNINNI!

**Það sem við gerum fyrir seljendur:** • Skoðum eignina samdægurs • Verðmetum eignina • Sýnum sjálf allar eignir á söluskrá • Opin hús eru í okkar höndum • Fjármálaleg ráðgjöf

**Það sem við gerum fyrir kaupendur:** • Hjálpum þér að finna réttu eignina • Fylgjum þér að skoða eignir • Persónuleg þjónusta • Fagleg ráðgjöf við tilboðsgerð • Fjármálaleg ráðgjöf.

# Góðum hagvexti spáð í Bretlandi

Útlit er fyrir að hagvöxtur í Bretlandi verði 3 til 3,5 prósent í ár ef marka má spár breska fjármálaráðuneytisins. Þetta er meiri hagvöxtur en verið hefur síðastliðin fimm ár að því er fram kom í Hálf fimm fréttum KB banka í gær.

Hagvöxtur í Bretlandi er umtalsvert meiri en í flestum Evrópulöndum. Nýverið hafa hagvaxtarspár í Frakklandi og Þýskalandi verið færðar niður. Breska hagkerfið stækkar hins vegar á svipuðum hraða og hið bandaríska um þessar mundir.

Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, sagði í ræðu í breska þinginu í gær að nú hafi hagvöxtur verið jákvæður í þrjátíu ársfjórðunga samfleytt en það sé lengsta samfellda hagvaxtarskeið í Bretlandi frá því mælingar hófust árið 1701. Hann kynnti þar fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem meðal annars felur í sér miklar opinberar framkvæmdir.

Efnahagsaðstæður í Bretlandi hafa stöðugt meiri áhrif á gengi íslenskra fyrirtækja sem mörg hver hafa fjárfest mjög mikið í hinum ýmsu geirum bresks atvinnulífs. **- þk**


MYND AP

**MEÐ RAUÐU TÖSKUNA** Gordon Brown á leið í breska þingið með hina frægu tösku sem inniheldur fjárlagafrumvarp bresku ríkisstjórnarinnar.






**MEIRI OLÍA** Prins Ahmad Fahd al-Sabah, olíumálaráðherra Kúvæt og forseti OPEC, tilkynnir fréttamönnum um ákvörðun samtakanna.

# Framleiðslan verður aukin

Samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, munu auka framleiðslu sína um 500.000 föt á dag frá og með 1. apríl. Olíumálaráðherrar ríkjanna ákváðu þetta á fundi sínum í Isfahan í Íran í gær. Búist er við að með þessu takist að róa olíumarkaði og slá á hækkun olíuverðs. OPEC útilokar ekki að í sumar verði framleiðslan aukin um önnur 500.000 föt á dag.

Spurn eftir olíu nálgast nú framleiðslugetu heimsins óðfluga og munar þar einna mest um sívaxandi olíunotkun Kínverja. Þeir kaupa um þriðjung hráolíuframleiðslunnar. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUNNLAUGUR SIGMUNDSSON**
Forstjóri Kögunar.

# Auka hlut í Kögun

KB banki jók enn við hlut sinn í hugbúnaðarfyrirtækinu Kögun í gær. Nú á KB banki 20,8 prósent í Kögun. Aðalfundur félagsins var haldinn í vikunni en þá urðu engar breytingar á stjórn félagsins.

Samkvæmt heimildum er KB banki ekki að safna hlutum í Kögun til að framselja til annars fjárfestis. Fjárfestingarbankinn Straumur er stærsti hluthafinn í Kögun.

Gengi bréfa í Kögun hafa hækkað mjög í verði í Kauphöll Íslands á síðustu misserum og eru nú fjórðungi hærri en fyrir mánuði síðan. **- þk**




Vantar þig hugmynd að góðri gjöf?

Gjafabæklingurinn „Svör við öllu“ liggur frammi í öllum verslunum okkar. Ótal góðar hugmyndir að frábærum gjöfum í tilefni af fermingu, útskrift, afmæli eða bara til að gleðja þig!



TILBOÐ UM HELGINA
Borgaðu 4500 krónur og fáðu 5000 króna gjafabréf.

Penninn Eymundsson BÓKA BÚÐIR

Fiton/SÍA FI012136

**WILLIAM GIBSON (1948)**
á afmæli í dag



*„X-kynslóðin er dauð. Hugtakið er orðið notað um hvern sem er á aldrinum 13 til 55 ára.“*

***Gibson er höfundur vinsælla vísindaskáldsagna á borð við Neuromancer og Count Zero og er einn af frumkvöðlum svokallaðrar „cyberpunk“-hreyfingar. Hann er fæddur í Bandaríkjunum en fluttist barn að aldri til Kanada þar sem hann býr.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðrik Guðmundsson**

fyrrverandi tollvörður, Sunnuvegi 9, Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 12. mars, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 18. mars klukkan 15.

Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Guðmundar Gissurarsonar, Sólvangi, sími 590 6500.

**Elín Kristbergsdóttir**
**Kristján S. Sigurgeirsson** — **Þorgerður Erlendsdóttir**
**Friðrik Friðriksson** — **Guðrún Helga Sigurðardóttir**
**Herborg Friðriksdóttir** — **Guðjón Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar,*

**Sigurlaugar Kristínar Jóhannsdóttur**

Sóltúni 2, Reykjavík.

**Jóhann Scheither,**
**Leifur N. Dungal,**
**Ragnar Ólafsson**
**og fjölskyldur.**

†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, stjúpföður, tengdaföður, afa og bróður,*

**Kjartans Runólfssonar**

bónda í Ölvisholti, Hraungerðishreppi.

Guð blessi ykkur öll.

**Arnleif Margrét Kristinsdóttir**
**Sif Elín Kjartansdóttir** — **Tor Magne Nevestveit**
**Anna Guðrún Kjartansdóttir** — **Bjørn Gjærum**
**Halla Kjartansdóttir**
**Berglind Sigurðardóttir**
**Jónína Hulda Gunnlaugsdóttir** — **Steinn Þórarinsson**
**Jón Elías Gunnlaugsson** — **Þórhildur Rúnarsdóttir**
**og barnabörn.**
**Ögmundur Runólfsson og fjölskylda.**
**Sveinbjörn Runólfsson og fjölskylda.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hansína Þorkelsdóttir**

frá Siglufirði,

sem lést þann 9. mars síðastliðinn, verður jarðsungin frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 18. mars kl. 11.00.

Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð hjúkrunarþjónustunnar Karitas s. 551 5606, eða Minningarsjóð krabbameinslækningadeildar LSH s. 543 1151.

**Unnur Einarsdóttir** — **Rafn Baldursson**
**Guðrún Einarsdóttir** — **Hjörtur Páll Kristjánsson**
**Þorkell Einarsson** — **Rut Marsibil Héðinsdóttir**
**Gerður Einarsdóttir** — **Þorsteinn Sveinbjörnsson**
**Ólafur Hjalti Einarsson** — **Sólveig Victorsdóttir**
**Sveinn Ingvar Einarsson** — **Karin Margareta Johanson**
**Pálmi Einarsson**
**Jóhanna Einarsdóttir** — **Gísli Guðmundsson**
**Ari Einarsson** — **Berglind Jónsdóttir**
**Snorri Páll Einarsson** — **Elín Lára Jónsdóttir**
**Unnur Helga Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

## ÞETTA GERÐIST

# *Gengið til heiðurs heilögum Patreki*

Þennan dag árið 1762 fór fram í New York-borg í Bandaríkjunum fyrsta skrúðgangan til heiðurs heilögum Patreki verndardýrðlingi Írlands. Fyrstu gönguna héldu írskir hermenn í her Breta. 17. mars er dagur heilags Patreks og haldið upp á hann víða þar sem er að finna Íra, eða fólk af írskum uppruna.



PATREKSGANGA

Heilagur Patrekur var fæddur á síðari hluta fjórðu aldar og er talinn einn ötulasti trúboði kristinnar trúar sem uppi hefur verið. Patrekur var fæddur í Bretlandi en fjölskyldan var frá Róm. 16 ára gömlum rændu honum Írar sem réðust á setur fjölskyldunnar og fluttu hann með sér til Írlands. Þar var honum haldið í sex ár áður en honum tókst að flýja aftur til Bretlands. Patrekur hafði þá trú að guð hefði falið honum það verk að kristna Íra og gekk hann því til liðs við kaþólsku kirkjuna. Þar lærði hann kristin fræði í 15 ár áður en hann hlaut vígslu sem annar trúboði kirkjunnar á Írlandi. Patrekur hóf starf sitt á Írlandi árið 432 og þegar hann lést árið 460 taldist eyjan nær öll kristin. Fyrstu írsku landnemarnir í Bandaríkjunum höfðu með sér þann sið að halda hátíðlegan dag heilags Patreks. Fyrsta skrúðgangan honum til heiðurs fór hins vegar ekki fram á Írlandi, heldur í New York í Bandaríkjunum og eftir því sem írskum innflytjendum fjölgaði breiddust hátíðarhöldin hratt út þar í landi.

## MERKISATBURÐIR

**1328** Skotland nær sjálfstæði frá Englandi.

**1907** Fyrsti fundur Verkamannasambands Íslands er haldinn í Reykjavík.

**1917** Blað Framsóknarflokksins, Tíminn, kemur út í Reykjavík, ritstjóri er Guðbrandur Magnússon.

**1950** Vísindamenn við Kaliforníuháskóla í Berkeley í Bandaríkjunum segjast hafa búið til nýtt geislavirkt efni sem þeir nefna „californium“.

**1969** Golda Meir verður forsætisráðherra Ísraels.

**1987** Fyrsta íslenska glasabarnið fæðist á Landspítalanum, tólf marka drengur.

**2001** Kosið um framtíð flugvallarins í Reykjavík. Meirihluti þeirra sem afstöðu tóku, 50,6 prósent, vildu völlinn burt eftir árið 2016.

**TÍMAMÓT**: FYRSTI DOKTOR TANNLÆKNADEILDAR HÁSKÓLANS

# Réttir tennur allan daginn

Í byrjun mánaðarins varði Berglind Jóhannsdóttir, tannlæknir og sérfræðingur í tannréttingum, doktorsverkefni sitt við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Hún er fyrsti neminn til að ljúka doktorsnámi í deildinni.

Rannsókn Berglindar er nokkuð viðamikil og ekki hlaupið að því að draga saman niðurstöður í stuttu máli. „Merkilegast finnst mér nú samt varðandi erfðir, að drengir virðast líkjast mæðrum sínum frekar en feðrum,“ segir Berglind. Fram kom í rannsókn hennar að form og stærðir andlitsbeina stúlkna líkjast báðum foreldrum, meðan drengirnir líkjast mæðrunum. Niðurstöðurnar segir Berglind að kalli eiginlega á frekari rannsóknir því þær veki vangaveltur um kynbundnar erfðir þessara þátta, ekki ósvipað og vitað sé að skalli erfist frá móður til sonar. „Stúlkur fá náttúrlega tvo X-litninga og spurning hvort þær geta þá frekar nýtt eitthvað frá báðum foreldrum, meðan drengirnir fá bara einn X-litning.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BERGLIND JÓHANNSDÓTTIR** Berglind sést hér að störfum á stofu sinni í Kópavogi, en hún er sérfræðingur í tannréttingum. Hún varði nýverið við tannlæknadeild Háskólans doktorsritgerðina „Tíðni bitskekkju, form og stærðir andlitsbeina og erfðastuðull barna við foreldra sína á Íslandi.“

Meðal annarra niðurstaðna rannsóknar var að tíðni bitskekkju hjá börnum hér er í samræmi við það sem gerist í Norður-Evrópu og hjá hvítum börnum í Norður-Ameríku. „Meðferðarþörfin hjá 12 ára börnum er svona um 30 prósent, en ef til vill ekki nema um 25 prósent sem skila sér í meðferð,“ segir Berglind, en bætir við að mjög hafi færst í vöxt að fullorðið fólk fari í tannréttingu. „Það er margt sem hvetur fólk til þess. Ef til vill hafa tapast tennur og bit riðlast, eða fólk hafði ekki tækifæri til þess áður. Svo eru náttúrlega gerðar miklar kröfur til útlitsins og fólk vill halda tönnum sínum lengur og er tilbúið að leggja á sig kannski tveggja ára tannréttingu til að fjárfesta í framtíðinni.“

Berglind segir það hafa aukna möguleika í för með sér að ljúka doktorsnáminu. „Eftir tannlæknanám fór ég í framhaldsnám og þar má segja að hafi vaknað þessi akademíski áhugi á að stunda rannsóknir. Ég datt í þennan gagnabrunn sem var til uppi í tannlæknadeild Háskólans og lítið hafði verið unnið úr og þannig inn í þetta verkefni. Svo opnast vissulega ýmsir möguleikar þegar maður er kominn með doktorsgráðu, svo sem við störf í erlendum háskólum,“ segir hún og viðurkennir fúslega að hugurinn leiti dálítið út fyrir landsteinana. „En núna er ég náttúrlega bara í mínum klíníska praxís og rétti tennur allan daginn, hvað sem síðar verður.“ Berglind stundaði doktorsnámið með vinnu og segir að á stundum hafi ekki verið hlaupið að því að púsla þessu saman. „Þetta er gífurleg vinna og tímafrekt að stunda svona rannsóknir. Maður fórnar ansi miklu og tæpast hægt nema að maður hafi í kringum sig fólk sem er mjög sveigjanlegt,“ segir hún. ■

## AFMÆLI

**Páll Pétursson**, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, er 68 ára í dag.

**Kristján Loftsson**, forstjóri Hvals hf., er 62 ára í dag.

## JARÐARFARIR

13.00 **Andrés Haraldsson**, bifvélavirki, Þverbrekku 4, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.00 **Ingiríður Jónasdóttir Blöndal**, Stóragerði 38, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grensáskirkju.

15.00 **Jóhann Lárusson**, múrarameistari, Selvogsgötu 16a, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Ólafur Sverrisson**, fyrrverandi kaupfélagsstjóri í Borgarnesi og á Blönduósi, hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## ANDLÁT

**Arndís Bjarnadóttir**, Skúlaskeiði 34, Hafnarfirði, lést á Sólvangi laugardaginn 5. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Gunnar Hilmarsson** lést á sjúkrahúsi í Southampton miðvikudaginn 9. mars. Útförin hefur farið fram.

**Vala Ásgeirsdóttir Thoroddsen**, Efstaleiti 10, Reykjavík, lést þriðjudaginn 15. mars.

**Birna Björnsdóttir**, fyrrverandi bankafulltrúi, Hvassaleiti 14, Reykjavík, lést mánudaginn 14. mars.

**Gylfi Hauksson**, Álfatúni 10, Kópavogi, lést mánudaginn 14. mars.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Hansdóttir**

Hrafnistu, áður Gnoðarvogi 26, Reykjavík,

andaðist að Hrafnistu þriðjudaginn 15. mars.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Gretar Franklínsson** — **Kristín Gunnlaugsdóttir**
**Ómar Franklínsson** — **Þóra Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

SÓLSTEINAR
10-40% afsláttur
af legsteinum út febrúar



Kársnesbraut 98 • Kópavogi
564 4566 • www.solsteinar.is


Office 1 Superstore
Fermingargjafir
6.000,- VERÐLÆKKUN!
Stóra tölvuorðabókin
Verð 8.995,-
Verð áður 14.995,-
Ensk íslensk
Dönsk íslensk
Verð 4.995,- stk.
ÍSLENSK ORÐABÓK
9.000,- VERÐLÆKKUN!
Íslensk orðabók 2002
Verð 11.980,-
Verð áður 19.980,-
Tilboðin gilda í mars 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.
Vísindabókin
40% AFSLÁTTUR!
Verð 2.990,-
Verð áður 4.990,-
Auðlegð íslenskrar tungu
Askja
12.000,- VERÐLÆKKUN!
Verð 7.960,-
Verð áður 19.960,-
Orð í tíma töluð
60% AFSLÁTTUR!
Verð 2.790,-
Verð áður 6.980,-
Hugmyndir sem breyttu heiminum
20% AFSLÁTTUR!
Verð 3.990,-
Verð áður 4.990,-
Af hverju er himininn blár
40% AFSLÁTTUR!
Verð 3.490,-
Verð áður 5.990,-
Íslandssaga a-ö
Askja
13.000,- VERÐLÆKKUN!
Verð 3.900,-
Verð áður 16.900,-
Ísland í aldanna rás 19000-2000
23% AFSLÁTTUR!
Verð 9.975,-
Verð áður 12.980,-
Söguatlas máls og menningar
9.000,- VERÐLÆKKUN!
Verð 5.990,-
Verð áður 14.990,-
Bókin með svörin
42% AFSLÁTTUR!
Verð 1.995,- stk.
Verð áður 3.490,-
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 12-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Gerið verðsamanburð
Office 1 Superstore
OPIÐ alla sunnudaga
Office 1 Smáralind
sunnudaga 12-18
Office 1 Skeifunni 17
sunnudaga 13-17



**Aðal frétt dagsins**

**Allt klárt fyrir undanúrslitin**

Nú er ljóst hvaða lið mætast í undanúrslitum úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta. Keflavík mætir ÍR og Snæfell mætir Fjölni í undanúrslitunum sem byrja á laugardaginn.

# sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN RÚNAR KRISTINSSON: ENN MEÐ METNAÐ FYRIR ÍSLENSKA LANDSLIÐINU

## *Var ekki á sólarströnd heldur á Íslandi*

Knattspyrnumaðurinn Rúnar Kristinsson var ekki á sólarströnd þegar Íslendingar léku gegn Japönum og Englendingum á Manchester-mótinu í júní í fyrra líkt og haldið var fram í pistli í Fréttablaðinu í gær. Rúnar var í sumarfríi á Íslandi og fór meðal annars út til Englands og horfði á félaga sína í íslenska landsliðinu leika gegn enska liðinu. Þetta sagði hann við Fréttablaðið í gær og kvaðst verulega ósáttur við að ekki væri rétt farið með staðreyndir.

Hann sagði líka að það væri mikil einföldun að stilla dæminu upp þannig að það væri fáránlegt fyrir hann að treysta sér ekki til að spila leikinn gegn Króötum eftir ellefu daga vegna veikinda og meiðsla. „Ég spilaði leik á laugardaginn en þurfti að fá sprautu á sunnudagsmorguninn. Ég gat ekkert æft á mánudaginn en náði síðan einni æfingu fyrir bikarleikinn í kvöld,“ sagði Rúnar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann sagði að það væri síðan deildarleikur fram undan á laugardaginn og því væri ekki eins og hann lægi með tærnar upp í loft þar til leikurinn gegn Króötum fer fram. „Ef ég hefði spilað með landsliðinu hefði ég spilað á laugardegi og miðvikudagi og síðan þurft að mæta hjá mínum vinnuveitendum á fimmtudegi til að gera mig kláran fyrir leik á laugardegi. Ég þekki líkama minn og veit að hann hefði ekki þolað þetta. Þess vegna tók ég þessa ákvörðun – ekki vegna þess að ég hafi ekki lengur áhuga á því að spila með íslenska landsliðinu. Allir sem sáu mig spila gegn Ítölum hljóta að hafa séð að ég hef enn metnað fyrir landsliðinu.“



### > Við gleðjumst yfir því ...



... að Viggó Sigurðsson skuli hafa brotið odd af oflæti sínu og samið frið við Jaliesky Garcia. Þar setti Viggó hag landsliðsins á oddinn enda ljóst að íslenska liðið getur illa verið án leikmanns á borð við Garcia.

### > Við skiljum ekki ...

... þá ákvörðun Viggós Sigurðssonar, landsliðsþjálfara í handbolta, að velja frekar Ólaf Víði Ólafsson, leikstjórnanda HK, heldur en Jónatan Magnússon, leikstjórnanda KA, í landsliðshópinn fyrir leikina þrjá gegn Pólverjum um páskana. Jónatan er einn albesti varnarmaður deildarinnar og maðurinn sem Viggó vantar til að stoppa í hripleka vörnina.








# Háspenna í Grafarvogi

## Snæfell, Keflavík og Fjölnir tryggðu sér sæti í undanúrslitum í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfuknattleik í gærkvöldi.

**KÖRFUBOLTI** Oddaleikir fjórðungsúrslitanna í Intersportdeildinni í körfuknattleik unnust allir á heimavelli. Snæfell bar sigurorð af KR, Fjölnir marði Skallagrím í háspennuleik og Keflavík vann nágranna sína, Grindvíkinga.

Það var sannkallaður háspennuleikur í íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi þar sem nýliðarnir tveir, Fjölnir og Skallagrímur, mættust í hreinum úrslitaleik um þátttökurétt í undanúrslitunum. Gestirnir byrjuðu betur og fór leikstjórnandi þeirra, Clifton Cook, á kostum í fyrsta fjórðung, skoraði þá 13 stig og náði Skallagrímur 10 stiga forystu í lok leikhlutans, 26-16.

Heimamenn voru ekki af baki dottnir og byrjuðu annan fjórðung með 11-2 áhlaupi. Leikur Skallagrímsmanna riðlaðist töluvert á þessum tíma en stórleikur George Byrd, sem tók aragrúa af fráköstum og var iðinn við stigaskor, kom gestunum yfir að nýju og staðan í hálfleik var 37-44, Skallagrím í vil.

### Úrslitin réðust á vítalínunni

Jafnræði var með liðunum í seinni hálfleik og voru lokamínúturnar æsispennandi þar sem sigurinn hefði getað lent hvorum megin sem var. Jeb Ivey kom Fjölni yfir, 72-70, þegar 15 sekúndur voru til leiksloka. Hafþór Gunnarsson fékk tækifæri til að jafna á lokasekúndum leiksins en Magnús Pálsson braut á honum í þriggja stiga skoti þegar 2 sekúndur voru til leiksloka. Hafþór fékk þrjú vítaskot, misnotaði fyrsta skotið, setti annað ofan í og glataði vísvitandi síðasta skotinu til að freista þess að samherjar hans tækju frákastið og næðu að jafna leikinn. Hann skaut hins vegar of fast, beint í spjaldið sem er ekki leyfilegt og Fjölnir dæmdur boltinn. Leikmenn Skallagríms náðu ekki að brjóta í tæka tíð og Fjölnir því sigurvegari.

### Vinnum alltaf á heimavelli

Grindavík freistaði þess að slá út nágranna sína í Keflavík en sterkur heimavöllur Keflvíkinga gerði gæfumuninn í oddaleiknum. „Þetta voru tvö frábær lið að spila, bæði lið spiluðu skynsamlega, tóku réttar ákvarðanir og pössuðu þriggja stiga skotin hjá þeim. Það háir okkur ekki jafn mikið og þeim þegar skrúfað er fyrir þriggja stiga skotin. Við höfðum alltaf þennan heimavöll og við vinnum alltaf á heimavelli. Þetta er alveg ný keppni, staðan í deildinni skipti engu máli,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur.

„Það var sárt að tapa þessum leik. Við gáfum allt í leikinn en hlutirnir duttu ekki okkar megin. Við vorum að klikka á litlum hlutum í vörninni og það þarf örlitla heppni í þessu þótt að hún sé ekki til í íþróttum. Það vantaði að hlutir eins og fráköstin duttu okkar megin svo erum við að klikka á vítum, hlutir sem gengu betur í leiknum í Grindavík. Keflavík hefur ekki tapað hér í háa herrans tíð og refsar liðum fyrir minnstu mistök,“ sagði Einar Einarsson, þjálfari Grindavíkur.



**TROÐSLA AÐ HÆTTI HÚSSINS** Fjölnismaðurinn William Coley sést hér troða með tilþrifum gegn Skallagrími í gær. Coley átti fínan leik og skilaði sínu hjá Fjölnismönnum sem eru komnir í undanúrslitin. Fréttablaðið/Valli

### Þetta bjargaðist

KR-ingar bitu vel frá sér í Hólminum þar sem þeir mættu Snæfelli. Þeir keyrðu upp hraðann í fyrri hálfleik en þegar líða tók á leikinn tóku leikmenn Snæfells leikinn í sínar hendur og unnu að lokum ellefu stiga sigur.

„Þetta var strögl. Við réðum ekkert við kanana til að byrja með. Þeir létu okkur hlaupa en svo í seinni hálfleiknum, þegar við skiptum yfir í svæði þá náðum við yfirhöndinni í leiknum. Í restina tók Herra Sigurður Þorvaldsson ásamt öðrum leikinn í sínar hendur. Þetta var einstök heppni hjá honum því allir boltarnir rúlluðu ofan í. Vörnin hjá okkur var skelfileg og merkilegt að við skyldum vinna leikinn miðað við hvað við fáum mörg stig á okkur. Við réðum ekkert við Echols í fyrri hálfleik. Þetta bjargaðist einhvern veginn. Ég held að við spilum við Fjölni næst og það er frábært að fá nýtt lið inn í þetta. Það er ábyggilega best þjálfaða liðið á landinu, með frábæra útlendinga og Pálmar og Hjalti eru búnir að sanna að þeir eru alvöruleikmenn. Þetta verður hörkusería en við vinnum,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells eftir leikinn gegn KR. smari@frettabladid.is

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Intersportdeildin*

**KEFLAVÍK–GRINDAVÍK 80–75**
**Stig Keflavíkur:** Nick Bradford 29 (16 frák.), Anthony Glover 19 (10 frák.), Jón Nordal Hafsteinsson 12 (7 frák.), Magnús Gunnarsson 9, Arnar Freyr Jónsson 5, Davíð Jónsson 2, Sverrir Þór Sverrisson 2, Elentínus Margeirsson 2.
**Stig Grindavíkur:** Darrell Lewis 22, Jeff Boschee 20, Terrell Taylor 15 (14 frák.), Páll Axel Vilbergsson 13 (8 frák.), Helgi Jónas Guðfinnsson 5.
***Keflavík*** vann samanlagt, 2–1

**FJÖLNIR–SKALLAGRÍMUR 72–70**
**Stig Fjölnis:** Jeb Ivey 21 (7 frák., 4 stoðs.), William Coley 21 (8 frák.), Pálmar Ragnarsson 9, Nemanja Sovic 8 (7 frák.), Guðni Valentínusson 8, Magnús Pálsson 3 (6 stoðs.), Helgi Hrafn Þorláksson 2.
**Stig Skallagríms:** Clifton Cook 23 (18 í fyrri hálfleik, 6 stoðs.), Goerge Byrd 23, (22 frák.), Jovan Zdravevski 11 (5 frák., 5 stoð.), Ragnar Steinsson 6, Pálmi Þór Sævarsson 4, Hafþór Ingi Gunnarsson 3.
***Fjölnir*** vann samanlagt, 2–1.

**SNÆFELL–KR 116–105**
**Stig Snæfells:** Mike Ames 35 (7 þriggja stiga), Sigurður Þorvaldsson 22, Magni Hafsteinsson 20, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 12, Hlynur Bæringsson 11, Calvin Clemmons 10, Helgi Reynir Guðmundsson 4.
**Stig KR:** Aaron Harper 35, Cameron Echols 29, Lárus Jónsson12, Ólafur Ægisson 11, Jón Ólafur Jónsson 9, Hjalti Kristinsson 6, Niels Dungal 3.
***Snæfell*** vann samanlagt, 2–1.

### *Enska úrvalsdeildin*

**CHARLTON–TOTTENHAM 2–0**
1–0 Jerome Thomas (4.), 2–0 Danny Murphy (85.).

**LIVERPOOL–BLACKBURN 0–0**

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 29 | 23 | 5 | 1 | 54–9 | 74 |
| **MAN. UTD.** | **29** | **18** | **9** | **2** | **47–17** | **63** |
| ARSENAL | 29 | 18 | 7 | 4 | 67–32 | 61 |
| **EVERTON** | **29** | **15** | **6** | **8** | **34–30** | **51** |
| LIVERPOOL | 29 | 13 | 5 | 11 | 41–30 | 44 |
| C. PALACE | 29 | 6 | 8 | 15 | 32–45 | 26 |
| **SOUTHAM.** | **29** | **4** | **12** | **13** | **30–44** | **24** |
| WBA | 29 | 3 | 12 | 14 | 25–50 | 21 |
| **NORWICH** | **29** | **3** | **11** | **15** | **29–58** | **20** |

### *Evrópukeppni félagsliða*

**NEWCASTLE–OLYMPIAKOS 4–0**
1–0 Kieron Dyer (18.), 2–0 Alan Shearer (45.), 3–0 Lee Bowyer (54.), 4–0 Alan Shearer (69.).
*Newcastle vann samanlagt, 7–1.*

### *Belgíski bikarinn*

**GENT–LOKEREN 0–1**
***Rúnar Kristínsson*** skoraði sigurmark Lokeren á níundu mínútu. Rúnar fór út af á 83. mínútu en Arnar Grétarsson og Arnar Þór Viðarsson spiluðu allan leikinn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
14 15 16 **17** 18 19 20
**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 18.20 **HK** og **KR** mætast í Fífunni í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.00 **Víkingur** og **Grindavík** í Egilshöll í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.15 **Grindavík** og **Haukar** mætast í Grindavík í úrslitakeppni 1. deildar kvenna í körfubolta.
- 19.15 **Keflavík** og **ÍS** mætast í Keflavík í úrslitakeppni 1. deildar kvenna í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- 18.30 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 19.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Sýnt frá **Ford-meistaramótinu** á bandarísku mótaröðinni í golfi.
- 20.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 20.30 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.
- 01.00 **NBA-boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Miami Heat** og **Los Angeles Lakers** í NBA-deildinni í körfubolta á Sýn.

Úrslitakeppni 1. deildar kvenna í körfuknattleik:

# Toppað á réttum tíma

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppnin í 1. deild kvenna í körfuknattleik hefst í kvöld. Í Keflavík tekur heimaliðið á móti ÍS en Haukar sækja Grindavík heim. Tvo sigurleiki þarf til að tryggja þátttökurétt í úrslitunum.

Keflavíkurstúlkur hafa átt góðu gengi að fagna undanfarin ár og stefna ótrauðar á sinn þriðja Íslandsmeistaratitil í röð. Keflavík landaði einum titli í vetur er liðið vann Hópbílabikarinn. Keflavíkurstúlkur voru síðan óvænt slegnar út úr bikarkeppni KKÍ og Lýsingar af Haukum sem fóru alla leið og fögnuðu sigri í keppninni.

Það er hugur í Stúdínum að komast alla leið að þessu sinni en liðið hefur mætt Keflavík tvisvar í bikar og fjórum sinnum í deild. Af þessum leikjum hefur ÍS unnið einn leik.

Grindavík hefur átt í basli í vetur og neyddust til að skipta um erlendan leikmann stuttu fyrir úrslitakeppnina eftir að Myriah Spence þurfti frá að hverfa vegna meiðsla. Í hennar stað kom Rita Williams, fyrrum leikmaður í bandarísku WNBA-deildinni.

Haukastúlkur skipa spútnik-lið vetrarins og hefur árangur liðsins komið á óvart. Liðið varð fyrir blóðtöku þegar Svanhvít Skjaldardóttir sleit krossbönd og verður hún ekkert meira með í vetur. **- sj**















**VIGGÓ SIGURÐSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI** Tilkynnti 19 manna hóp sinn gegn Pólverjum á blaðamannafundi í gær.

# Breyttur hópur mætir Pólverjum

**Viggó Sigurðsson hefur tilkynnt landsliðshópinn sem mætir Pólverjum um páskana og þar eru talsverðar breytingar frá HM í Túnis og þrír nýliðar munu fá sitt fyrsta tækifæri með liðinu.**

**HANDBOLTI** Á blaðamannafundi HSÍ í gær var tilkynnt um 19 manna landsliðshóp Íslands sem spilar þrjá æfingaleiki hér heima við Pólverja um páskana, en leikirnir eru liður í undirbúningi liðsins fyrir leikina við Hvít-Rússa í sumar, þar sem farmiðinn á EM í Sviss er í húfi. Landsliðshópur Íslands skipuðu leikmönnum undir 21 árs var einnig tilkynntur á fundinum í gær.

Þegar A-landsliðshópurinn er skoðaður vekur strax athygli endurkoma Snorra Steins Guðjónssonar og Jaleski Garcia, en Ólafur Stefánsson fær að hvíla vegna mikilla anna með félagsliði sínu Ciudad Real á Spáni. Einnig eru í hópnum þrír nýliðar, þeir Ólafur Gíslason úr ÍR, Árni Sigtryggsson úr Þór Akureyri og Ólafur Örn Víðisson úr HK. Fréttablaðið ræddi við Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfara og spurði hann fyrst út í nýliðana í hópnum.

„Ef ég hef tök á því mun ég leyfa Árna Sigtryggssyni úr Þór að leika sinn fyrsta A-landsleik. Hann verður að leika með undir 21 árs liðinu þessa helgi en hann er sá leikmaður hérna heima sem hefur vaxið mest á síðasta ári að mínu mati og því langar mig að leyfa honum að spreyta sig aðeins með aðalliðinu. Landsliðið hefur verið í markmannsvandræðum undanfarið og þar kemur Ólafur Gíslason inn sem framtíðarmaður. Hann hefur verið að verja hvað best af þessum markvörðum hérna heima í vetur. Ólafur Víðir Ólafsson er líka búinn að vera leika vel með HK og er svona spútnikleikmaður, ég er að vona að hann geti gert svipaða hluti með landsliðinu“, sagði Viggó, sem telur að leikirnir við Pólverja verði góð æfing í undirbúningnum fyrir leikina við Hvít-Rússa.

„Pólverjarnir eru að vísu dálítið óskrifað blað, rétt eins og Rússarnir, en við vitum bara að þeir eru með mjög sterkt lið sem er að miklu leiti skipað leikmönnum sem spila í Þýskalandi og því verða þessir leikir kjörinn undirbúningur fyrir okkur og við förum í þá með því markmiði að vinna þá alla“, sagði landsliðsþjálfarinn, sem segir áherslur íslenska liðsins svipaðar taktískt séð og í Túnis. baldur@frettabladid.is

## LANDSLIÐSHÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Birkir Ívar Guðmundsson | Haukum |
| **Hreiðar Levy Guðmundsson** | **ÍR** |
| Ólafur Gíslason | ÍR |
| **Roland Eradze** | **ÍBV** |
| **Aðrir leikmenn** | |
| Alexander Peterson | Düsseldorf |
| **Árni Sigtryggsson** | **Þór** |
| Bjarni Fritzson | ÍR |
| **Dagur Sigurðsson** | **Bregenz** |
| Einar Hólmgeirsson | Grosswallstadt |
| **Guðjón Valur Sigurðsson** | **Essen** |
| Ingimundur Ingimundarson | ÍR |
| **Jaleski Garcia** | **Göppingen** |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| **Markús Máni Mikaelsson** | **Düsseldorf** |
| Ólafur Víðir Ólafsson | HK |
| **Róbert Gunnarsson** | **Aarhus GF** |
| Snorri Guðjónnsson | Grosswallstadt |
| **Vignir Svavarsson** | **Haukum** |
| Þórir Ólafsson | Haukum |

## LANDSLIÐSHÓPUR U-21 ÁRS

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Björgvin Gústafsson | HK |
| **Davíð Svansson** | **Aftureldingu** |
| Pálmar Pétursson | Val |
| **Aðrir leikmenn** | |
| Andri Stefan | Haukum |
| **Arnor Atlason** | **Magdeburg** |
| Árni Björn Þórarinsson | Víkingi |
| **Ásgeir Örn Hallgrímsson** | **Haukum** |
| Daníel Berg Grétarsson | Gróttu/KR |
| **Einar Ingi Hrafnsson** | **Aftureldingu** |
| Ernir Hrafn Arnarsson | Aftureldingu |
| **Hrafn Ingvarsson** | **Aftureldingu** |
| Ívar Grétarsson | Selfossi |
| **Jóhann Gunnar Einarsson** | **Fram** |
| Kári Kristjánsson | ÍBV |
| **Magnús Stefánsson** | **KA** |
| Rúnar Hjaltested | Víkingi |
| **Ragnar Njálsson** | **KA** |



**JALIESKY GARCIA** Hefur samið frið við þjálfara íslenska landsliðsins og er kominn í hópinn á ný.

Einar Þorvarðarson sætti stríðandi fylkingar:

# Garcia í landsliðið á ný

**HANDBOLTI** Á blaðamannafundi hjá HSÍ í gær tilkynnti Viggó Sigurðsson að Jaliesky Garcia væri kominn í landsliðshóp Íslands á ný, eftir að hafa verið látinn sitja eftir þegar liðið tók þátt á HM í Túnis í janúar, vegna þess að hann lét ekki í sér heyra í fimm daga þegar hann var viðstaddur útför föður síns í heimalandi sínu.

Einar Þorvarðarson mun hafa tekið að sér að leysa málið í eitt skipti fyrir öll og Garcia er kominn aftur í íslenska hópinn.

Fréttablaðið ræddi við Einar og spurði hver staðan væri í málinu.

„Þetta mál lenti í leiðinlegum farvegi þarna í janúar og ég tók að mér að leysa það. Ég tel að Garcia sé það sterkur leikmaður að íslenska landsliðið hafi ekki efni á að vera án hans. Ég ræddi við Garcia og fékk málið á hreint og tilkynnti landsliðsþjálfaranum það að Garcia gæfi kost á sér í íslenska landsliðið. Nú er kominn mars og ný verkefni uppi á borðinu. Menn hafa slíðrað sverðin og eru tilbúnir að horfa fram á við,“ sagði Einar. ■


Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í
Stofnun og rekstri smáfyrirtækja
hefst 2. apríl nk.

Nánari upplýsingar og skráning
hjá Iðntæknistofnun í síma 570 7100 og
á vefsíðu www.iti.is

NÁM SKEIÐ
Iðntæknistofnun




birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FIMMTUDÖGUM

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

**Þ**ýskir knattspyrnuáhugamenn gera nú allt sem í þeirra valdi stendur til að brúin að nýja Wembley-leikvanginum verði nefnd eftir Þjóðverjanum **Dietmar Hamann**, sem leikur með Liverpool, en hann skoraði síðasta markið á leikvanginum í landsleik Englendinga og Þjóðverja haustið 2000. **Ken Livingstone**, borgarstjóri Lundúna, hefur hrundið af stað samkeppni um nafnið á brúnni á heimasíðu vallarins og hafa þýskir fjölmiðlar hvatt lesendur sína til að taka þátt í samkeppninni og kjósa **Hamann**.



**S**epp **Blatter**, forseti Alþjóða knattspyrnusambandsins, er gríðarlega ósáttur við árásir þær sem dómarar hafa þurft að þola að undanförnu. „Þessar árásir með orðum sem dómarar hafa orðið fyrir eru óþolandi. Við verðum að muna að þeir sem ráðast á dómarana ráðast einnig á knattspyrnusamfélagið sem þeir búa í. Þetta er uppskriftin að hegðuninni sem leiðir til vandræða á meðal stuðningsmanna og ég ráðlegg öllum að bera virðingu fyrir dómurum og hugsa um að haga sér prúðmannlega," sagði **Blatter**.



**J**ón **Arnór Stefánsson** átti sannkallaðan stórleik með liði sínu, Dynamo St. Pétursborg, þegar það bar sigurorð af úkraínska liðinu Azovmash, 88-77, í fyrsta leik liðanna í átta liða úrslitum Evrópudeildarinnar í körfubolta í fyrrakvöld. **Jón Arnór** skoraði 22 stig og gaf níu stoðsendingar og var besti leikmaður Dynamo í leiknum. Hann hitti frábærlega, úr níu af þrettán skotum sínum, og var hjartað í sóknarleik liðsins eftir því sem kemur fram á vefsvæði fibaeurope.com.



**Þ**róttur Reykjavík varð Íslandsmeistari í blaki kvenna í fyrrakvöld þegar liðið bar sigurorð af KA, 3-1, í öðrum leik liðanna í úrslitaeinvígi Íslandsmótsins. Þetta er annað árið í röð sem Þróttarastúlkur vinna Íslandsmótið. Þær unnu fyrstu tvær hrinurnar, 25-17 og 25-20, en KA-stúlkur náðu að vinna þriðju hrinuna, 25-20. Þróttarastúlkur tryggðu sér síðan sigurinn með því að vinna fjórðu hrinuna, 25-18.

**S**tjórn Frjálsíþróttasambands Íslands hefur náð samkomulagi við **Sigurbjörn Árna Arngrímsson** um að hann hafi yfirumsjón með landsliðsmálum hjá sambandinu en hann mun aukinheldur gegna formennsku í Íþrótta- og afreksnefnd FRÍ. Staða **Sigurbjörns Árna** er ekki eiginleg landsliðsþjálfarastaða en honum er ætlað að hafa yfirumsjón með verkefnum landsliðsins og stýra undirbúningi stærri móta. Hann tekur við af **Guðmundi Karlssyni**, sem verið hefur landsliðsþjálfari undanfarin ár. **Sigurbjörn Árni** hefur verið einn fremsti millivegalengdahlaupari landsins undanfarin ár og er með doktorsgráðu í lífeðlisfræði frá Georgíuháskóla í Bandaríkjunum. Fyrsta verkefni hans með landsliðið er Smáþjóðaleikarnir en þeir fara fram í Andorra í lok maí.



**K**eflvíkingar hafa fengið til sín markvarðarþjálfarann **Stefano Marsella** en hann kemur hingað fyrir tilstuðlan **Guðjóns Þórðarsonar**, þjálfara Keflvíkinga. **Marsella** mun ekki flytjast hingað heldur mun hann koma hingað í heimsóknir, stjórna æfingum og leggja upp æfingaáætlanir fyrir markverði Keflavíkur í karla- og kvennaflokkum eftir því fram kemur á vefsvæði félagsins, keflavik.is.



Bandaríski kylfingurinn Tiger Woods:

# Mun ekki spila til eilífðar

**GOLF** „Ég mun pottþétt hætta í golfi fyrr en fólk heldur," segir Tiger Woods, besti kylfingur heims. Hann segist ákveðinn í að leggja kylfurnar á hilluna um leið og hans besta er ekki nægilega gott. „Ég veit ekki hvenær það verður en ég veit alveg hvenær ég spila vel og hvenær illa. Ef ég geri mitt besta og það dugir ekki til að vera einn af þeim bestu þá sé ég enga ástæðu til að reyna," segir Tiger og útilokar þar með að hann verði atvinnumaður til eilífðarnóns.

Eftir stendur að Tiger er enn staðráðinn í að slá tvö met áður en ferillinn tekur enda. Metin eru 18 sigrar Jack Nicklaus á stórmótum og 82 sigrar Sams Snead á bandarísku mótaröðinni. Tiger hefur hingað til unnið átta stórmót og 42 almenn mót og vantar því rúmlega annað eins til að ná markmiði sínu. ■



**TIGER WOODS** Ætlar ekki að spila til dauðadags.

**Knattspyrnufélagið Valur auglýsir eftir aðalþjálfara fyrir 7. fl. drengja.**

Hjá félaginu er unnið metnaðarfullt starf við þjálfun yngri flokka í samræmi við knattspyrnu- og uppeldisstefnu Vals.

**Leitað er að þjálfara með menntun KSÍ, I. og II. stig.**

Nánari upplýsingar veita formaður unglingaráðs knd. í s. 893-7020 eða íþróttafulltrúi Vals í s. 562-3730.

**Knattspyrnufélagið Valur – Unglingaráð**







## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Kettlingar komnir

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** HELDUR LEITINNI AF ÁBYRGU FRESSI ÁFRAM


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Fyrir einhverjum vikum auglýsti ég eftir ábyrgu fressi í Vesturbænum. Tilefnið var að læðan mín varð kettlingafull og ég hafði ekki hugmynd um hver bæri ábyrgð á ástandinu. Auglýsing mín hér á þessum stað bar ekki tilætlaðan árangur. Ekkert fress gaf sig fram. Enginn högni bar næga ábyrgðartilfinningu til að vilja skipta sér af uppeldi unga sinna. Né heldur að borga meðlag.

Auðvitað getur verið að eigandi högnans sem ber ábyrgð á þessu öllu saman hafi einfaldlega ekki lesið Fréttablaðið, né heldur kennt honum að lesa svo ekki gat hann lesið þetta sjálfur. Svo kemur auðvitað til greina að þetta sé eitthvað útigangsfress, nóg er af þeim í Vesturbænum. Þrátt fyrir að Fréttablaðið dreifist víða, er ekki hægt að gera kröfu um svo mikla útbreiðslu.

Nú hef ég önnur meðöl til að finna fressið. Læðan gaut um helgina og fimm krúttlegir kettlingar litu dagsins ljós. Eftir að hafa verið neitað um að fá að gjóta í nærfataskúffum heimilisins lét hún sér duga handklæðahrúgu í einu rúminu. Það kom sér mæta vel, þar sem gotið var um miðja nótt. Svo kom í ljós að einhverjir kettlinganna vildu öfugir út og þurfti hin nýbakaða móðir á aðstoð að halda. Tók ég því að mér ljósmóðurstörf í fyrsta sinn á ævinni.

Kettlingarnir eru ekki farnir að sjá enn, en við höfum séð þá og það dugar. Þrír kettlinganna líkjast móðurinni mjög og get ég ekkert ályktað um það hver faðirinn sé út frá þeim. En ég var heppin og þeir eru ekki allir eins. Tveir kettlinganna eru nefnilega gráleitir. Því get ég farið í njósnaferðir um hverfið til að athuga hvort ég finni ekki eitthvert grátt fress, sem líklegt er að sé faðirinn. Einhvers staðar í vesturhluta hundrað og eins flakkar hann um í mesta sakleysi og veit ekkert um þessi fimm grey sem tilheyra honum. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




DISNEY PRESENTS A PIXAR FILM
THE INCREDIBLES
FRÁ FRAMLEIÐENDUM LEITIN AÐ NEMO
THE INCREDIBLES
BÚÐU ÞIG UNDIR HIÐ ÓTRÚLEGA!
KOMIN ÚT Á DVD OG VHS!
MEÐ ÍSLENSKU TALI
SAM MYNDBÖND




**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Daft Punk:** Human After All, **Bloc Party:** Silent Alarm, **Björk:** Homogenic, **50 Cent:** The Massacre og **Kings of Leon:** Aha Shake Heartbreak

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Gorillaz kemur í maí

Önnur breiðskífa Gorillaz er væntanleg í búðir 24. maí næstkomandi. Hún verður fimmtán laga og kemur til með að heita Demon Days. Á henni heldur Damon Albarn áfram að þreifa sig áfram í tilraunum sínum til að blanda saman hiphoppi við popp en að þessu sinni vann hann plötuna með upptökustjóranum Danger Mouse. Teiknarinn Jaime Hewlett sér áfram um að gera öll myndbönd og plötukóver fyrir „hljómsveitina“.

Margir gestir koma við sögu á plötunni og er þar helst að nefna leikarann Dennis Hopper sem les upp ljóð í einu laganna. Aðrir gestir eru De La Soul, Ike Turner, Shaun Ryder, Roots Manuva, MF Doom og London Community Gospel kórinn.

Lagaheiti á plötunni virðast vera í svipuðum dúr og síðast og núna er t.d. að finna lag sem heitir Dirty Harry. Ætli það verði jafn stór slagari og Clint Eastwood var árið 2001?



### > Popptextinn ...



*„I can decide*
*What I give*
*But it's not up to me*
*What I get given“*

- Viskubrot í boði Bjarkar Guðmundsdóttur. Úr laginu It's Not Up to You af plötunni Vespertine.

### > Plata vikunnar ...



**Daft Punk: Human After All**

*„Daft Punk náðu loksins að sannfæra mig að hér séu tilfinningaríkir og skapandi menn á ferð. Bráðskemmtileg plata sem rennur þægilega í gegn frá á upphafi til enda.“* **-BÖS**






**SNOOP DOGG** Rapparinn ætlar að heiðra gesti Hróarskeldu .

## Snoop Dogg á Kelduna

Nú fitnar Hróarskeldupakkinn með hverjum mánuðinum við það að hver stjarnan á fætur annarri treður sér ofan í hann. Nú berast þær fréttir að rapparinn Snoop Dogg verði á meðal tónlistarmanna sem koma fram í ár. Hann verður á tónleikaferðalagi um Evrópu í sumar til að kynna nýjustu breiðskífu sína R&G, Rhythm and Gangsta: Da Masterpiece, sem kom út rétt fyrir áramótin síðustu.

Snoop Dogg hefur átt mörg lög sem aðdáendur hiphops ættu að kannast við, svo sem Gin and Juice, Murder Was the Case, What's My Name og nú síðast Drop It Like It's Hot.

Hann bætist þar með í hóp Audioslave, Autechre, Devendra Banhart, Black Sabbath, Jamie Cullum, Duran Duran, Foo Fighters, The Go! Team, Interpol, Brian Wilson, The Tears og Mugison. Dagskráin á bara eftir að batna. Fylgist með. ■




**U2** Félagarnir eftir að þeir voru vígðir inn í frægðarhöll rokksins í New York.

## U2 í höllina

Írska hljómsveitin U2 var vígð inn í frægðarhöll rokksins fyrir skömmu ásamt The Pretenders, Buddy Guy, O'Jays og Percy Sledge. Athöfnin fór fram á Waldorf Astoria-hótelinu í New York. Steig U2 þar á stokk og tók fjögur lög, þar á meðal I Still Haven't Found What I'm Looking For ásamt Bruce Springsteen. Bandaríski söngvarinn hafði uppi fögur orð um U2 og sagði hana vera einu hljómsveitina á síðustu tuttugu árum þar sem hann þekkti nöfn allra fjögurra meðlimanna.

Gítarleikari U2, The Edge, sagði það vera erfitt að halda sér frumlegum í tónlistarbransanum auk þess sem erfitt væri að forðast að gera grín að sjálfum sér eftir svo langan feril, en hann spannar um þrjátíu ár.

# Tónlistarveisla í Austurbæ

**Úrslitakvöld Músíktilrauna ÍTR fer fram í Austurbæ annað kvöld. Ellefu hljómsveitir hafa tryggt sér þátttökurétt í úrslitunum.**



**MAMMÚT** Sigursveit Músíktilrauna frá því í fyrra. Sveitin verður sérstakur gestur á úrslitakvöldi tilraunanna í ár í Austurbæ.

Úrslitakvöld hinna árlegu Músíktilrauna fer fram í Austurbæ annað kvöld. Ellefu hljómsveitir hafa fengið það hlutskipti að bítast um sigur í keppninni en fimm undanúrslitakvöld voru háð í síðustu viku í Tjarnabíói. Sigursveit Tilraunanna frá því á síðasta ári, Mammút, verður sérstakur gestur á úrslitakvöldinu.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi Músíktilrauna því keppnin, sem hefur verið árlegur viðburður síðan 1982 (ef undanskilið er 1983 þegar keppnin féll niður vegna kennaraverkfalls), hefur reynst mörgum ungum hljómsveitum öflugur stökkpallur inn í íslenskt tónlistarlíf. Því til stuðnings nægir að nefna hljómsveitir á borð við Maus, Mínus og Botnleðju sem allar hafa átt góðu gengi að fagna síðan þær báru sigur úr býtum í Músíktilraunum.

Hljómsveitirnar sem eru komnar áfram eru: Jakobínarína, Hello Norbert, The Dyers, Motyl, Gay Parade, Koda, Mjólk, 6 & Fúnk, We Painted the Walls, Mystical Fist, Elysium og Jamie's Star. Hljómsveitirnar eru flestar í rokkaðri kantinum en þó er boðið upp á ágætis blöndu af tónlistarstefnum. Þar sem undanúrslitakvöldin voru öll í jafnari kantinum og munurinn lítill eiga allar hljómsveitirnar góða möguleika á að landa sigri í keppninni.

Hljómsveitin Jamie's Star lék eigin útgáfu af bandarísku háskólarokki og vakti trymbill sveitarinnar verðskuldaða athygli á undanúrslitakvöldinu. Elysium frá Egilsstöðum þótti einnig með öflugra móti en sveitin lék vel útfærða samsuðu af svartmálms- og harðkjarna-þungarokki.

Mystical Fist lék einhvers konar tímaskekkjurokk og hefði tekið sig ágætlega út sem tvífarasveit Mötley Crüe. Glys, hár og gítarsóló féllu vel í kramið hjá viðstöddum og vann Mystical Fist sér inn þátttökurétt á úrslitakvöldinu.

Dúettinn We Painted the Walls braut keppnina skemmtilega upp með rólegheitatónlist og frumlegri textasmíði. Þó að söngframmistaða tvímenninganna hafi verið vafasöm sá dómnefndin ástæðu til þess að hleypa hljómsveitinni áfram, þótti mikið til laganna koma.

Fönksveitin Mjólk, 6 & Fúnk bryddaði upp á djasskenndri fönktónlist. Sveitin var vel spilandi og betur undirbúin en margir af keppinautunum. Sama má segja um hljómsveitina Koda sem státaði af vel samanstilltum einstaklingum.

Þrátt fyrir að vera aðeins árs gömul var Gay Parade einbeitt í sínum aðgerðum og komst áfram í úrslitahrinuna. Sömu sögu er að segja af The Dyers en líftími þeirrar sveitar er aðeins tveir mánuðir og verður fróðlegt að sjá framgöngu The Dyers í framtíðinni.

Motyl var einnig gríðarleg vel samanstillt og vakti bassaleikarinn sérstaka athygli fyrir þétta spilamennsku og öfluga sviðsframkomu.

Jakobínarína var ekki bara mjög vel spilandi sveit heldur með tvö af bestu lögum keppninnar. Ekki skemmdi heldur fyrir að bassaleikari sveitarinnar setti skemmtilegan svip á frammistöðu hennar.

Hello Norbert vakti mikla athygli fyrir skemmtilega lagasmíði og vann sér þátttökurétt í úrslitakvöldinu. Fjórmenningarnir sem skipa hljómsveitina eru tæplega 16 ára gamlir og eiga bjarta framtíð fyrir höndum ef marka má vaska framgöngu þeirra í Tjarnarbíói.

smari@frettabladid.is

# Smile á DVD

Þeir sem eru varla byrjaðir að trúa því að Brian Wilson hafi virkilega klárað meistaraverk sitt Smile í fyrra eftir að platan hafði verið rúm 30 ár á hillunni ættu að búa sig undir enn önnur góð tíðindi. Nú hefur Brian tilkynnt að 24. maí næstkomandi ætli hann sér að gefa út tvöfalt DVD-diskasafn sem skrásetur gerð plötunnar frá upphafi til enda. Einnig verður að finna á disknum tónleikaupptaka af verkinu frá því í fyrra.



**BRIAN WILSON** Ætlar að gefa út DVD-disk af meistaraverkinu Smile sem kom út í fyrra eftir að hafa legið þrjátíu ár á hillunni.

Á fyrri disknum verður heimildarmyndin Beautiful Dreamer sem er í fullri lengd. Þar er farið yfir alla söguna um gerð plötunnar, bæði með viðtölum við alla sem komu við sögu, og myndefni frá því að Brian byrjaði upphaflega að vinna plötuna með The Beach Boys.

Á seinni disknum eru tónleikar sem voru teknir upp í Los Angeles í fyrra. Þeir eru hljóðblandaðir í 5.1 kerfinu fyrir þá sem kjósa það frekar. Báðir diskar eru svo hlaðnir aukaefni. Þar verður hægt að sjá The Beach Boys flytja nokkur lögin í hljóðverinu, bæði sem hljómsveit og einstaklinga.Hörðustu aðdáendur Wilson geta svo séð hann flytja Smile á Hróarskelduhátíðinni í byrjun júlí. ■

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Mercury Rev: The Secret Migration

„The Mercury Rev hefur aldrei hljómað svona óáhugaverð og á þessari nýju plötu. Það er eins og liðsmenn hafi verið knúnir áfram af einhverju allt öðru en sköpunargleði við að gera þessa plötu." *BÖS*

### Kanye West: The College Dropout

„Frumraun Kanye West er frábær hiphop-plata. Hér er eitthvað fyrir alla. Plata sem á eftir að standast tímanns tönn." *BÖS*

### LCD Soundsystem: LCD Soundsystem

„Frumraun LCD Soundsystem er um margt áhugaverð plata. Hún á þó líklegast ekki eftir að standast það hæp sem hún er með frá erlendu pressunni. Sæmilegasta plata, ekki mikið meira en það." *BÖS*

### Gwen Stefani: Love Angel Music Baby

„Fyrsta sólóplata Gwen Stefani veldur vonbrigðum. Það er eins og þessi hæfileikaríka og sjarmerandi stúlka hafi ekki vitað í hvorn fótinn hún átti að stíga, og því hafi hún stólað á aðra til þess að leiða sig áfram. Því miður virðast þeir hafa verið með bundið fyrir augun." *BÖS*

### Low: The Great Destroyer

„Að hlusta á nýju Low plötuna er eins og að fá gamlan vin í heimsókn. Hann er kannski ögn pirraðri en áður, en jafnar sig svo um leið og hann fær tebollann sinn. Mér mun alltaf þykja vænt um Low, sama í hvernig skapi hann er í." *BÖS*

### Emiliana Torrini: Fisherman's Woman

„Þetta er ekta inniplata sem maður hlustar á heima, liggjandi undir teppi með lokuð augun á meðan rigningin dynur á rúðunni. „ *FB*

### The Game: The Documentary

„Nýjasta undrabarn Dr. Dre gefur út frumraun sína. Sæmilegasta plata og ágætis rappari, en glæparímurnar virka þreyttar. Sama tuggan, aftur og aftur." *BÖS*

### Tori Amos: The Beekeeper

„Þrátt fyrir að þetta sé áttunda plata Amos virkar hún síður en svo þreytt í sínu fagi. Hún getur enn samið falleg lög sem hreyfa við manni." *FB*

Umsjón: BIRGIR ÖRN STEINARSSON.
biggi@frettabladid.is




VEITINGASTAÐURINN NINGS

# Frábær fyrir fólk á hraðferð

**Hver og hvar:** Nings, Suðurlandsbraut 6.




**Hvernig er stemmningin?** Það er alltaf jafn þægilegt og gott að koma við á Nings, en þetta er svona staður sem fólk stoppar ekki lengi á. Gestir staðarins eru mjög fjölbreyttir og á öllum aldursskeiðum, allt frá unglingum upp í gamalt fólk. Þar sem staðurinn er miðsvæðis er mikið um að fólk komi þangað eftir að það er búið að sprikla í heilsuræktarstöðvunum í nágrenninu. Staðurinn er snyrtilega innréttaður án þess að vera mjög smart eða framúrstefnulegur. Það er heldur ekki vegna innréttinganna sem staðurinn er vinsæll heldur vegna matarins.

**Matseðillinn:** Matseðillinner fjölbreyttur. Boðið er upp á sérstakan heilsumatseðil sem inniheldur mikið af kjúklingi, tófú og grænmeti. Hinn venjulegi Nings-matseðill er með austurlensku yfirbragði. Þar er hægt að fá margar tegundir af vorrúllum, svínakjöts-, kjúklinga-, lambakjöts- og nautakjötsréttum. Andstætt við marga austurlenska staði er Nings algerlega laus við þriðja kryddið eða MSG eins og það er kallað. Nings er líka með gott úrval af sushi og þar má fá alls kyns salöt sem handhægt er að taka með sér heim.

**Vinsælast:** Réttur dagsins er vinsælastur á matseðlinum og þá sérstaklega kjúklingur í drekasósu sem er afar ljúffengur réttur.

**Réttur dagsins:** Réttir dagsins eru misjafnir frá degi til dags. Í hitaborðinu er alltaf einn fiskréttur ásamt mismunandi kjötréttum. Lítill réttur kostar 795 krónur en stór réttur kostar 1.195 krónur.




## EGILS MALTBJÓR: Dökkur íslenskur bjór

Egils maltbjór, sem kom í Vínbúðirnar fyrir skemmstu, er eini íslenski dökki bjórinn á markaðnum. Egils maltbjór er 5,6%, með mikilli fyllingu, mildum biturleika og góðu eftirbragði. Það sem helst greinir Egils maltbjórinn frá erlendum dökkum bjórum er áberandi keimur af Egils malti sem bruggað hefur verið hjá Ölgerðinni síðan 1913. Hér mætast aldagamlar evrópskar hefðir og séríslensk einkenni í maltbruggun. Bragðið minnir einnig á árstíðabundna páska- og jólamaltbjórinn en við bruggun nýja maltbjórsins er sætleikanum sem einkennir þá stillt í hóf. Maltbjórinn er að sjálfsögðu fáanlegur allt árið um kring og fæst í Vínbúðunum í hálfs lítra dósum.

**Verð í Vínbúðum 0,5 l dós á 215 kr.**





Kynnum nýju vorlínuna frá OROBLU
Lyf&heilsu Kringlu og Austurveri
í dag frá kl. 14-18.

Kauptu OROBLU
og þú færð sokkabuxur fríar með!

Lyf&heilsa




BJÖRN INGI HILMARSSON KANN VEL VIÐ SIG Í ELDHÚSINU

Mikið fyrir tilraunamennsku í eldhúsinu:

# Bakari á leiksviði

Björn Ingi Hilmarsson leikari er þessa dagana að leika í Híbýli vindanna ásamt því að taka þátt í sýningunni Draumaleikur eftir Strindberg sem er samvinnuverkefni Nemendaleikhússins og Leikfélags Reykjavíkur. Hann er mikill matmaður og finnst skemmtilegt að stússast í eldhúsinu. „Ég er svolítið duglegur að prófa mig áfram í eldhúsinu. Ætli villibráð sé ekki í mestu uppáhaldi hjá mér en mér finnst hrár fiskur líka mjög góður,“ segir Björn Ingi og nefnir Klausturbleikju með sojasósu og vasapi. Björn Ingi lærði að vera bakari áður en leiklistin heltók hann. Hann segir mataráhugann líklega vera sprottinn út frá bakaraferlinum sem hafi þó ekki staðið sérlega lengi yfir. Það sem spili þó stærsta hlutverkið sé hvað honum finnist matur góður. Björn Ingi býr með Hlín Helgu Guðlaugsdóttur og segir hann þau vera mjög samstiga í eldhúsinu og skipta eldhússtörfunum bróðurlega á milli sín. Uppskriftin sem Björn Ingi vildi deila með lesendum Fréttablaðsins er sannkallaður tilraunaréttur sem varð til fyrir nokkrum árum.

„Vinur minn Peter Engkvist, leikstjóri frá Svíþjóð, var í heimsókn hjá mér og okkur langaði til að elda góðan mat. Við byrjuðum á því að fara í fiskbúðina og Peter vildi ólmur kaupa ljótasta fiskinn í búðinni sem kom í ljós að var skötuselur. Því næst skelltum við okkur í matvörubúðina og keyptum alls kyns grænmeti. Þegar heim var komið byrjuðum við á því að skera skötuselinn í meðalstóra bita. Settum matarolíu í skál ásamt hvítlauk og chilli og blönduðum því saman. Svo létum við skötuselinn marínerast í nokkra klukkutíma,“ segir Björn Ingi. Þegar skötuselurinn var búinn að marínerast skar hann sveppina og púrrulaukinn í temmilega stóra bita. Hann byrjaði á því að skera ysta lag púrrulauksins af og skar það niður í strimla og steikti á funheitri wok-pönnunni. Þegar þeir voru orðnir stökkir tók hann þá af og stráði sjávarsalti yfir. Svo steikti hann restina af púrrulauknum. Þegar hann var orðinn linur bætti hann sveppunum út í. Þegar sveppirnir og púrrulaukurinn voru tilbúnir tók hann þá af pönnunni og setti skötuselinn á wok pönnuna og snöggsteikti. Björn Ingi segir að það sé ákaflega mikilvægt að steikja skötuselinn ekki of mikið svo hann verði ekki seigur. Meðan skötuselurinn var að steikjast á pönnunni kryddaði Björn Ingi yfir með salti og pipar. Síðan var púrrulauknum og sveppunum bætt út í og kaffirjóma hellt yfir. Hann segir jafnframt að það sé gott að bæta ferskri, niðurskorinni basilíku út á. Þegar rétturinn er búinn að vera smá stund á pönnunni er hann borinn fram með fersku salati eftir smekk, til dæmis með fetaosti og Björn Ingi er einnig hrifinn af því að hafa heitt brauð með.

„Þegar búið er að marínera fiskinn er þessi réttur mjög fljóteldaður og því mæli ég eindregið með honum. Ekki er verra að drekka gott Alsace-hvítvín með en það er ekki nauðsynlegt,“ segir Björn Ingi Hilmarsson.

400 gr af ferskum skötusel
6-8 hvítlauksrif, skorin niður
Örlítið af ferskum chilli
Smá matarolía
Meðalstór púrrulaukur
Sirka eitt box af ferskum sveppum
Peli af kaffirjóma
Basilíka
Sjávarsalt

-MMJ

MATGÆÐINGURINN SIGRÚN BERGSTEINSDÓTTIR KAUPMAÐUR Í LINSUNNI

# Ferskar kryddjurtir og hvítlaukur ómissandi



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Kálfakjöts því það er svo yndislega gott, létt í maga og auðvelt að matreiða það á marga vegu. Það er ekki ósvipað kjúklingi hvað léttleikann varðar.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Mér finnst íslenskur þorramatur vondur í heild sinni, það er ekkert eitt sem er verra en annað því mér finnst allt jafn vont.

**Fyrsta minningin um mat?**
Mamma eldaði alltaf voðalega gott spagettí þegar ég var lítil. Einu sinni bauð pabbi Ítala í mat án þess að láta mömmu vita fyrir fram. Þegar Ítalinn mætti varð mamma alveg miður sín. Ítalinn var hins vegar alsæll með spagettíið hennar mömmu.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ég hef borðað svo mikið af gourmetmat í gegnum tíðina. Ætli máltíðin sem ég fékk á Óperukjallaranum í Stokkhólmi sé ekki í flokki yfir bestu máltíðir. Þar fékk ég dádýrakjöt sem var alveg hrikalega lekkert, gott og elegant.





**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég geymi leyndarmálin ekki í eldhússkápunum heldur úti í glugga. Ferskar kryddjurtir eru lykilatriði þegar búin er til góð máltíð og hvítlaukur er líka ómissandi.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?**
Þá borða ég eitthvað létt eins og kjúkling og salat.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ég á alltaf hvítlauk, grænmeti og gæsalifrapaté.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?**
Íslenskt lambalæri.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Steiktar froskalappir sem ég fékk í París. Mér fannst þær mjög góðar.

# NEDERBURG: Kröftug og hagstæð suður-afrísk vín



Suður-afrísk vín hafa náð miklum vinsældum hérlendis undanfarin ár. Þau eru jafnan kraftmikil og bragðrík en meginástæðan fyrir vinsældunum er eflaust hagstætt verð. Þótt suður-afrísk vín séu tiltölulega ný hér á landi eru framleiðendur þarlendis engir nýgræðingar í víngerð. Nederburg er eitt stærsta vínhús landsins og á sér yfir 200 ára sögu. Nederburg hefur hlotið fleiri alþjóðleg verðlaun en nokkur önnur víngerð í landinu og verið í fararbroddi í nýjungum.



Nederburg Shiraz hefur fengið góðar viðtökur á Norðurlöndunum og fengið góða dóma í blöðum í Danmörku. Má nefna að Vinavisen og Jyllands Posten gáfu því fjórar stjörnur. Sömu einkunn fékk vínið í kvennablaðinu Alt for damerne enda þykir vínið höfða mjög til kvenna. Sannkallað selskapsvín!

**Verð í Vínbúðum 1.190 kr.**



Nederburg Cabernet Sauvignon/Merlot getur hentað vel með kröftugum réttum og á vel við með lambakjöti.

Rétt eins og í áströlskum vínum þá gefur þessi þrúgusamsetning víninu hita, mýkt og safa. Fyllt vín með löngu eftirbragði þar sem maður finnur fyrir því að vínið hefur verið geymt á eikartunnum.

**Verð í Vínbúðum 1.090 kr.**

Nederburg Chardonnay er hvítvín þar sem hin hlýju og heillandi einkenni chardonnay-þrúgunnar koma vel fram í þessu víni. Stíllinn er léttur í samanburði við önnur nýja-heims chardonnay-hvítvín þar sem blandað er saman nýrri eik og náttúrulegri sýru vínsins. Vegna góðrar sýru má nota það með flestum sósum.

**Verð í Vínbúðum 1.090 kr.**

## Íberískum dögum lýkur um helgina

Íberískir dagar sem staðið hafa yfir í Vínbúðunum frá miðjum febrúar lýkur nú um helgina. Kynnt eru vín frá löndunum á Íberíuskaganum, Spáni og Portúgal, og fást þau á sérstöku kynningarverði. Er ástæða til að hrósa stjórnendum Vínbúðanna fyrir framtakið og ljóst er að kynningardagar af þessu tagi eru komnir til að vera. Næst er fyrirhugað að halda kynningardaga tengda áströlskum vínum.

Vert er að benda á nokkur góð vín sem fást á kynningarverði á þessum dögum. Áberandi eru hin traustu vín frá héraðinu Rioja sem hafa verið mjög vinsæl hér á landi um árabil en ekki síður eru spænsk hvítvín athyglisverð, ekki síst þegar litið er til verðs. Það er einfaldlega ómótstæðilegt að geta keypt flösku af ágætis hvítvíni á aðeins 790 kr. eins og hægt er að gera á kynningardögunum.

**Nokkur spænsk vín á kynningarverði:**
Montecillo Blanco: Vert er að gefa hvítvíninu frá Montecillo gaum. Það er ekki eins þekkt og rauðvínið en gefur því lítið eftir og er á afar hagstæðu verði. Ferskt, létt og þægilegt hvítvín þar sem blóm og græn epli eru í fyrirrúmi auk niðursoðinna ávaxta. Tilvalið í boðin, með smáréttum og léttum mat.
**Kynningarverð 790 kr.**

**Pucela Viura/Sauvignon Blanc:**
Frískandi með ríkum ávexti, létt, þurrt og með góðri fyllingu. Gott vín með ljósu kjöti, fiski, súpum, pasta eða bara til að njóta eitt og sér. Auðdrekkanlegt hvítvín sem þarf að framreiða vel kælt.
**Kynningarverð 790 kr.**

**Nuviana Cabernet Sauvignon/Merlot:**
Ný upprennandi stjarna í spænskri víngerð. Spennandi kostur fyrir þá sem vilja prófa „nýjaheimsvín" frá gamalgrónu vínsvæði. Gott vín sem á eftir að verða áberandi á borðum landsmanna.
**Kynningarverð 940 kr.**

**Torres Gran Sangre de Toro:**
Miguel Torres er sennilega þekktasti núlifandi víngerðarmaður Spánar. Nautablóðið, Sangre de Toro, er flauelsmjúkt, Seðjandi ilmur af kryddi og brómberjum, ávextir í munni.
**Kynningarverð 1.190 kr.**

**LAN Crianza:**
Þykir einkar gott vín og hefur fengið mjög góða umfjöllun í m.a. Wine Spectator. **Kynningarverð 1.200 kr.**

**Beronia Tempranillo:**
Var valið vín mánaðarins í Gestgjafanum í janúar og Steingrímur Sigurgeirsson á Mbl. gaf því 19/20. „Hreint og beint snilldarverk," segir makkarinn.is „og verðið er hlægilegt miðað við gæði". **Kynningarverð 1.290 kr.**

**Lagunilla Gran Reserva:**
Eitt ódýrasta Gran Reserva vínið á markaðnum fyrir lækkunina og verður það því að teljast einstaklega góð kaup nú.
**Kynningarverð 1.590 kr.**





# Páskar á Hótel Örk!

Gisting - Veitingar - Tónleikar - Kaffihlaðborð

## Fjölskyldutilboð á gistingu

**Tilboð 1:** (gildir frá 18. til 28. mars)
***3.900,- krónur*** *á mann í tvíbýli. Frí gisting* fyrir börn undir 12 ára. Morgunverður af hlaðborði fyrir alla fjölskylduna.*

***Tilboð 2:*** (gildir frá 18. til 28. mars)
***6.900,- krónur*** *á mann í tvíbýli (Sælulykill). Innifalið þriggja rétta kvöldverður hússins fyrir 2. Frí gisting* fyrir börn undir 12 ára. Morgunverður af hlaðborði fyrir alla fjölskylduna.*

** Frí gisting ef gist er í sama herbergi og foreldrar. (Aukadýna 1.200,- krónur). Annars 50% afsláttur af listaverði (10.500,- krónur), 2.625,- krónur fyrir barn undir 12 ára í tvíbýli.*

Páskar 2005

## Páll Óskar og Monika



*Hátíðartónleikar annan páskadag, 28. mars klukkan 17.00*
*Miðaverð 1000,- krónur, frítt fyrir hótelgesti*
*Tilvalinn endir á góðu páskafríi*

## Kaffihlaðborð



*24. - 28. mars frá 14.00 til 16.00*
*Verð 1.250 krónur og 600 krónur fyrir börn undir 12 ára*
*Glæsilegt hlaðborð af dýrindis kræsingum*

## Shadow Parade - tónleikar



*Laugardaginn 26. mars klukkan 21.00, miðaverð 500,- krónur*
*Lágstemmt nýbylgjurokk að hætti G.Dan (söngur), Jón Gunnars (gítar) og bræðranna Magnúsar (trommur) og Andra (bassi).*

## Veitingasalurinn Árgerði





*A la Carte - Smáréttaseðill - Krakkamatseðill*
*Opinn alla daga frá klukkan 11.00 til 22.00*
*Matreiðslumennirnir Tómas og Jakob dekra við bragðlaukanna*

## Krakkafjör



*24. - 28. mars*
*Vatnsrennibraut - Barnamyndir - Barnaleikherbergi*
*(Einungis fyrir hótelgesti og gesti í veitingasal)*

Páskar 2005

dagsson 2005

***Verið velkomin í mat, kaffihlaðborð, gistingu eða á tónleika.***
***Við tökum vel á móti ykkur.***
***Starfsfólk Hótel Arkar***

**Upplýsingar og pantanir í síma 483 4700**
**info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is**

**HÓTEL ÖRK**

**!** **Kl. 22.00**
*Tríó Hauks Gröndals verður með tónleika á Pravda Bar við Austurstræti þar sem leikin verða þjóðlög frá Grikklandi, Tyrklandi, Makedóníu og Búlgaríu, en einnig slæðist með frumsamið efni sem er undir áhrifum frá Balkanskaga.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Steinarnir brúa kynslóðabilið

Djasskvintettinn Steinarnir koma fram á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í kvöld í Gyllta sal Hótel Borgar. Kvintett þennan skipa saxófónleikararnir Ólafur Jónsson og Óskar Guðjónsson ásamt gítarleikaranum Jóni Páli Bjarnasyni, bassaleikaranum Tómasi R. Einarssyni og trommuleikaranum Alfreð Alfreðssyni. Kvintettinn leitast við að sameina og um leið að brúa það skemmtilega kynslóðabil sem myndast hjá þessari nýstofnuðu sveit, sem hefur innanborðs hinn gamalreynda gítarsnilling Jón Pál ásamt hinum ungu eldhugum sem blása í saxófónana.
Steinarnir leika fjölbreytta efnisskrá tónlistar frá miðri síðustu öld, eftir meistara á borð við Monk, Miles Davis, Bud Powell og Benny Golson.
Djassklúbburinn Múlinn hefur haldið uppi föstum djasstónleikum í allan vetur, líkt og flest undanfarin ár, og má ganga að þeim vísum annað hvert fimmtudagskvöld.



Tónleikarnir hefjast klukkan 21, aðgangseyrir er kr. 1000 og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

### EKKI MISSA AF…

… tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í kvöld og annað kvöld, þar sem píanósnillingurinn **Liene Circene** leikur með hljómsveitinni nokkur bráðskemmtileg verk. Hljómsveitarstjóri verður **Owain Arwel Hughes**, sem hleypur í skarðið í forföllum **Rumons Gamba** að þessu sinni.

… samsýningu í húsakynnum Reykjavíkurakademíunnar á ljósmyndum eftir tíu listamenn sem allir kenna við Myndlistaskólann í Reykjavík.

… **blúshátíðinni** sem hefst í næstu viku þar sem **K.K.** kemur meðal annars fram ásamt gömlu hljómsveitinni sinni **Grinders**. Þar mætir einnig **Björgvin Gíslason** með hljómsveitinni **Kentár** og svo syngur hin magnaða **Deitra Farr** negrasálma með **Blúsmönnum Andreu** og **Kammerkór Hafnarfjarðar** á föstudaginn langa.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
15 16 **17** 18 19
**Fimmtudagur**

#### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Phil Elvrum** verður með tónleika í Frumleikhúsinu Keflavík, ásamt **Woelv** og **Þóri**.

☐ 21.00 Djasskvintettinn **Steinarnir** kemur fram á tónleikum djassklúbbsins Múlans í Gyllta sal Hótel Borgar. Kvintettinn er skipaður saxófónleikurunum **Ólafi Jónssyni** og **Óskari Guðjónssyni**, gítarleikaranum **Jóni Páli Bjarnasyni, Tómasi R. Einarssyni** bassaleikara og trommuleikaranum **Alfreð Alfreðssyni**.

☐ 21.00 **Siggi Björns** spilar á Græna hattinum, Akureyri.

☐ 21.00 Hljómsveitirnar **Ask the Slave, Future Future, Reykjavík** og **Days of our Lives** spila á rokktónleikum á Gauknum.

☐ 22.00 **Tríó Hauks Gröndal** saxófónleikara spilar á Pravda Bar. Með Hauki leika þeir **Davíð Þór Jónsson** á píanó og **Helgi Svavar Helgason** á trommur og slagverk.

#### OPNANIR

☐ 14.00 **Gerða Kristín Hammer** sýnir akrílmyndir og fleiri listmuni í Menningarsalnum á fyrstu hæð Hrafnistu í Hafnarirði.

☐ 20.00 **Magnús Sigurðarson, Egill Sæbjörnsson** og **Leen Voet** opna sýningar í Nýlistasafninu, Laugavegi 26.

# Nýhil efnir til fermingarveislu

Á efri hæð skemmtistaðarins Grand Rokk má búast við að allt kraumi og sjóði af menningu í kvöld þegar félagsskapurinn Nýhil efnir þar til fermingarveislu.
Auk ferminganna, sem nú eru að hefjast víða um land, er tilefni veislunnar útgáfa fyrstu skáldsögu Nýhils, sem heitir „úfin, strokin“ og er eftir Örvar Þóreyjarson Smárason, sem reyndar hefur tekið sér höfundarnafnið Örvar der Alte.
Örvar hefur hingað til verið betur þekktur sem tónlistarmaður en rithöfundur. Hann er meðlimur í hljómsveitinni Múm sem var meðal annars tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna nú síðast fyrir plötuna Summer Make Good.
„Ég hef eiginlega verið að krota síðan ég var unglingur. Einhvern tímann datt mér svo í hug að skrifa drengjabók. Á tímabili voru drengjabækur það eina sem ég nennti að lesa og mér datt jafnvel í hug að endurskrifa eina slíka. Síðan hefur þetta verið að renna á milli stílabóka hjá mér. Ég man svo sem ekkert mikið eftir því hvað ég var að hugsa þegar ég var að skrifa. Ég hef bara verið að skrifa þetta þegar ég er að reyna að komast út úr hausnum á mér.“
En bókin átti sem sagt upphaflega að verða einhvers konar drengjabók, „bara fyrir drengi eins og sjálfan mig, en svo fór það allt að beyglast og bugast“.
Örvar segir skriftirnar í sjálfu sér ósköp svipaðar því þegar tónlist er að verða til.
„Þetta er í raun og veru mjög svipað ferli hjá mér.“
Af hljómsveitinni Múm er fátt að frétta þessa dagana. Hljómsveitin hefur verið í hálfgerðu fríi nú í vetur, en hugsar sér væntanlega til hreyfings á ný í sumar.
Örvar hefur verið úti í Prag þar sem hann er að læra handritsskrif og kvikmyndafræði.
„Bara svona til að taka mér smá frí,“ segir hann.
Á fermingarveislunni á Grand Rokk í kvöld lesa þau Þórdís Björnsdóttir, Óttar Martin Norðfjörð og Hólmfríður Helga einnig úr verkum sínum.
Hilsner, öðru nafni Gummi flötti, Borko, Auxpan, Útburðir og Böðvar Brutalis sjá um tónlistaratriði, en plötusnúður verður Kira Kira.
„Þetta eru allt gamlir vinir mínir,“ segir Örvar um félaga sína í Nýhil. „Við bjuggum flest á tímabili í Berlín og einn veturinn voru þar mánaðarleg Nýhil-kvöld. Ég tók þátt í þeim.“
Að venju hvetur Nýhil eindregið til frammíkalla og hvers kyns uppsteyts í kvöld.
„Þessi Nýhilkvöld úti í Berlín voru nú alltaf þannig að það var dagskrá í svona klukkutíma en svo leystist allt upp í vitleysu, en það hefur aldrei almennilega gerst hérna á Íslandi. Það væri samt skemmtilegt ef það gerðist núna.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÖRVAR DER ALTE** Örvar í Múm var að senda frá sér skáldsöguna „úfin, strokin“ og les upp úr henni á Fermingarveislu Nýhils í kvöld, þar sem fleiri Nýhilistar ætla að lesa upp úr verkum sínum.


# Spænska
## með menningarlegu ívafi



**Námskeiðið er sniðið fyrir þá sem vilja læra tungumálið hratt og örugglega á skömmum tíma**

Menning - samskipti - viðskipti
Námskeiðin henta fólki sem vill auka við tungumálakunnáttu sína. Jöfn áhersla verður lögð á lestur, skrift, talað mál og hlustun. Menning Spánar og rómönsku Ameríku er fléttuð inn í málanámið, en menningarlæsi er lykillinn að betri árangri í alþjóðasamskiptum.

Ávinningur
- Hagnýt þekking á spænsku sem nýtist í erlendum samskiptum og daglegu lífi.
- Aukið menningarlæsi sem eykur árangur í viðskiptum og samskiptum við hinn spænskumælandi heim.

Kennt í Háskólanum í Reykjavík á eftirfarandi tíma:
- Spænska með menningarlegu ívafi II — 30. mars - 25. apríl (framhald af Spænsku I)
- Spænska með menningarlegu ívafi III — 9. maí - 1. júní (framhald af Spænsku II)

Að námskeiðinu loknu í júnímánuði stendur þátttakendum til boða að sækja spænskunámskeið í Burgos þar sem töluð er fallegasta spænska á Spáni.

Kennt verður á **mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 19:00.**

**Verð:** 29.000 kr. pr. námskeið



**Ellen Gunnarsdóttir**
Ph.D. er leiðbeinandi á námskeiðinu

**Frekari upplýsingar veitir:**
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Skráning á charlotta@ru.is
**www.ru.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


#### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Hljómsveitin **Groundfloor** spilar á Póstbarnum.

#### FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 **Leena-Maija Rossi** heldur fyrirlesturinn „Sugarfolks in Syruphill“ á vegum Rannsóknastofu í kvennaog kynjafræðum í stofu 101 í Lögbergi. Rossi fjallar þar um staðlaðar birtingarmyndir gagnkynhneigðar í auglýsingum.

☐ 20.00 **Roewan Crowe**, myndlistarmaður og rithöfundur, sem er hér á landi í boði Femínistafélagsins, heldur fyrirlestur í SÍM - húsinu.

#### FUNDIR

☐ 20.00 Sameiginlegt **pressukvöld** B.Í. og Félags fréttamanna um útvarpsmálið verður á veitinghúsinu Ljóta andarunganum. Frummælendur eru **G. Pétur Matthíasson** fréttamaður á RÚV og **Þórólfur Þórlindsson** prófessor.

#### SAMKOMUR

☐ 16.00 Listaháskóli Íslands heldur kynningarfund í Samkomuhúsinu á Akureyri um nýja námsbraut til B.A. prófs við Leiklistardeild skólans.

☐ 21.00 **Örvar der Alte, Þórdís Björnsdóttir, Óttar Martin Norðfjörð** og **Hólmfríður Helga** lesa upp úr verkum sínum á fermingarveislu Nýhils, sem haldin verður á efri hæð skemmtistaðarins Grand Rokk.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Ótrúlegt verð

## legend G-556E

- Intel P4 M 1,8 Ghz „Dothan" örgjörvi 2MB
- 512 MB DDR 333 vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif skrifar á *„double layer"* diska (8,5GB)
- ATI Radeon 9700 M11 128MB skjákort TV-Out
- Samsung 80GB 5400RPM harður diskur 8MB flýtiminni
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA **1400x1050** TFT skjár
- 10/100 netkort og 56K mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g
- USB 2,0, Firewire, PCMCIA-II, 8Cell Li-Ion rafhlaða
- Windows XP-Pro stýrikerfi
- Easy CD creator skrifarahugbúnaður, WINDVD afspilunarhugbúnaður
- Open Office.org ritvinnslubúnaður
- Öflug veiruvörn með Lyklapétri fylgir frítt í 90 daga

**Eingöngu fáanleg í Smáralind**




**6.999** kr
**á mán. í 26 mánuði**
Heildarverð 181.974,-

**3ja ára ÁBYRGÐ á vélbúnaði**

**Nýtt kortatímabil**

## legend G-556C

**6.999** kr
**á mán. í 20 mánuði**
Heildarverð 139.980,-

- Intel Celeron M 1,4 Ghz örgjörvi
- 256 MB DDR 333 vinnsluminni
- Dual DVD skrifari og DVD drif skrifar á *„double layer"* diska (8,5GB)
- ATI Radeon 9700 M11 128MB skjákort TV-Out
- Samsung 60GB 5400RPM harður diskur 8MB flýtiminni
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA **1400x1050** TFT skjár
- 10/100 netkort og 56K mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g
- USB 2,0, Firewire, PCMCIA-II, 8Cell Li-Ion rafhlaða
- Windows XP-Pro stýrikerfi
- Easy CD creator skrifarahugbúnaður, WINDVD afspilunarhugbúnaður
- Open Office.org ritvinnslubúnaður
- Öflug veiruvörn með Lyklapétri fylgir frítt í 90 daga

**Eingöngu fáanleg í Smáralind**




**3ja ára ÁBYRGÐ á vélbúnaði**

## legend G-557

**6.999** kr
**á mán. í 14 mánuði**
Heildarverð 97.986,-

- Intel Celeron M 1,3 Ghz örgjörvi
- 256 MB DDR 333 vinnsluminni
- Combo DVD skrifari og DVD drif
- SIS 661 allt að 64MB skjákort TV-Out
- 40GB 5400RPM harður diskur
- 5,1-Ch hljóðkort
- 15" SXGA 1024x768 TFT skjár
- 10/100 netkort og 56K mótald
- Intel Pro þráðlaust netkort 803,11 b/g
- USB 2,0, 8Cell Li-Ion rafhlaða, 2,6Kg
- Windows XP-Pro stýrikerfi
- Easy CD creator skrifarahugbúnaður, WINDVD afspilunarhugbúnaður
- Open Office.org ritvinnslubúnaður
- Öflug veiruvörn með Lyklapétri fylgir frítt í 90 daga

**Eingöngu fáanleg í Smáralind**




**3ja ára ÁBYRGÐ á vélbúnaði**

## PlayStation 2

**NÝTT útlit**

NET TENGI
DVD
COMPACT DISC DIGITAL AUDIO
DOLBY DIGITAL
USB



**13.889** kr

Eingöngu fáanleg í Smáralind og Kringlu.

## Nýir leikir




**5.499** kr




**4.799** kr




**2.499** kr

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu, Spöng og á Akureyri.

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Afkastamikil Eivör

Fjórða plata færeysku söngkonunnar Eivarar Pálsdóttur er komin út og nefnist húnTröllabundin. Plötuna vann Eivör með Stórsveit danska ríkisútvarpsins.

Platan er gefin út af 12 Tónum í samstarfi við danska útgáfufyrirtækið Cope Records, sem sér um útgáfumál fyrir Danish Radio Big Band. Ekki eru liðnir nema rúmir fjórir mánuðir síðan plata söngkonunnar, Eivör, kom út en hún naut töluverðra vinsælda fyrir jól. Hugmyndin að þessari samvinnu Eivarar og dönsku stórsveitarinnar kviknaði í Suður-Frakklandi snemma á síðasta ári þegar starfsmenn 12 Tóna hittu framkvæmdastjóra sveitarinnar þar að máli og leyfðu honum að hlýða á þeirra fyrstu útgáfu, Krákuna, sem Eivör gerði árið 2003. Kviknaði strax áhugi á samstarfi og allt síðasta ár hefur verið unnið markvisst að því að gera þessa plötu.

„Það er mikill heiður fyrir hana að fá þessa hljómsveit í lið með sér. Þetta er fræg hljómsveit því hún hefur spilað með mörgum af þekktustu jazztónlistarmönnum heimsins,“ segir Lárus Jóhannesson hjá 12 tónum. „Þessi hljómsveit hefur verið gamalgróinn hluti af dönsku tónlistarlífi og núna vill hún tengja sig út fyrir þetta venjulega svæði sem hún hefur verið á.“

Tröllabundin inniheldur tónlist og texta Eivarar í útsetningum Peters Jensen og Jespers Riis fyrir djassstórsveit. Flest lögin eru af Krákunni og plötunni Eivör sem kom út í fyrra, en þarna eru einnig tvö ný lög eftir færeysku söngkonuna. Upptökur fóru fram í Danmörku fyrir ári síðan og svo aftur í janúar síðastliðnum og gengu þær vonum framar. Var það mál manna í dönsku stórsveitinni að þeir hefðu ekki skemmt sér jafn vel við að spila tónlist í langan tíma og hafði Eivör, jafnt sem lög hennar, mikil áhrif á meðlimi sveitarinnar.

Eivör og danska sveitin eru byrjuð á þriggja vikna tónleikaferðalagi um Danmörku og þegar nær dregur hausti ætlar sveitin að spila hér á landi. Eivör lauk nýverið þriggja vikna tónleikaferðalagi um Kanada til að fylgja eftir síðustu sólóplötu sinni og mun aftur fylgja plötunni eftir þar í landi síðar á árinu. Þessi afkastamikla færeyska söngkona hefur því mörg járn í eldinum um þessar mundir.

freyr@frettabladid.is




**EIVÖR PÁLSDÓTTIR** Eivör var að senda frá sér sína fjórðu plötu, sem nefnist Tröllabundin. Vann hún hana í samvinnu við Stórsveit danska ríkisútvarpsins.

# Frumraun Ísafoldar

Hljómsveitin Ísafold heldur sína fyrstu tónleika á Hard Rock Café klukkan 22.00 í kvöld. Meðlimir sveitarinnar eru Benedikt Brynleifsson trommuleikari, Birgir Kárason bassaleikari, Guðrún Lísa Einarsdóttir söngkona og Kristján Grétarsson sem sér um gítarleik.



**HILDUR VALA** Idol-stjarnan Hildur Vala syngur á Hard Rock í kvöld ásamt Ísafold, Skítamóral og Nylon.

Fyrsta lag sveitarinnar, Afi, er nýkomið í spilun í útvarpi. Björk söng lagið upprunalega inn á plötu Björgvins Gíslasonar gítarleikara sem bar heitið Örugglega og var gefin út árið 1983. Lagið var samið af Björgvini en Bjartmar Guðlaugsson samdi textann. Auk Ísafoldar kemur Idol-stjarnan Hildur Vala fram í kvöld ásamt Skítamóral og Nylon. ■


# Galdrar og goðsagnir

Rumon Gamba, listrænn stjórnandi SÍ, vill með þessum tónleikum laða fram töfraveröld ævintýra, goðsagna og galdra og víst er að efnisskráin býður upp á slíka veislu. Einleikarinn, Liene Circene, hefur áður leikið á Íslandi og fékk þá einróma lof gagnrýnenda. Nú leikur hún í fyrsta sinn með Sinfóníunni.

Græn tónleikaröð #4

HÁSKÓLABÍÓI **Í KVÖLD**, FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 19.30
FÖSTUDAGINN **18. MARS** KL. 19.30



Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba
Einleikari ::: Liene Circene
Engelbert Humperdinck ::: Forleikur að óperunni Hans og Gréta
Anatolíj Ljadov ::: Baba Jaga
Anatolíj Ljadov ::: Töfravatnið
Pjotr Tsjajkovskíj ::: 1. og 3. þáttur úr ballettsvítunni Þyrnirós
Franz Liszt ::: Dauðadans fyrir píanó og hljómsveit
César Franck ::: Les Djinns fyrir píanó og hljómsveit
Richard Wagner ::: Skógarþytur úr óperunni Siegfried
Gustaf Holst ::: Perfect Fool Ballet

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# GRJÓTHARÐIR
ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGSKVÖLD!

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
Fim. 17/3 **örfá sæti laus**. **Síðasta sýning.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning uppselt**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **örfá sæti laus**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **örfá sæti laus**, lau. 23/4 **örfá sæti laus**, lau. 30/4, lau. 7/5, fim. 12/5 **nokkur sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
10. sýn. lau. 19/3 **örfá sæti laus**, 11. sýn. fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **nokkur sæti laus**, lau. 9/4.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 20/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 3/4 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 10/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 17/4.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Lau. 19/3 **örfá sæti laus**, fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **örfá sæti laus**, mið. 6/4 **uppselt**, lau. 9/4 **nokkur sæti laus**, fim. 14/4 **uppselt**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

# BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20, Fi 7/4 kl 20,
Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20
Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Lau 2/4 kl 14 - Aukasýning
Su 3/4 kl 14 - Aukasýning
*Lokasýningar*

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20, Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Su 20/3 kl 20, Su 3/4 kl 20
- *Ath: Miðaverð kr. 1.500*

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fö 18/3 kl 20, Fi 31/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20
*Síðustu sýningar*

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Í kvöld kl 20 *Síðasta sýning*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fö 18/3 kl 20 - UPPSELT,
Lau 19/3 kl 20 UPPSELT,
Su 20/3 kl 21 BREYTTUR SÝNINGARTÍMI!
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 20,
Fö 1/4 kl 20 - UPPSELT,
Lau 2/4 kl 20 UPPSELT,
Fi 14/4 kl 20, Fö 15/4 kl 20 - UPPSELT

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 19/3 kl 20, Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20
*Síðustu sýningar*

**15:15 TÓNLEIKAR - SÓLÓ**
*Tinna Þorsteinsdóttir Lau 19/3 kl 15.15*

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga




HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Fim 17/3 kl. 20
Lau 19/3 kl. 20
Sun 20/3 kl. 20
Síðustu sýningar
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA



Geirmundur Valtýsson um helgina
• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878
www.kringlukrain.is




VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Lau.19/03´05 kl: 20:00
Síðasta sýning
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga




Sun 20.Mars kl.13:30 sæti laus
Sun 3. Apríl kl.13:30 sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is
www.avaxtakarfan.is





**MUGISON OG RASSI PRUMP** Kynntu hátíðina á Ísafirði á þriðjudag og léku hátíðarlagið Gúanóstelpan mín við það tilefni.

# Færri listamenn komast að en vilja

Aldrei fór ég suður, rokkhátíð Alþýðunnar verður haldin á Ísafirði annað árið í röð um þar næstu helgi. Hátíðin er haldin sem hluti af Skíðavikunni á Ísafirði. „Þetta var hugmynd sem við pabbi fengum á einhverri krá í fyrra," segir Ísfirðingurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison. „Ég nefndi hugmyndina við Ragnar Kjartansson úr Trabant sem var æstur í að gera þetta og boltinn fór af stað."

Um 30 listamenn koma fram á hátíðinni og segir Mugison að þetta verði góður kokteill heima- og aðkomumanna. Heiðursgestur á hátíðinni verður Villi Valli, ein fyrsta rokkstjarna Íslands. Mugison segir að vel hafi gengið að safna liði í ár. „Eiginlega of vel því það komast færri að en vilja og við þurftum að neita sumum. En þeim hefur verið lofað að troða upp að ári."

Hátíðin er haldin í samstarfi við Flugfélag Íslands, Íslandsbanka og Símann og verður meðal annars sýnt beint frá tónleikunum á heimasíðu Símans. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á vefslóðinni skidavikan.is. **- bs**

# Uppselt á seinni tónleikana

Uppselt er á seinni tónleika norsku söngkonunnar Sissel Kyrkjebö sem verða haldnir í Háskólabíói þann 1. október. Miðasalan hófst klukkan 10.00 í gærmorgun og voru allir miðar búnir innan við hálftíma síðar. Verið er að vinna í því að fá þessa feiknavinsælu söngkonu til að halda þriðju tónleikana.

Sissel kom hingað til lands um síðustu helgi og leist vel á Ísland. Nýjasta plata hennar, My Heart, hefur náð miklum vinsældum í Bandaríkjunum og hefur hún fylgt þeim eftir með tveggja mánaða tónleikaferðalagi. ■



**SISSEL KYRKJEBÖ** Norska söngkonan heldur tónleika hér á landi í haust.


















# Bíó í boði SPRON

Krakkar






Ótrúlega skemmtileg bíómynd fyrir alla fjölskylduna.

Við ætlum að gefa öllum SPRON Krökkum sem koma og tæma sparibaukinn sinn tvo bíómiða og spennandi vélmennadót.*

Krakkar sem ekki eru þegar með sparireikning hjá SPRON Krökkum geta komið og stofnað reikning í eigin nafni og fengið um leið tvo miða á myndina og spennandi vélmennadót með.*

Komdu sem fyrst í næsta útibú SPRON og tryggðu þér bíómiða og vélmennadót.

Góða skemmtun!



spron – fyrir allt sem þú ert

*Gildir á meðan birgðir endast.

Himinn og haf / SÍA

Vélmenni verður frumsýnd 18. mars í Smárabíói, Regnboganum, Laugarásbíói, Borgarbíói Akureyri, Selfossbíói og Sambíóunum Keflavík og gilda miðarnir á hvaða sýningu sem er.







# Sú myrkasta og ofbeldisfyllsta

Leikstjórinn George Lucas segir að sjötta og síðasta Star Wars-myndin, Revenge of the Sith, verði sú myrkasta og ofbeldisfyllsta af þeim öllum. Talið er líklegt að myndin verði sú fyrsta í seríunni til að verða bönnuð börnum.

„Ég myndi ekki taka 5 eða 6 ára barn með mér á hana," sagði Lucas í þættinum 60 mínútur. „Hún verður öruggléga bönnuð innan 13 ára." Að sögn Lucas verður lítið um skondnar persónur í þessari mynd á borð við Ewok-stríðshnoðrana í Return of the Jedi eða Jar Jar Binks í Phantom Menace.

Revenge of the Sith segir frá umbreytingu Anakin Skywalker í Svarthöfða. „Við munum sjá hann gera samning við djöfulinn," sagði Lucas og bætti því við að myndin væri einnig sorglegri en þær fyrri. Stjörnustríðið er væntanlegt í kvikmyndahús í maí. ■




**DARTH VADER** Anakin Skywalker umbreytist í Svarthöfða í nýjustu Star Wars-myndinni.

# Rokkveisla á Gauknum

Hljómsveitirnar Future Future, Days of Our Lives, Ask the Slave og Reykjavík! leiða saman hesta sína á Gauki á Stöng í kvöld.

Future Future er framsækin post-hardcore rokkhljómsveit sem hefur vakið töluverða athygli að undanförnu.



**FUTURE FUTURE** Rokksveitin Future Future verður á Gauknum í kvöld.

Fyrsta plata sveitarinnar er væntanleg í sumar. Hljómsveitin skartar nýjum bassaleikara sem er að leika á sínum þriðju tónleikum með sínum nýju félögum.

Days of our Lives hefur verið með nokkur lög í spilun í útvarpi að undanförnu og ætlar að gefa út EP-plötu á næstunni.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00 og er 18 ára aldurstakmark. ■






# Vélmenni með tilfinningar

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Ég hef lengi átt í ástar-haturssambandi við Daft Punk. Oft fundist þeir of vélrænir og sálarlausir til þess að heilla. En svo þegar þetta sekkur inn, þá eru það einmitt þeir þættir sem eru mest heillandi við þá.

Eins og tilfellið virðist vera með flesta raftónlist er hún hætt að hljóma ný í eyrum okkar. Eftir síðustu fjóra áratugi af hljóðgervlum og haf sveifluhljóða eru eyru okkar byrjuð að kannast við flest skúmaskot sem gervlarnir geta leitt okkur í. Þar sem fá tæknileg atriði geta fengið okkur til að hoppa hæð okkar er eins gott að rafsveitirnar skili af sér lögum sem eitthvað er varið í. Daft Punk gerir það.

Það sem meira er, Daft Punk er búin að þróa sinn eigin auðþekkjanlega stíl. Fáar aðrar sveitir myndu þora að nota ELO-legar raddir, einfalda takta og effekta sem aðalverkfæri sín í dag. Ég ber virðingu fyrir þessu.

Ég ber líka virðingu fyrir kaldhæðni plötutitilsins. Það virðist einnig vera þema í gegnum plötuna að gera grín að því hversu mikil vélmennatónlist þetta er. Á upphafslagi plötunnar syngur einmanaleg vélræn rödd orðið Emotion, aftur og aftur. Ekki annað að hægt en að finna til með því.

En á endanum er það náttúrlega bara staðreynd að jafnvel þótt þessi tónlist væri gerð alfarið af tölvum eða vélmennum væri hún bara skrambi góð.

**Birgir Örn Steinarsson**




**DAFT PUNK:**
HUMAN AFTER ALL

**NIÐURSTAÐA:** Daft Punk náði loksins að sannfæra mig að hér séu tilfinningarikir og skapandi menn á ferð. Bráðskemmtileg plata sem rennur þægilega í gegn frá upphafi til enda.





Bolungarvík – Patreksfjörður – Hvammstangi – Stykkishólmur – Ólafsvík – Grundarfjörður – Ólafsfjörður – Vopnafjörður – Fáskrúðsfjörður – Djúpivogur – Hellissandur – Rif – Kirkjubæjarklaustur – Suðureyri – Flateyri

Með ADSL-væðingu ofangreindra bæjarfélaga hefur Síminn gefið íbúum þeirra kost á að horfa á SkjáEinn og fjölda erlendra sjónvarpsstöðva í stafrænum gæðum.

Síminn sendir þeim hamingjuóskir!

SKJÁREINN

Við hjálpum þér að láta það gerast

Síminn

## VIÐ TÆKIÐ | Getið þið ekki betur?

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** SPYR SPURNINGAR SEM HANN GETUR EKKI SVARAÐ

Andleysið í framleiðslu sjónvarpsefnis virðist vera að ná nýjum hæðum þessa dagana þar sem spurningakeppnum og misheimskulegum „raunveruleikasjónvarpsþáttum“ er dælt miskunnarlaust út á öldur ljósvakans. Það sem er skuggalegast við þessa steingeldu flóðbylgju aumingjalegrar dagskrárgerðar er að sjónvarpsstöðvarnar hljóta að vera að bregðast við eftirspurn og andleg heilsa sjónvarpsáhorfenda því komin á gjörgæslustig. Annað hvort það eða dagskrárstjórar byggja allar sínar ákvarðanir á markaðsrannsóknum sem eru í jafn miklu sambandi við raunveruleikann og þeir þættir sem kenna sig við hann. Ég kýs að veðja á síðari kostinn. Spurningakeppnir eru svo súrt sjónvarpsefni að fólk hreinlega getur ekki haft alvöru áhuga á þeim. Gettu betur mældist einu sinni svo vel í áhorfi að þátturinn var sýndur á besta tíma um helgar. Nú er þessum ósköpum sjónvarpað á miðvikudögum, sem bendir til þess að almennur áhugi fari dvínandi. Ástæðurnar fyrir því eru sennilega tvær. Annars vegar er umgjörð þáttarins forn og úr sér gengin og það er farið að slá í Gettu betur þó fyrirbærið sé geymt í formalíni í Efstaleitinu. Hins vegar hefur keppnin misst allan sjarma en það gerðist þegar hún varð að atvinnukeppnisgrein innan framhaldsskólanna. Keppnin var fyrst og fremst leikur í gamla daga og bauð þá upp á persónuskopun og tilþrif sem gufa upp þegar skólakrakkar gerast atvinnumenn. Gettu betur er samt hátíð miðað við Jing og Jang skelfinguna á Popp Tíví sem hefur náð þeim vafasama árangri að vera verri en Landsins snjallasti á Skjá einum Spurningakeppni sunnudagaskólabarna á Ómega er einnig skelfilegt sjónvarpsefni en svo krúttleg að ég læt hana liggja milli hluta. En svona í alvöru talað eru spurningakeppnir virkilega málið í dag?


Eru spurningakeppnir virkilega málið í dag?


▶ 22.20 *Saga*

**Desperate Housewives. Húsmóðir í úthverfi í Bandaríkjunum fremur sjálfsmorð og ljóstrar upp leyndarmálum vinkvenna sinna.**


▶ 20.00 *Gaman*

**Strákarnir. Sveppi, Auddi og Pétur Jóhann taka áskorun, fá frægt fólk í heimsókn og sprella og grínast í kvöld.**


▶ 21.00 *Drama*

**Boston Legal. Alan Shore er mættur aftur í réttarsalinn ásamt Töru og Denny Crane.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (3:26)** (Totally Spies I)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Martin læknir (4:6)** (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga.
**20.50** **Hope og Faith (16:25)** (Hope & Faith) Bandarísk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk leika Faith Ford og Kelly Ripa.
**21.15** **Sporlaust (4:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.20** **Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.

**23.05** Af fingrum fram **23.45** Kastljósið **0.05** Dagskrárlok

### 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Jag (e) **13.45** 55 Degrees North (e) **14.40** The Block 2 (e) **15.25** Punk'd 2 (e) **16.00** Kóngulóamaðurinn **16.25** Með Afa **17.20** Vélakrílin **17.25** Leirkarlarnir **17.30** Ljósvakar **17.40** Vaskir Vagnar **17.45** Dísa ljósálfur **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.00** **Strákarnir**
**20.30** **American Idol 4 (20:42)** (Final 12 perform – show 418) Leitin að næstu poppstjörnu Bandaríkjanna er hafin.
**21.15** **American Idol 4 (21:42)**
**21.40** **Race to Space** (Kapp út í geim) Dramatísk fjölskyldumynd sem að hluta er byggð á sönnum atburðum í upphafi sjöunda áratugarins. Hjá geimferðastofnuninni (NASA) er unnið hörðum höndum að undirbúningi Mercury-áætlunarinnar. Í henni felst að simpansa er skotið út í geiminn. Sonur eins vísindamannsins vingast við apann sem er við það að komast á spjöld sögunnar. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.20** Medium (1:16) **0.05** Misbegotten (Stranglega bönnuð börnum) **1.40** In the Name of the Father (Bönnuð börnum) **3.50** Fréttir og Ísland í dag **5.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** The King of Queens (e) **7.30** According to Jim (e) **8.00** America's Next Top Model (e) **8.50** Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp (e) **9.00** Óstöðvandi tónlist

**17.30** Bak við tjöldin – Hitch **17.50** Cheers – 1. þáttaröð (9/22) **18.20** Fólk – með Sirrý (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp** Skoðað verður íbúðarhúsnæði; bæði nýbyggingar og eldra húsnæði en einnig atvinnuhúsnæði, sumarbústaðir og fleira og boðið upp á ráðleggingar varðandi fasteignaviðskipti, fjármálin og fleira. Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30** **Will & Grace (e)**
**20.00** **Malcolm In the Middle**
**20.30** **The King of Queens**
▶ **21.00** **Boston Legal**
**22.00** **The Swan** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir! Fjöldi kvenna hafði áhuga á að vera með en sérstök nefnd valdi úr þær sem líklegastar þóttu til að standast álagið, því eins og flestir vita er vegurinn til fegurðar þyrnum stráður.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain (e) **1.00** Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp (e) **1.10** Cheers – 1. þáttaröð (9/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Bounce **10.00** Groundhog Day **12.00** Monty Python's The Meaning Of Life **14.00** A Rumor of Angels **16.00** Groundhog Day **18.00** Bounce **20.00** Razor Blade Smile (Bönnuð börnum) **22.00** Children of the Corn 6 (Bönnuð börnum) **0.00** Bless the Child (Bönnuð börnum) **2.00** Long Time Dead (Bönnuð börnum) **4.00** Children of the Corn 6 (Bönnuð börnum.)

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny Hinn **8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Í leit að vegi Drottins **10.00** Joyce M. **10.30** Maríusystur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Blandað efni **14.00** Joyce M. **14.30** Freddie Filmore **15.00** Samverustund (e) **16.00** Christian Fellowship **17.00** Ron Phillips **17.30** Gunnar Þorst. (e) **18.00** Joyce M. **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna **21.30** Joyce M. **22.00** Acts Full Gospel **22.30** Joyce M. **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins**21.00** Níubíó. Good Advice **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.45** Biathlon: World Cup Khanty-Mansiysk Russia **15.00** Football: UEFA Cup **16.00** Figure Skating: World Championship Moscow Russia **20.00** Tennis: WTA Tournament Indian Wells **21.30** Football: UEFA Cup **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Boxing

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Wildlife **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Fimbles **14.35** Bill and Ben **14.45** The Story Makers **15.05** Blue Peter Flies the World **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Keeping up Appearances **19.30** Yes Minister **20.00** Clocking Off **21.00** Hitch **22.00** Wildlife **22.30** Happiness **23.00** Two Thousand Acres of Sky **0.00** Wild New World

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for Destruction **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Chimp Diaries **14.00** The Ant That Ate America **15.00** Red Crabs, Crazy Ants **16.00** Zambezi Troop **17.00** Battlefront **18.00** Built for Destruction **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Chimp Diaries **20.00** Zambezi Troop **21.00** Taming the Tigers **22.00** Big Cat Crisis **23.00** Raising of the Hunley **0.00** Interpol Investigates **1.00** Taming the Tigers

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Animal Doctor **12.30** Emergency Vets **13.00** Gelada Baboons **13.30** Up with the Gibbons **14.00** Flying Fox Fairytale **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's My Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Gelada Baboons **19.30** Up with the Gibbons **20.00** Flying Fox Fairytale **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor

**MTV**
**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Newlyweds **19.30** Globally Dismissed **20.00** Boiling Points **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Superock **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Avril Lavigne Rise & Rise Of **20.30** The Olsen Twins Fabulous Life **21.00** Robbin the Cradle All Access **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Vegging Out **13.35** Crime Stories **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** The Review **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Crime Stories **18.45** The Review **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Spicy Sex Files **22.50** Men on Women

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** The Soup **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** E! News Live **13.30** Behind the Scenes **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **18.00** The E! True Hollywood Story **19.00** E! News Live **19.30** Extreme Close-Up **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Life is Great with Brooke Burke **21.30** Fashion Police **22.00** Scream Play **23.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **0.00** E! News Live **0.30** Life is Great with Brooke Burke

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Foster's Home for Imaginary Friends **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Johnny Bravo **16.40** Samurai Jack **17.05** Megas XLR **17.30** Tom and Jerry **17.55** Scooby-Doo **18.20** Looney Tunes **18.45** Ed, Edd n Eddy

**JETIX**
**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies

**MGM**
**13.10** Legend of the Lost **15.00** Strictly Business **16.35** Absolution **18.00** Living on Tokyo Time **19.25** Semi-Tough **21.10** Electric Dreams **22.45** Love is a Ball **0.35** Ski School **2.05** Keaton's Cop **3.40** Ten Seconds to Hell

**TCM**
**20.00** The Outfit **21.40** Hearts of the West **23.20** Objective, Burma! **1.35** The Power and the Prize **3.15** Hot Millions



## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### AMERICAN IDOL 4

*Stöð 2* **kl. 20.30 og 21.15**

*Fjölbreyttur hópur keppir um sigur*



*Fantasia Barrino vann American Idol í fyrra.*

Þá eru bara sex stúlkur og sex piltar eftir í amerísku stjörnuleitinni og í kvöld verður einn að detta út. Spennan magnast með hverjum þættinum en nú eru aðeins þeir bestu eftir og einn mun óneitanlega standa eftir sem nýjasta poppstjarna Bandaríkjanna. Keppendurnir sem eftir eru eru Anthony, Anwar, Bo, Carrie, Constantine, Jessica, Lindsey, Mikalah, Nadia, Nikko, Scott og Vonzell. Í hópnum eru tveir rokkarar sem vekja athygli sem og einn úkraínskur sem minnir óneitanlega á Clay Aiken. Þar eru einnig klappstýrur og tónlistarkennarar þannig að hópurinn er svo sannarlega fjölbreyttur.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sir, I'm the president of the electronics club, the mathematics club, and the chess club. If there is a bigger nerd in here, please point him out."**

**Svar:** Brian Parks úr kvikmyndinni The Day After Tomorrow frá árinu 2004.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Róberti Marshall. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.00** Hrafnaþing – Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Birta – Umsjón Ritstjórn Birtu.

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.50** Auðlind **13.05** Á vegum myndlistarinnar **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Seiður og hélog **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Lestur Passíusálma **22.23** Útvarpsleikhúsið: Amen

**23.15** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert með Talvin Singh o.fl. **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**01.00** *Íþróttir*

**NBA. Bein útsending frá leik Miami Heat og Los Angeles Lakers en búast má við hörkuleik.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.45** David Letterman

**18.30** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.00** **Bandaríska mótaröðin í golfi**
**20.00** **Inside the US PGA Tour 2005**
**20.30** **Þú ert í beinni!**
**21.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notað bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint er frá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fangað. Á meðal umsjónarmanna er Quentin Wilson, einn þekktasti bílablaðamaður Breta.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.15** Boltinn með Guðna Bergs **1.00** NBA. Bein útsending frá leik Miami Heat og Los Angeles Lakers.

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Idol Extra (e) **21.30** I Bet You Will **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e)

**HALLMARK**

**12.00** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **13.45** The Hollywood Mom's Mystery **15.15** Follow the River **17.00** Touched By An Angel II **18.00** Mrs. Lambert Remembers Love **19.30** Law & Order **20.15** Frankenstein **21.45** Cavedweller

**BBC FOOD**

**12.00** Two Fat Ladies **12.30** Dinner in a Box **13.30** Ready Steady Cook **14.00** The Big Stew **14.30** Grigson **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Friends for Dinner **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Neven Cooks **19.30** The Big Stew **20.00** Soul Food **20.30** Floyd On Food **21.00** Grigson **21.30** Rick Stein's Food Heroes **22.00** The Big Stew **22.30** Can't Cook Won't Cook

**DR1**

**12.00** Nærbillede **12.30** Bodybuilder **13.20** Ryd op i dit liv **13.50** Rabatten **14.20** Hvad er det værd? **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **16.00** Mad i kassen **16.15** Abdullahs lampe **16.30** Kim Possible **17.00** Fandango – med Nicolai **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Nyhedsmagasinet **18.30** Lægens bord **19.00** Kender du typen? **19.30** Vilje til sejr **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Det ægte par **21.30** Humorakademiet **22.00** Aspen Delight **22.10** Negermagasinet **22.40** Drabsafdelingen **23.30** Boogie

**SV1**

**12.10** Perspektiv **12.40** Pi **12.55** Snowboard: WC Tandådalen **14.00** Konståkning: VM Moskva **15.00** Rapport **15.05** Konståkning: VM Moskva **17.00** BoliBompa **17.01** Piggley Winks äventyr **17.25** Barnen på Lilla Akademin **17.45** Lilla Aktuellt **18.00** P.S. **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Naturfilm – Det vilda Afrika **21.00** Dokument utifrån: Reklaminfarkt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Orka! Orka! **0.05** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Sissel Kyrkjebö fyrir að heiðra landann með nærveru sinni.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**JÓNÍNA SOFFÍA TRYGGVADÓTTIR, ÍSLANDSMEISTARI KAFFIBARÞJÓNA**

# *Franska, Björk, kaffi og Kolaportið*

**TÓNLISTIN** Ég hef breiðan tónlistarsmekk en er hrifnust af íslenskum tónlistarmönnum, einkum *Björk, Gusgus* og *Jagúar*. Hef sótt tónleika með þessum listamönnum og í kjölfarið orðið mikill aðdáandi. Heima hlusta ég mest á þessa tónlist og ekki síst *Björk* sem veitir mér mikinn innblástur þegar ég mála bollana mína.

**BÓKIN** Eins og mörgum fannst mér *Da Vinci-lykillinn* spennandi. Ég las í framhaldi *Engla og djöfla* og þótti góð, en á náttborðinu núna liggur *Bella Donna-skjalið*. Ég hrífst af ráðgátum og spennusögum og les oftar en ekki mér til skemmtunar á sumrin, en meira námsbækur og kaffifróðleik á veturna.

**BÍÓMYNDIN** Sá *Leon* eftir Luc Besson í flensunni um daginn. Mér þótti hún frábær afþreying, en fer annars sjaldan í bíó og alls ekki á amerískar vellumyndir. Sá margar mjög góðar á frönsku kvikmyndahátíðinni.

**BORGIN** Kaupmannahöfn er æðisleg og í algjöru uppáhaldi hjá mér. Temmilega víðfeðm, full af vellíðan og ekki of mikil stórborg.

**BÚÐIN** Kolaportið. Ég er mikill gramsari og leita uppi markaðsstemningu, eins og ég kynntist þegar ég bjó í Belgíu og Danmörku. Það finnast dýrgripir í Kolaportinu, ég fékk þar til dæmis uppáhaldsrefaskinnið mitt sem ég prúttaði niður í 700 krónur, ekta feld. Ánægjulegast finnst mér að hafa fyrir því að leita að hlutunum.

**VERKEFNIÐ** Fram undan er heimsmeistaramót kaffibarþjóna í Seattle í Bandaríkjunum 15. til 18. apríl. Dagarnir núna fara í undirbúning og fínpússeringar, og kannski þróa ég nýjan kaffidrykk. Þetta er í senn spennandi og skemmtilegt, sem skiptir öllu máli.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**Lárétt:**
2 sleipa, 6 bókaforlag, 8 hrós, 9 lærði, 11 tónn, 12 pár, 14 heilmikið, 16 utan, 17 fljótið, 18 fljótfærni, 20 greinir, 21 karlfuglar.

**Lóðrétt:**
1 efni, 3 málmur, 4 hrósaði, 5 forföður, 7 tignarmenn, 10 flugfélag, 13 á hlið, 15 hluta, 16 tímabila, 19 átt.

**Lausn:**
**Lárétt:** **2** hála, **6** ab, **8** lof, **9** las, **11** fa, **12** krass, **14** ósköp, **16** án, **17** ána, **18** ras, **20** gr, **21** arar.
**Lóðrétt:** **1** kalk, **3** ál, **4** lofsöng, **5** afa, **7** barónar, **10** sas, **13** ská, **15** part, **16** ára, **19** sa.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. 180 þúsund manns.
2. Um hundrað þúsund.
3. Ibrahim Rugova.









HÓLMGEIRSDÆTUR ERU AÐ VERÐA ÞEKKTAR Í KAUPMANNAHÖFN




MARSHEFTI DANSKA TÍMARITSINS EUROWOMAN

HÓLMGEIRSDÆTUR: STIMPLA SIG INN Í KAUPMANNAHÖFN

# Aftur í Eurowoman

Hönnunarsysturnar Hrafnhildur og Bára Hólmgeirsdætur opnuðu verslun í Nørrebro í Kaupmannahöfn í lok síðasta árs. Óhætt er að segja að þær hafi fengið góðar viðtökur í borginni og hróður þeirra hafi borist hratt og vel út. Í nýjasta hefti danska tískutímaritsins Eurowoman er skemmtilegt viðtal við þær systur þar sem þær tala til dæmis um upphafið. Fram kemur að þær hafi byrjað að sauma sér föt því það hafi fengist svo ljót föt í bænum sem þær ólust upp í. Þar hafi bara verið ein verslun, sem hafi ekki átt upp á pallborðið hjá þeim. Hrafnhildur og Bára hafa starfað við hönnun síðan árið 2000, en þær stimpluðu sig rækilega inn þegar þær tóku þátt í tískusýningunni Futurice sem haldin var í Bláa lóninu sama ár. Síðan þá hafa þær selt hönnun sína í Lundúnum, París, Tókýó, Hong Kong og á Ítalíu. Björk ber á góma í viðtalinu sem eina af vinkonum þeirra og fram kemur að Hrafnhildur hafi starfað sem stílisti í myndböndum söngkonunnar. Hrafnhildur vill þó ekki gera of mikið úr því í viðtalinu enda sé Björk mjög skapandi sjálf og fari sínar eigin leiðir. Hrafnhildur og Bára segjast vera hrifnar af hönnun Jeremy Scott og Marjan Pejoski en hönnuðina þekkja þær báðar persónulega. Í Eurowoman er einmitt mynd af gulljakka í eigu Hrafnhildar sem kemur úr smiðju Jeremy Scott. Spurningunni af hverju þær hafi numið land í Kaupmannahöfn er svarað. Sambýlismaður Báru, sem er jógakennari, var á leið til borgarinnar í meira nám og ákvaðu þær systur að skella sér báðar með ásamt þriðju systurinni, Sigrúnu, sem sér um reksturinn á fyrirtækinu. Það er því sönn fjölskyldustemmning í höfuðborginni í bland við fríkaða tískustrauma.

martamaria@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Markús Örn Antonsson** útvarpsstjóri er í sjálfheldu eftir að hafa ráðið **Auðun Georg Ólafsson** í stöðu fréttastjóra Fréttastofu Útvarps enda gengur honum illa að verja gjörninginn og hefur fyrir vikið fengð 93% starfsmanna upp á móti sér. Staða Markúsar batnaði sízt eftir að hann reyndi að réttlæta ráðninguna í Kastljóssviðtali við **Sigmar Guðmundsson** og **Eyrúnu Magnúsdóttur** á mánudaginn. Orðin sem hann lét falla virkuðu sem olía á óánægjubálið sem geisar í Efstaleitinu. Fréttablaðinu hefur borist þessir vísustúfar um þetta sögulega spjall sem eignaðir eru **Hallgrími Helgasyni**:





*Malar kvörnin Markús Örn*
*um málið fréttastjóra*
*á Kastljósbörnin beitir vörn*
*í boði VÍS og Dóra*

**Símon Birgisson**, einn vaskasti rannsóknarblaðamaður DV, skrifaði á dögunum svokallað „sandkorn" í blað sitt þar sem hann greindi frá því að Kaffibarinn hefði orðið illa úti í skattrannsóknarrassíu sem lögreglan gerði á nokkrum skemmtistöðum í byrjun mars. Síðar kom á daginn að Kaffibarinn var ekki á árásarlista yfirvalda og stemmningin á þeim bænum öll hin besta. DV hefur þegar beðist velvirðingar á mistökunum en blaðamaðurinn er ekki búinn að bíta úr nálinni og hefur verið settur í bann á Kaffibarnum og þeir sem þar fara með lyklavöld tala digurbarkalega um það á götum Reykjavíkur að það þýði ekkert fyrir Símon Birgisson að freista inngöngu þar með þetta litla sandkorn á samviskunni.








# Bað fyrir nýráðnum fréttastjóra

Sigurbjörn Þorkelsson, rithöfundur og framkvæmdastjóri Laugarneskirkju, bað fyrir Auðuni Georg Ólafssyni, nýráðnum fréttastjóra Ríkisútvarpsins, í hádegisþætti Talstöðvarinnar á laugardaginn var. Sigubjörn sendi nýlega frá sér bænabókina Í skugga vængja þinna sem inniheldur 99 bænir sem geta átt við í margsnúnum aðstæðum lífsins. Hann fór með bænina fyrir fréttastjóranum að beiðni þáttastjórnenda og fórst það vel úr hendi. Fréttablaðið birtir hér bænina í heild sinni:



**AUÐUN GEORG ÓLAFSSON** Nýráðinn fréttastjóri Útvarpsins fékk óvænta bæn á Talstöðinni á laugardaginn.



**SIGURBJÖRN ÞORKELSSON** Hefur gefið út þrettán bækur, þar af tvær bænabækur. Sú síðasta er Í skugga vængja þinna.

### Bæn fyrir fréttastjóra útvarpsins

*Kæri drottinn Jesús!*

*Við þökkum þér fyrir að við fáum að leggja allt sem á okkur hvílir á þínar herðar. Þú hefur boðið okkur að gera það. Á þessari stundu leggjum við nýráðinn fréttastjóra, hann Auðun Georg Ólafsson, fram fyrir þig. Viltu vitja hans, viltu uppörva hann og styrkja. Viltu gefa honum friðinn þinn og hjálpa honum að finna að hann hvílir í þínum faðmi. Viltu gefa að þessi erfiðu mál sem hann stendur frammi fyrir – við að mæta í vinnuna sem hann hefur verið ráðinn til að gera – viltu gefa að þau mættu leysast.*

*Viltu einnig blessa samstarfsfólkið sem er ætlað að vinna með honum og stofnunina alla sem á að halda utan um hann. Viltu koma inn í þessar erfiðu aðstæður og viltu gefa að menn megi fara heilir frá borði, hver og einn, sáttir við sjálfa sig og alla menn.*

*Í Jesú nafni.*

*Amen.*



VÉLAR OG TÆKI

HREINLÆTISVÖRUR

PAPPÍR OG PLAST

BORÐBÚNAÐUR

KAFFISTOFUVÖRUR

SKRIFSTOFUVÖRUR

VINNUFATNAÐUR

RAFHLÖÐUR OG LJÓSAPERUR

GLUGGAFILMUR

HJÚKRUNARVÖRUR

TUNGLIÐ RV2031

REKSTRARVÖRULISTINN ER KOMINN ÚT




**Rekstrarvörur**

*- vinna með þér*

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

# Átröskun

Tvisvar sinnum fleiri börn greindust með átröskun á síðasta ári en árið áður. Átröskun er ástand þar sem matur og útlit fær óeðlilega mikla merkingu fyrir fólk svo að það verður sjúkt. Fólk ýmist treður í sig mat eða sveltir sig. Svo er til fólk sem treður í sig mat og ælir honum jafnóðum upp aftur. En þetta er bara birtingarformið. Á bakvið þetta er manneskja sem er hrædd og týnd, full sjálfsfyrirlitningar og ranghugmynda, ein í guðlausum heimi.

**UNGAR** stúlkur svelta sig til dauða. Enda fá þær þau skilaboð frá umhverfinu að þær verði ekki samþykktar nema þær séu mjóar. Hver vill verða eins og feitu og óhamingjusömu kellingarnar í Vikunni? Viljum við ekki frekar vera eins og glaða fólkið sem missti kíló? Og á næstu blaðsíðu er svo kökuuppskrift. Þetta er svo sjúkt. Við höfum afneitað mannslíkamanum.

**ÉG** sá auglýsingu um daginn þar sem var verið að auglýsa Sims tölvuleik. Framan á hulstrinu er mynd af hamingjusamri stúlku með anorexíu sem á í samræðum við myndarlega stráka. Sims er vinsæll leikur á meðal unglingsstúlkna. Ég er ekki að segja að þetta sé tölvuleikjum að kenna heldur er þetta bara eitt birtingarform sjúkleikans.

**ÆSKU-** og líkamsdýrkun og útlitskjaftæði veður uppi alls staðar. Mönnum er meira umhugað um hvernig þeir líta út að utan heldur en hvernig þeim líður að innan. Þetta heitir yfirborðsmennska. Og þar erum við. Við erum fangar okkar eigin yfirborðsmennsku og ótta. Hvað gleður það að fá fallegan pakka ef ekkert er í honum? Ég held að Djöfullinn ráði mikið meiru í heiminum en við gerum okkur grein fyrir.

**EN** það er ekki nóg að efla heilbrigðisþjónustuna. Fólk þarf að vakna til meðvitundar um að þetta er andlegur sjúkdómur og verður aðeins læknaður eftir andlegum leiðum. Þetta er okkur öllum að kenna, lifnaðarháttum okkar og hugsunarhætti. Við þurfum að hætta að taka þátt í þessu, annars verða afleiðingarnar hræðilegar. Hættum að hampa fólki sem hefur ekkert fram að færa annað en líkamlegt úlit. Ef fólk væri jafn duglegt að rækta andann eins og það ræktar líkamann þá mundi þetta vandamál minnka. Svarið er Guð. Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman.





